




ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS
2003-2006



Kæru félagar!

Jæja, þá er biðin langa á enda!

Ársrit Ísalp fyrir árin 2003-2006 er loksins komið út. Hefur þess verið beðið með óþreyju í hartnær fjögur ár. Dugmiklir menn sem komu að síðustu ársritum sneru sér að öðru en engir tóku við keflinu af þeim. Árin liðu og lítið þokaðist í málefnum ársritsins fyrr en síðastliðin vetur að ný stjórn tók við rekstri Ísalp. Nýju stjórninni varð það strax ljóst að áhugi félaga fyrir ársritinu var mikill og óánægju gætti með viðvarandi framtaksleysi í útgáfumálunum. Stjórninni var því ekki til setunnar boðið og hófst undirbúningur útgáfunnar strax á vormánuðum. Drifandi menn buðu sig fram í verkið og fljótlega var ákveðið að gefa út veglegt ársrit fyrir árin 2003-2006 og stefna að því að koma út ársriti fyrir árið 2007 í ársbyrjun 2008.

Eins og gefur að skilja fylgja nýjum mönnum nýjar áherslur. Tálnaþyrstir sófasherpar eiga ugglaust eftir að sakna ársreikninganna en klifurgraðar rokkstjórnur gleðjast vonandi yfir veglegum leiðarvísunum að áður óskjöluðum klettaklifursvæðum. Fjölbreyttar greinar eftir klúbbfélaga eru fyrirferðamiklar nú sem endranær en samantekt á formlegri starfsemi klúbbsins undangengin ár er látin sitja á hakanum.

Í gegnum árin hefur helsta skrautfjöður ársritsins verið greinargóður annáll um íslenska fjallamennsku hér heima og erlendis. Á því er engin undantekning í þessu riti og er annállinn með lengsta móti að þessu sinni, þótt eflaust sé hann ljoka eitthvað glöppóttari en áður þar sem eitthvað hefur snjóað yfir túnin í langtímaminni fjallamanna.

Við í ritnefnd þökkum öllum þeim sem hafa sent okkur greinar, myndir og fréttir í ritið. Um leið hvetjum við alla félaga til að láta vita af afrekum sínum hér heima sem erlendis. Það leyntist margur góður penninn og lipur ljósmyndarinn í röðum Ísalpara. Ársrit Ísalp er kjörinn vettvangur til að láta ljós sitt skína. Greinar þurfa ekki að fjalla um stórkostleg þrekvirki til að vera skemmtilegar.

Fyrir hönd ritstjórnar

Skarphéðinn og Sigurður Tómas

Stjórn ÍSALP 2007

(stjorn@isalp.is)

Freyr Ingi Björnsson (Formaður)
freyr_ingi@hotmail.com 868-8203

Viðar Helgason: (Formaður skálanefndar)
vidarhelga@internet.is 896-8203

Skarphéðinn Halldórsson (Ritari)
skabbi@gmail.com 864-5834

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir (Umsjónarmaður dagskrár)
sveinborg@hotmail.com 695-7581

Ágúst Kristján Steinarrsson (Gjaldkeri)
agusts@internet.is 824-5846

Smári Stefánsson (Fréttastjóri)
smaristef@khi.is 862-5614

Þorvaldur Þórrson
olli@vistor.is 824-7195

Efnisyfirlit

Tilurð Íslenska Alpklúbbsins	4
- Fyrsti formaður félagsins fer yfir árdaga þess í stuttu máli	
Krak og skak í Pakistan	10
- Ferðasaga Sveins Friðriks og Hálfðans í hlýjan faðm Talibana	
Eitt og annað um skoska fjallamennsku	18
- Gúmmjarnið fráðir okkur um skosku hálöndin	
Anna Svavarsdóttir á Cho Oyu	22
- Viðtal Helga Borg við Önnu Svavarsdóttur	
Dýrin á Ísöld	27
- Ferðasaga á Örafajökul í fjórum þáttum	
Rjukan	34
- Ísklifur eins og það gerist best í Noregi	
Jarðfræði helstu klettaklifursvæða á Íslandi	38
- Hallgrímur Örn Ljósarar upp leyndardómum grjótsins	
Ceüse	44
- Róbert og Björnsson-bræður feta í fótspor Chris Sharma	
Bjarnarfjörður, grjótglímusvæði á Ströndum	50
- Falinn fjársjóður fyrir grjótpyrsta glímukóna	
Ohhh þetta er svo gott brandýl!	53
- Hjalti Rafn segir sögur af ólýsanlegum munaði í El Chorro	
Saugart Satans	58
- Lýsing á leið Hrapps og Herra Rock í Vestrahorni	
Austurveggur Þverártindseggjar	65
- Einar Örfæingur segir af ferð þeirra Ívars á Eggina	
Eldfjallabrölt í Guatemala	60
- Björgvin H skygginn í iður jarðar á ferðalagi um S-Ameríku	
Tröllaskaginn allur!	70
- Gengið á tinda Tröllaskagans með Olla	
Munkaþverá í Eyjafirði	74
- Leiðarvísir að sportklifursvæði í botni Eyjafjarðar	
Gerðuberg á Snæfellsnesi	78
- Leiðarvísir að stórgöðu dótaklifursvæði í Hnappadalssýslu	
Annáll íslenskrar fjallamennsku	82
- Það markverðasta sem gerðist í íslenskrar fjallamennsku á árunum 2003-2006	

ÚTGEFANDI

Íslenski Alpklúbburinn
Súðarvogi 1G, 104 Reykjavík
(Pósthólf 1054, 121 Reykjavík)

RITNEFND

Sigurður Tómas Þórisson - 860 7467
Skarphéðinn Halldórsson (ábm.) - 864 5834
Róbert Halldórsson - 866 2235
Freyr Ingi Björnsson - 868 8754

FORSÍÐUMYND

Guðmundur Óli Gunnarsson (Góli)
Hlynur Stefánsson þelar lausamjöllina í Galtúr í Tyrol-héraðinu í Austurríki í febrúar 2006

UMBROT

Völundur Jónsson

PRENTUN
Prentmet

Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta eða breyta greinum sem birtast í ársritinu.

STEFNDU HAERRA



www.cintamani.is

Tilurð Íslenska Alpaklúbbbsins



*Sighvatur Blöndahl
fyrsti formaður ÍSALP*

“Ykkar félagar koma flestir frá Hollandi og Danmörku,” sagði Fritz Moravec skólastjóri háfjalla-skólans í Kaprun í Austurríki, þegar við mættum á svæðið síðla júnímánaðar 1974. Þetta fannst okkur félögunum fjórum frá Íslandi í meira lagi undarlegt, fara að læra fjallamennsku með mönnum frá löndum eins og Hollandi sem liggur að hluta til undir sjávarmáli og Danmörku þar sem hæsta fjallið nær ekki 200 metrum. Þetta voru fyrstu raunverulegu kynni okkar félaganna af Alpalöndunum það er undirritaðs, Helga Benediktssonar, Einars Hrafnkels Haraldssonar og Hlyns Möller. Þessi hópur myndaði síðan fyrstu stjórn ÍSALP eftir stofnfundinn 11. mars 1977 ásamt Guðmundi Inga Haraldssyni.

Fjölmarginir góðir fjallamenn

Hvað varðar Hollendingana og Danina reyndust margir þeirra hinir bestu fjallamenn og tveir af dönsku félögunum komust í fremstu röð í háfjallamennsku á alþjóðavettvangi. Það kom í ljós að í Danmörku var starfandi virkur Alpaklúbbur sem hafði það að aðalmarkmiði að efna til ferða í Alp-ana og yfir til Svíþjóðar og Noregs í fjallaferðir. Það má segja að formaður danska Alpaklúbbsins, sem var jógóslavneskur innflytjandi í Danmörku, Peter að nafni, hafi ýtt rösklega við okkur, því við höfðum rætt það okkar í millum að stofna klúbb á Íslandi, en ekkert orðið úr. Við áttum langar samræður við Peter meðan á dvöl okkar stóð í Kaprun og síðan var farin heimsókn í höfuðstöðvar Danska Alpaklúbbsins eða „Dansk Bergklub“ í miðborg Kaupmannahafnar næsta vetur.

Eyddum sumrinu í Ölpunum

Við félagarnir fjórir eyddum síðan restinni af sumrinu í Sviss og Frakklandi eftir veruna í Austurríki. Það varð ekki aftur snúið, við urðum helteknir af fjallabakteríunni, þó hún hafi verið svæsin fyrir. Við enduðum sumarið í septemberbyrjun með því að þramma á Mont Blanc í tæplega 30 gráðu frosti.

Flestir innan björgunarsveitanna

Þegar umræðan um stofnun ÍSALP hélt áfram fóru að koma að umræðunni fleiri sem stunduðu fjallamennsku á þessu tímabili, en flestir voru þeir starfandi innan björgunarsveitanna. Við viðuðum að okkur efni frá fjölmörgum alpaklúbbum í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Það var þegar ljóst að starfsemi þeirra var hátt að mjög mismunandi vegu, allt frá því að vera „snobbsklúbbar“ finna

herramanna yfir í grasrótarklúbba þar sem félagarnir stunduðu fjallamennsku af ákafa.

Ferðir og undirbúningur

Það má segja að næsta tvö og hálf árið hafi farið í að kynna sér starfsemi af þessum toga og hefja undirbúning að stofnun ÍSALP í rölegheitunum. Fjallamennskan hér á landi tók miklum og stórstígum framförum á þessum árum og menn sóttu í auknum mæli til útlanda í ævintýraleit. Sumarið 1975 fór hópur úr Hjálparsveit skáta í Reykjavík í sumarferð um Evrópu og rölti hluti hópsins á Mont Blanc í lok ferðar. Nokkrir urðu frá að hverfa vegna fjalla-veikinnar alræmdu. Komust í liðlega 4.200 hæð, en urðu frá að hverfa, þótt aðeins væru liðlega 600 m eftir.

Áfram héldu menn að láta sig dreyma og úr varð að hópur íslenskra fjallamanna sigraðist á Matterhorn í júlíbyrjun 1976, fyrstir landsmanna. Það má eiginlega segja að vinnan við þann leiðangur hafi verið lokahnykkurinn að stofnun ÍSALP, utan ýmis konar handavinnu næstu mánuðina.

Mun fleiri stofnfélagar

Við sem að þessu stóðum vorum lengi vel að gæla við þá humynd að við fengjum á bilinu 30-50 stofnfélaga á aðalfundinn sem hafði verið dagsettur 11. mars 1977.



Á tindri Mont Blanc í septemberbyrjun 1974. Fv. Sighvatur Blöndahl og Einar Hrafnkell Haraldsson.

Hnútaæfingar í Há-
fjallaskólanum í Kapb-
run í Austurríki.



Góður hópur við
æfingar í Gígíðkli
Eyjafjallajökuls.



Við gerðum hvað við gátum til að kynna stofnun-
ina. Það fór að stórum hluta í gegnum Skátabúðina
sálugu, þar sem allir fjallamenn komu reglulega við.
Þá kynntum við starfsemina í björgunarsveitunum,
sérstaklega á Suðvesturhorninu og komumst inn í
Morgunblaðið með stutta kynningu. Reyndar hafði
Mogginn verið okkur mjög hliðhollur hvað varðaði
umfjöllun um Alpaferðirnar og reyndar annað sem
laut að fjallamennskunni.

Við pöntuðum lítinn sal á Hótel Esju sem var
og hét, en þegar til átti að taka mættu mun fleiri en
við höfðum gert ráð fyrir og sameina varð tvo sali
hótelsins. Stofnfélagar reyndust vera langleiðina
í 150 eða mun fleiri en bjartsýnustu menn höfðu
þorað að vona. Á fundinum kynntum við starfsemi
erlendra alpaklúbba og hvernig þeir störfuðu og
kynnt voru drög að lögum fyrir Íslenska Alpaklúbb-
inn, ÍSALP.

Fyrsta stórn ÍSALP var kjörin á fundinum
og hana skipuðu; Sighvatur Blöndahl formaður,
Helgi Benediktsson varaformaður, Einar Hrafn-
kell Haraldsson gjaldkeri, Hlynur Möller ritari og
Guðmundur Hrafnkell Haraldsson spjaldskrár-
ritari. Eitt fyrsta verk nýrrar stjórnar var að fá hinn
valinkunna listamann og björgunarsveitarmann
Valgarð Gunnarsson til að hanna og teikna merki
klúbbsins, sem ég leyfi mér að fullyrða að sé eitt
það best heppnaða sem nokkur Alpaklúbbur getur
státað af.

Eiger sigraður

Fyrr um veturinn höfðum við komið á samstarfi
við Svissneska Alpaklúbbinn, sem er einn sá öflug-
asti í heimi. Þar er bæði stunduð metnaðarfull


fjallamennska, auk þess sem klúbburinn er með
eigin fjallabjörgunarsveitir. Undirritaður og Helgi
Benediktsson, sem voru þá starfandi í fjallabjörg-
un hér heima, ákváðum að sameina ferð til Sviss
þar sem við tækjum þátt í árlegri björgunaræfingu
Svisslendinganna í Grindelwald við rætur Eiger-
tinds og skella okkur síðan á þennan nafntogaða
tind. Okkur var tekið með kostum og kynjum sem
forvígismönnum fyrir nýjum Alpaklúbbi.

Okkur var boðið á lúxushótel um kvöldið þegar
við mættum á svæðið og síðan hófst æfingin, sem
stóð í þrjá daga. Þetta var fyrripartinn í júní og
því leist þeim svissnesku félögum okkar ekkert á
að við skyldum ætla að reyna við Eigerinn, ekki
síst þar sem talsvert hafði snjóað í fjöllin undan-
farið. Við létum það sem vind um eyru þjóta,
hefðum kannski átt að hlusta aðeins betur. Við
vorum varla búnir að koma okkur fyrir á tindin-
um í blíðskaparveðri til myndatöku þegar mikil
snjócoma skall á. Eftir nokkra íhugun komumst
við að þeirri niðurstöðu að ekki væri ráðlegt að
fara niður vesturhlið fjallsins sem við höfðum
komið upp vegna snjóðflóðahættu. Við ákváðum
því að „bivakka“ undir tindinum um nóttina og
sjá til með framhaldið. Snjónum kyngdi stöðugt
niður og þegar liða tók á nótt og fór aðeins að
birta var þolinmæði hinna ungu manna á þrotum
og við tókum þá ákvörðun að fara hrygginn frá
Eiger yfir í Jungfrauojock þar sem snjóflóðahætt-
an væri ekki eins mikil. Það er talið eðlilegt að
vera á bilinu 1-3 klukkutíma að fara þessa leið við
eðlilegar aðstæður, en klukkutímarnir urðu þrett-
án. Við urðum bókstaflega að skafa allan snjó af
klettunum yfir hrygginn til að finna tryggingar
og ekki tók betra við þegar sléttan frá hryggnum

yfir í Jungfrauojock var farin. Það hafði snjóað slíkt að á köflun var snjórinn í mitti. En allt fór vel á endanum og við komum niður í Grindelwald um kvöldmatarleytið, lúnir en sátir. Góð ferð í tilefni stofnunar ÍSALP og ekki skemmdi að vera fyrstir Íslendinga til að sigra tindinn.

Fjallamenn í fremstu röð

Á þessum 30 árum sem liðin eru frá stofnun ÍSALP hefur mikið vatn runnið til sjávar og fjallamönnum fjölga stöðugt og við eigumst sífellt fleiri fjallamenn í fremstu röð. Það var ekki hugmyndin að ég fjallaði um söguna, heldur aðeins upphafið og hvernig króginn varð til. Það væri hægt að hafa þessi orð mun lengri, en ég læt hér staðar numið. ■



Hópurinn sem var fyrstur til að klífa Matterhorn 1976. Fv. Sighvatur Blöndahl, Pétur Ásbjörnsson, Helgi Benediktsson, Ágúst Guðmundsson og Arngrímur Blöndahl. Á myndina vantar myndasmiðinn Ágúst Jóhannsson. Matterhornið gnæfir yfir af jöklinum fyrir neðan Breithorn.

①



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

④

① Tindfiöll

② Minnir að Baruntse sé barna í bakgrunni. Annars bara ég, líka fallegur að aftan!

③ Hvannadalshryggur séður ofan af Dyrhamri. Virkisjökull og Svínahryggur í baksýn



Ívar Freyr Finnbogason

⑥



Sigurður Tómas Þórisson

⑦

④

Guðmundur Freyr Jónsson



⑤

Ívar Freyr Finnbogason



⑥



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

④

Friður hópur göngumanna á Glerárdalshringnum 2007

⑤

Makalu í bakgrunni, tekið af Island Peak. Smá sárabót að vera einungis 5 tíma upp frá grunnbúðum og skilja alla "túrhestana" eftir í ryki!

⑥

Á leið á Hvannadalshnjúk. Neðri- og efri Dyrhamar gnæfa yfir


⑦

Mikil gróska hefur verið í námskeiðahaldi Ísals sem nú er í samvinnu við ÍFLM. Frá jöklanámskeiði vorið 2006.

⑧

Hálf dán Ágústsson nálgast Suðurtind Hríffjallstinda eftir góðan dag á fjöllum!

⑦



Ívar Freyr Finnbogason

⑧



Stefán Örn Kristjánsson

Krak og skak í Pakistan

Sveinn Friðrik Sveinsson & Hálf dán Ágústsson

Myndir: Sveinn Friðrik Sveinsson, Stefán Örn Kristjánsson,
Helgi Tómas Hall & Hálf dán Ágústsson.

Tímaskyn og hefðbundnar hugmyndir um lífið og tilveruna þvælast fyrir þér í Pakistan. Þú verður að slökkva á allri hugsun og útiloka allt sem þú taldir rétt og dagsatt. Kannski hjálpar að sjá fyrir sér stillimyndina í sjónvarpi allra landsmanna - með hljóði. Svo er bara að bíða og opna hugann, sjá hvað er á dagskránni og njóta þess.

Hitinn er nær 10 sinnum meiri en á hressandi haustdegi á ástkæru Ísafold. Taktur lífsins er 10 sinnum hægari. Okkur virðist þráðurinn í heimamönnunum vera 10 sinnum styttri, ásamt því að lætin og handapatið er 10 sinnum meira en við þekkjum. Lykt og hljóð eru yfirgnæfandi. Lífsgildin og menningin eru allt önnur en það þýðir ekki að æsa sig yfir neinu. Þetta venst smám saman og auðvitað reddast allt. Svona er þetta bara, Inshallah.

Tökum dæmi

Eftir allnokkurt ráðabrudd ákveða Helgi Tómas Hall og Stefán Örn Kristjánsson (Steppo) að það sé tímabært að Íslendingar haldi aftur í viking til Pakistan. Þeir bjóða Hálfadáni Ágústssyni og Sveini Friðriki Sveinssyni (Sissa) með og teymið er fullskipað. Það fer mikill tími í að liggja yfir kortum og bókum, það er æft stíft jafnt innanhúss sem utan-, og þær eru ófáar undirbúningsferðirnar á íslensku fjöllin, klettana og ísinn. Leitað er styrktaraðila, fróðir menn eru spurðir ráða og það fer dágóð summa í nesti og nýja skó.

Drengirnir hoppa upp í flugvél með 250 kíló af dóti og allt gengur vel þar til þeir lenda í Islamabad, höfuðborg Pakistan. Þá labba þeir á vegg, 45 gráðu heitan og rakan eftir því. Þetta slær nokkuð þróttinn úr mönnum af norðurhara, nýkomnum yfir hálfan hnöttinn. Síðan mega þeir bíða rólegir í góða stund á meðan óðamála, einkennisklæddir og þungvopnaðir landamæraverðir spyrja sömu spurninganna aftur og aftur, og handapatið er Íslendingunum alveg óskiljanlegt.

Spurt er:

“Af hverju eruð þið ekki með vegabréfsáritun?”

Við vissum að þetta yrði vesen en örvæntum ekki og svörum auðmjúkir: „Ísland þarf ekki vegabréfsáritun til Pakistan, við erum á listanum“.

Hvernig stendur á því að Íslendingar þurfa ekki vegabréfsáritun til Pakistan? Við vitum það ekki, en í þeim efnum sitjum við á fámennum bekk með ekki ómerkari ríkjum en t.d. Trinidad og Tobago í Karíbahafinu og Zambíu sem gæti leynst einhvers staðar í suðurhluta Afríku. Eftir smá aðstoð finnst þó loks Frón á listanum sem „Ice Land“ í tveimur orðum. Allir brosa og okkur er hleypt inn í landið. Við erum

Það var ekki leiðinlegt að standa á toppnum á Punji Zom, líklega fyrstir manna.



búnir að læra mikilvægan hlut. Slappaðu af -- þetta reddast, eða eins og heimamenn segja: „Inshallah; Ef Allah lofar“.

En af hverju Pakistan?

Það er vissulega ekki jafn auðvelt að ferðast um landið eins og marga aðra staði. Hitinn getur verið mikill og á tíðum óbærilegur, vegakerfið er ekkert sérstakt og bílarnir eru síðri en við eigum að venjast. Svo bætast við tíðar magapestir sem nær ómögulegt er að sleppa alfarið við. Allt þetta gerir það að verkum að fyrir bleiknefja er eilítið ljýjandi að ferðast um þetta merki-lega land, sérstaklega til að byrja með.

Ástæðan fyrir því að við kölluðum þetta yfir okkur var umfram allt að landið er hæfilega framandi, Íslendingar hafa ekki klifrað þarna á áraraðir, möguleikar á óklifnum leiðum og tindum eru ótæmandi, og loks er þetta fjárhagslega góður valkostur. Svo var auðvitað ævintýraþráin rík og okkur langaði að gera eitthvað sem fæstir aðrir þora að láta sig dreyma um.

Toppagjöld eru engin upp í 6.000-6.500 metra, allt eftir því hvern maður spyr. Einn „leggur“ hjá burðarmönnum, sem er hæfilega þægileg dagleið, kostar aðeins um 500 krónur. Kokkur kostar nærri 1.000 krónur á dag og leiðsögumaður um tvöfalt meira. Við skipulögðum ferðina að öllu leyti sjálfir og komumst í samband við Abdur nokkurn Razaq í gegnum Ara Trausta Guðmundsson sem veitti okkur ómetanlega aðstoð. Razaq, eins og hann er kallaður, rekur Tirich Mir Travel og sá okkur fyrir nánast öllu í 6 vikur. Sendiferðabílar og jeppar með bílstjórum, hótél, einföld grunnbúðatjöld og eldhústjald, matur í grunnbúðum, kokkur og leiðsögumaður, burðarmenn sem urðu flestir nærri 20 og 5 asnar, og svo mætti lengi telja. Fyrir allt þetta borguðum við innan við 100 þúsund íslenskar krónur á mann og töldum bæði við og Razaq okkur hafa gert góð kaup. Öll flug, fram og tilbaka, kostuðu aðeins 70 þúsund á manninn. Það sést því glöggst að hægt er að fara slíka ferð án þess að eyða aleigunni. Hinsvegar ber að athuga að nauðsynlegt er að fjárfesta talsvert fyrir svo langt úthald, t.a.m. kostaði þurrmatúrinn nærri 75 þúsund fyrir ferðina. Flestir þurftum við að endurnýja töluvert að búnaði en þar komu allnokkrir styrktaraðilar okkur til hjálpar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Á leið til fjalla

Þó meginmarkmið ferðarinnar hafi verið að klífa fjöll náðum við einnig að kynna okkur menningu Pakist-



ana talsvert og sjá stóran hluta landsins. Okkur er mjög minnisstæð heimsókn í Kalasha-dalina við landamæri Afghanistan. Þar býr forn þjóðflokkur sem að eigin sögn er kominn í beinan karlegg af hermönnum Alexanders mikla. Að setjast niður með þessu fólki, spjalla við þau, kynnast menningu þeirra og bragða t.d. á glænýju hunangi, var ómetanleg upplifun.

Við gengum í fjóra daga um Chitral Gol þjóðgarðinn í nágrenni Kalasha-dalanna. Þar náðum við finni aðlögun og hæstu skörðin á leiðinni voru í nærri 4.000 m. Hitinn stríddi okkur aðeins en landslagið var þeim mun stórkostlegra og á stundum sást til Tirich Mir (ca. 7.700 m) sem er hæsta fjall í Hindu Kush fjallgarðinum á landamærum Afghanistan og Pakistan. Innfæddu burðarmennirnir okkar úr hinum forna ættbálki voru meðal mestu snillinga sem við kynntumst í ferðinni og héldu uppi stuðinu á kvöldin með dansi, söng og trumbuslætti.

Eftir stutt stopp á einni frægustu pólóhátíð veraldar, sem haldin er árlega í Shandur-skarðinu í um 4.000 m hæð, létum við gott heita afmenningarferðum í bili og héldum til fjalla.

Upp í fjöllin


Við vorum orðnir ansi ferðalúnir eftir göngur og langar bílferðir í hita og ryki. Við hvíldum okkur því áður en við héldum upp í fjöllin og áðum

í 2 daga í þorpinu Darkot, innst í Yasin-dalnum í miðju Hindu Raj fjallgarðsins. Innfædd börn höfðu væntanlega sjaldan séð aðra eins ferðalanga og sátu löngum og fylgdust með okkur á meðan við reyndum að slaka á í skugganum og glugga í bók.

Það var ný tilfinning fyrir flesta okkar að ganga inn á svæði sem við vissum ekkert um og velta fyrir sér hvar við ætluðum að setja niður heimili okkar næsta mánuðinn eða svo. Pressan var töluverð, við urðum að finna gott tjaldstæði og það var eins gott að fjallið sem við völdum væri verðugt og gerlegt verkefni. Heppnin var með okkur og við fundum þokkalegt tjaldstæði, rétt við góða vatnsuppsprettu og útsýnið á fjallið okkar var ekki af verri endanum. Fyrsta kvöldið skall reyndar á með íslenskum byl, en það reyndust vera síðustu hreyturnar af Vetri konungi á þessu svæði, því að það snjóaði ekki í grunnbúðum eftir þetta.

Fjallaklifrið

Aðlögunarferðir voru næsta mál á dagskrá. Jafnframt þurftum við að kanna mögulegar leiðir á tindinn sem við höfðum í huga. Enn og aftur kom óvenjuleg tilfinning yfir mann. Við höfðum engan leiðarvísi, einungis litla mynd úr bók auk heldur lélegra og vitlausra korta. Við vissum ekki um neinn sem hafði farið þarna og höfðum ekkert til að fara eftir. Þetta gerði allt erfiðara. Við vissum ekki einu sinni úr hvaða átt best væri að sækja að fjal-



Strákarnir eru hér á fyrstu ferð sinni upp í toppabúðirnar en í bakgrunni gnæfir Punji Zom yfir þeim. Leiðin lá beinustu leið upp ísfallið til vinstri í myndinni og svo upp vinstri hrygg Punji Zom fyrir miðri myndinni.

Hér er Sissi ásamt einum góðum vini okkar úr Yasin dalnum. „Dolli frændi“, eða Himad Ahman, er mikill höfðingi sem bar m.a. í okkur smalabrauð og vandi ferðir sínar til okkar í grunnbúðirnar.

linu eða hvort sú leið sem yrði fyrir valinu væri yfirleitt fær. Jafnframt því að láta mann hafa meira að hugsa um og vinna fyrir, var þetta frábær tilfinning. Yfir okkur helltist tilfinning landkönnuða. Þarna hafði enginn verið áður.

Aðlögunin gekk vel og fljótlega fundum við réttu leiðina á fjallið sem bar hið virðulega nafn Punji Zom. Sissi og Stefán upplifðu væntanlega undarlegustu klifurmeiðsli sem sögur fara af en þeir sólbrunnu svo illilega að fresta þurfti fyrstu tilraun við sjálfan toppinn. En að lokum stóðum við á tindri Punji Zom, um 5.500 m háum, einn af öðrum og fyrstir manna. Stefán og Helgi klifu tindinn tveimur dögum á undan Hálfadáni og Sissa þar sem Stefán slapp aðeins betur frá brunanum heldur en Sissi.

Tilfinningin var svo magnþrungin að það skyggði ekkert á þótt fjallið reyndist eilítið lægra en öll kort og frásagnir höfðu áður gefið til kynna. Toppadagurinn var ólýsanlegur en við höfðum allir lesið of margar bækur um fjallamennsku til að missa einbeitinguna. Við drifum okkur alla leið niður í grunnbúðir áður en við leyfðum okkur að slaka á. Á toppadeginum lá leiðin eftir fallegum, bröttum og löngum hrygg í nokkuð bröttu og skemmtilegu 1. og 2. gráðu snjó- og ísklifri. Toppurinn sjálfur var á örmjórri egg sem stöðugt hrundi úr berg og ís, fleiri hundruð metrum fyrir ofan skriðjökullinn beint fyrir neðan. Leiðin að sjálfum hryggnum lá um afar sprunginn og á köflum brattan skriðjökul, sem stöðugt varð ógreiðfærari sem meira tók upp af vetrarsnjónum.

En draumurinn var orðinn að veruleika. Við vissum svosem ekki hvaða hugsanir fóru í gegnum höfuð hvers annars á þessum tíma, en það var pínulítið skrítið þegar draumurinn var orðinn að ljósmynd og minningu. Maður situr í grunnbúðum og sötrar grænt te. Allur þessi undirbúningur og ferðalag fyrir fjall sem er vissulega hátt, en það er nú einu sinni svo að það sem er í útlandinu er ekkert endilega merkilegra en það sem finnst á Íslandi. Þannig fannst okkur æfingaferðin sem við fórum á Hrútsfjall um vorið í frábærum aðstæðum ekki standa þessu klifri að baki á neinn hátt. Maður gleymir stundum að Ísland getur verið glettilega gott á góðum degi.

Næsti toppur

Við vorum í miklu stuði og að vonum kátir þar sem allir komust á toppinn og niður aftur, heilu og höldnu. Ákveðinni pressu var því létt af okkur þar sem við vorum búnir með helsta markmið ferðarinnar. Nú var haldið í næsta dal, þar sem Stefán hafði mælt út nýtt verkefni í fjöllum sem innfæddir kalla Theleran.





Í Darkot er meira frjálsslyndi og opnara samfélag enn víða annars staðar í Pakistan. Þessar ungu stúlkur hefðu væntanlega ekki komist upp með að virða bleiknefjanna fyrir sér hefðu þær verið af ættum strangtrúaðri múslima.

Það fjall sigraði okkur hins vegar með annarri hendi. Helgi varð fljótlega slappur þegar við lögðum á fjallið. Hann varð að snúa við og hélt einsamall niður aftur, sem eftir á að hyggja var ekki skynsamlegt. Sissi varð herfilega hæðarveikur í búðunum undir fjallinu og naut að hluta aðstoðar Steppo og Hálfðans við að komast aftur niður í grunnbúðir, þangað sem Helgi hafði skilað sér við illan leik kvöldið áður. Steppo og Hálfðán voru samt sem áður enn í góðu formi og eftir stutta hvíld í grunnbúðum var andinn kominn í gott lag og þeir afreðu að gera lokatilraun við fjallið. Í þetta sinn gekk allt hratt og vel upp í toppabúðirnar undir fjallinu. Þar leiddi könnunarferð hins vegar í ljós að fjallið var í mjög erfiðum aðstæðum og afar lítill snjór eftir í því sem myndi gera klifrið erfið og seinlegt. Eldingar, slagveður og snjócoma áttu svo síðasta leikinn og um morguninn röltu þeir svo sneypfir niður aftur, sigraðir en ánægðir með að hafa þó gert lokatilraun við fjallið.

Daginn eftir var svo komið nóg af fjöllumum, við fórum til Gilgit og héldum svo suðvestur á bóginn á vit byssusmiða nærri Peshawar og Talíbana við landamæri Afghanistan. Dvölin í Pakistan endaði svo í endurhæfingu á kaffi- og veitingahúsum í Lahore, áður en stefnan var tekin yfir landamærin til Indlands.

Það var mikið ævintýri að komast aftur frá Darkot og út Yasin-dalinn. Monsún-rigningar ollu miklum skriðuföllum sem lokuðu veginum og hér er Hálfðán á þriðja (af fjórum), ökutækinu á 80 km langri leið.

En til hvers?

Það verður að segjast að það er stórlega ofmetið að verða veikur á fjöllum. Hverjum datt í hug að það væri töff að skreiðast niður 1.200 metra af stórgrýttri skriðu með klettþunga bakpoka, velgjuna í hálsinum, illt í maganum og dúndrandi hausverk?

Svona dagar þegar maður er slappur á fjöllum valda því að maður spyr sig alvarlegra spurninga varðandi val á sporti. Veikindi, þyngdartap, andlega krefjandi hvíldardagar, ónýt sambönd og enda-



Hálfdán er hér einn á göngu á meðan Helgi og Stebbi gera atflögu að Punji Zom og Sissi hvílist í grunnbúðunum.


lausir erfiðleikar til þess eins að þríla upp á einhvern hól. Þetta er skrýtið áhugamál og ótrúlega ávanabindandi. Flest sækjum við jú bara í meira þegar ferðirnar eru sorfnar í brimi hugans. Flestu leiðinlegu er skolað í burtu og eftir standa glæstir sigrar, gott veður, fallegt umhverfi og frábær félagsskapur. Minnið í klifranum er svo sannarlega valkvætt, háð ofurvaldi þessa fíkniefnis eða áhugamáls -- hvort sem það er. Þegar við komum heim, eða í það minnsta n. rum mánuðum seinna, standa góðu minningarnar eftir og allar flottu myndirnar.

Og við byrjum að plana næstu ferð.

Þakkir

Við kunnum þeim bestu þakkir sem styrktu okkur til ferðarinnar eða aðstoðuðu okkur á einhvern annan hátt. Hjálparveit skáta í Reykjavík, Björgunarsveitin Ársæll, Cintamani og R. Sigmundsson styrktu okkur myndarlega, bæði fjárhagslega og með búnaði. Gunnar Guðmundsson lungnalæknir gaf góð ráð varðandi lyfjaval og kunnum við honum miklar þakkir fyrir það. Ari Trausti Guðmundsson á þakkir skildar fyrir ýmsar ráðleggingar og upplýsingar um land og þjóð og fyrir það að hafa kynnt okkur fyrir Razaq. Eðaldrengirnir og skósmiðirnir Gunnsteinn Lárusson og Óskar Lárusson hjá Össuri breyttu og bættu skóna okkar og löguðu tjöldin fyrir brottför. Við hefðum komist lítið áleiðis án þeirra hjálparar. Að öðrum ólöstuðum þá eiga jafnframt eftirfarandi þakkar skildar: Lyfjaval, Leppin, Fjallakofinn, Útilíf, Ásbjörn Ólafsson ehf og John Lindsay ehf. Og ekki má gleyma vinum og fjölskyldum sem voru með okkur í anda. Ef einhverjir aðrir en hér eru nefndir telja sig eiga inni klapp á bakið þá kunnum við þeim einnig bestu þakkar fyrir veitta aðstoð. ■





Davy Virdee glottir við tönn milli „fingranna“, Fingers Ridge 140m VDiff, Coire an t-Sneachda í Cairngorms þjógarðinum

Eitt og annað um skoska fjallamennsku

Haraldur Guðmundsson



Fjallamennska í Skotlandi á sér mikla og langa hefð. Hér er allt mjög agað í aðkomu fólks að áhugamálinu. Á fallegum febrúarmorgni stinga þeir í stúf sem eru með ísexi og jafnvel mannbrodna á leið á Þverfellshorn Esju. Við svipaðar aðstæður í Skotlandi fer enginn upp fyrir snjólínu án þess að vera með exina. Skotar sækja námskeið í því sem er kallað „winter-skills“ áður en þeim dettur í hug að voga sér upp fyrir snjólínuna. Þetta er líklega það sem gefur mönnum sjálfstraust og stígur fyrstu skrefin inn í snævi þakta fjallasalína. Þannig með tíð og tíma vex mönnum ásmegin og fara að klifra brattari leiðir. Líklega stunda talsvert fleiri klifur mv. höfðatölu í Skotlandi en á Fróni, svo notaður sé hinn samræmði mælikvarði íslenskra talnaspekúlanta.

Lengi voru sterk tengsl milli íslenskrar fjallamennsku og þeirrar skosku. Okkar ísklifurgráður, P-gráðurnar, eru ættaðar úr Hálöndunum þó eitt-hvað virtist sem tognað hafi úr þeim með tíð og tíma eins flestir þekkjja. Skoskir fjallamenn gáfu góð ráð og annað slíkt. Síðar meir hafa íslenskir fjallamenn leitað meira til meginlandsins sem og Ameríku. Margir, sérstaklega ísalparar með björgunarsveitatengls, hafa farið til fjallasetursins Glenmore Lodge og numið fjallamennsku eða kannski frekar fjallabjörgun.

Veðurfar er mjög svipað og á Íslandi þannig að það þýðir lítið að ætla vera leikandi léttur á ferð eins og „vatteraðir“ alpamenn fá oft að kenna á.

Bretar eru líkir okkur með það að það er ekkert pakkað saman þó Kári velgi mönnum undir uggum. Ekkert endilega hörfað þótt það fari að rigna, heldur barið sér á brjóst – For Queen and Country !!! - og haldið áfram.

Aðkoma og allt umstang er lítið, beint flug til Glasgow og þaðan 2-3 tíma lest og kannski smá spotti í rútu hvert sem förinni er heitið.

Þess er vert að geta að Bretar eru með sitt eigin kortahnit, British Grid, mjög líkt og UTM en samt mikilvægt að yfirfara gps-tækin og stilla map datum á Ordnance Survey GB. Mjög góð kort er að finna á viðráðanlegu verði, 1:50þús og 1:25þús eru mikið notuð. Misvísun er um það bil 3°, vissara að staðfesta þetta áður en lagt er af stað. Hafa má samband við t.d. Ordnance Survey sem eru bresku landmælingarnar. Í leiðarvísunum eru venjulega gefin upp hnit á einstökum hlutum klifursvæðana, t.d. central buttress í einhverri Coire fengi hnit og svo eru kannski 15 leiðir þar.

Vetrarklifur

Hér tala menn ekki um ísklifur heldur „winter climbing“, því það er nú ekki mikið af fossaklifri eins og við þekkjum það. Þetta snýst meira um að klifra í mismunandi afbrigðum af snjó og klettum. Eftir að hafa sjálfur reynt og komist að því að þetta er stórskemmtilegt og í raun mjög frábrugðið því sem ég var vanur. Minnti mig á Skarðsheiðina en bara með talsvert af mosa á stöku fjalli.



Skosku vetraragráðurnar eru tvíþættar, annars vegar rómversk tala sem segir til um heildargráðun leiðar, þ.e. tekur inn tæknilega hlutann og alvarleikann. Hins vegar arabísk tala sem segir til um tæknilega erfiðleika og er þá oft á tíðum átt við erfiðustu spönn leiðar.

Fyrir áhugasama þá er alveg þess virði að fara á einhvern af þessum þremur stöðum: Glen Coe, Cairngorms eða Ben Nevis. Hver hefur sín sérkenni. Glen Coe og Ben Nevis eru á vesturströndinni meðan Cairngorms er á austurströndinni. Þetta eru mjög ólík klifursvæði og þá síðastnefnda sérstaklega. Það er í raun þar sem mix-klifur eins og menn þekkja það í dag fæddist. Lítill sem nánast enginn í myndast nema þá helst ísnálar. Ástæðan fyrir þessu er kaldara veðurfar. Þetta er klifur í snjó og klettum, torkað og tvistað í graníti. Kletturinn er frábær og axarblöð, hyrnur og broddar fá að kenna á honum stóra sínum og líta út eftir eina ferð eins og eftir heilan vetur af ísfossaklifri. Margir fjallamenn eiga tvö pör af öxum til brúks, annað fyrir Cairngorms og hitt fyrir Glen Coe og Ben Nevis.

Merkilegt nokk þá er DMM Fly öxin sú mest selda í Skotlandi, en sú týpa er harðgerð og er að ég held hönnuð með Cairngorms í huga.

Vesturströndin hefur meiri ís, þ.e. harðari afbrigði af snjó. Því rakt loft af Atlantshafi kemur inn á fjöllin þar. Síðan er það frost-þíða-frost hringurinn sem tekur við og myndar ísinn, þetta ferli þekkja menn frá Skarðsheiðinni. Kletturinn er aðeins frábrugðinn Cairngorms granítinu en alveg fyrirtak. Á Ben Nevis eru menn komnir í alpafíling, langar leiðir og alvarlegar. Þar finnast meira að segja ísfossar. Heimsþekktar leiðir á borð við Point Five Gully, Zero Gully og fésin: Minus Buttress, Orion Face og Little Brenva Face eru örnefni sem nánast er hægt að nefna á hvaða fjallamannabar sem er.

Klettaklifur

Almennt séð er berg mjög traust og heilt í Skotlandi. Þó finnast vissulega staðir sem þykja ill brúkanlegir. Nánast hvert einasta krummaskuð hefur sinn „creag“, sem er geilíska fyrir klettafés eða á nútímamáli klifranlegur klettakafli, enska orðið

GÓÐAR BÆKUR

Nisbet, Andy & Anderson, Rab: Scottish Winter Climbs, The SMC 1996

Perroux, Godefroy: Ben Nevis – Winter Climbs, Alp Impression 2002

Fyffe, Allen & Nisbet, Andrew: The Cairngorms Vol.I & II, The SMC 1995

Crocket, Ken, Anderson, Rab & Cuthbertson, Dave: Glen Coe – Rock and Ice Climbs, The SMC 2001

crag er afbökun af því. Eiginlega allt er náttúrulega tryggt, það finnst nokkrir boltaðir staðir en það eru verulega erfiðar leiðir og menn hafa ekki hátt um þá staði.

Breska gráðukerfið lítur verulega ruglingslega út við fyrstu sýn og margir gera grín að því. Það er nokkurn veginn svona: Easy, Moderate, Difficult, Very Difficult, Severe, Hard Severe, Very Severe, Hard Very Severe og svo Extreme Severe sem síðan skiptist upp í E1, E2, E3 osvfr. Þetta er heildargráðun á leiðum, alvarleiki/tryggingar og tæknilega erfiðleika. Fyrir VS og upp úr þá eru gefnar tæknileika gráður fyrir hverja spönn. (NB! Þetta eru ekki frönsku sportklifur gráðurnar.) Þær eru þannig:

VS: 4a, 4b, 4c, 5a

HVS: 4c, 5a, 5b

E1: 5a, 5b, 5c

E2: 5b, 5c, 6a

E3 osvfr.

Til að gefa samanburð við Yosemite-kerfið sem notað er á Íslandi þá er 4a nokkurn veginn 5.6, 5a ~ 5.9, 6a ~ 5.11a-c, 6c ~ 5.12d-5.13c.

Eftir að hafa komist upp á lagið með þetta þá sér

maður strax á leiðarvísinum hvernig leiðin er með tilliti til trygginga, t.d. er HVS, 4c greinilega tortryggð eða varasöm brún sem línar fer yfir, meðan að VS, 5a er með góðum tryggingum.

Stardalur kemur mjög vel út í samanburðinum við mörg þau svæði sem ég hef klifrað á. Fjölsþannaklifur hérna er hreint frábært, nokkuð hundruð metra leiðir í frábærum klettum. Nokkrir góðir staðir til að komast í alpafilling: Cairngorms með granitleiðirnar, eyjan Skye með talsvert alvarlegar leiðir, þ.e. undankomuleiðir eru erfiðar eftir að menn eru lagðir af stað. Svo Ben Nevis að sjálf-sögðu með sínar stóru leiðir. Af nógu er að taka fyrir þá sem vilja flýja alpa-öngþveiti í kletti.

To wrap things up...

Ég mæli hiklaust með að menn gleymi ekki Skotlandi þegar kemur að því að plana klifurfríð. Til að njóta breskrar fjallamennsku til hins ítrasta þá verða menn alltaf að stoppa við á næsta bar við klifursvæðið. Þar er venjulega góð stemning og merkileg pissukeppni milli manna þar sem leiðirnar virðast skyndilega verða mun tortryggðari og talsvert meira í fangið og ef ekki bara yfirhangandi í þetta skiptið. ■

Greppitrýni greinarhöfundar á farti í Northern Cairngorms þjóðgarðinum.



ÞÚ GETUR TREYST A OKKUR



ef þú vilt fara alla leið


www.fjallakofinn.is

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfirð • sími 510 9505

 Marmot

 PETZL

 smartwool

 SCARPA

 Black Diamond

Anna Svavarsdóttir á Cho Oyu apríl - maí 2003

Helgi Borg, ágúst 2003

Anna Svavarsdóttir fór í rúmlega tveggja mánaða leiðangur til Nepals á vor-mánuðum 2003. Ætlunin var að klífa fjöllin Cho Oyu og Shishapangma sem bæði eru yfir 8000 m.

Anna keypti sig inn í ástralskan leiðangur á vegum DCXP Mountain Journeys (www.dcxp.com). Í leiðangrinum voru þrír aðrir farþegar, Steve, Rob og Pete. Leiðsögumaðurinn frá DCXP heitir Duncan Chessel og með fóru fjórir Sherpar, þar af einn kokkur. Reynslumestur af Sherpunum er Tshering Bhote sem dúxaði í fjallaleiðsöguskóla í Nepal nokkrum misserum áður.

Labchi Kang 7367m

Í stað þess að taka hæðaraðlögun á Cho Oyu var planað að klífa Labchi Kang sem er skammt þar frá. „Ég vissi það ekki fyrirfram, en það var ekki búið að klífa þetta fjall áður“, segir Anna. Með þeim var Kínverskur offiser sem átti að sjá um að greiða götu þeirra og passa að þau færu örugglega á rétt fjöll. Þegar þau spurðu hann um fjallið, bandaði hann bara út í bláinn, og þegar þau vildu fá að sjá kort hjá honum sagði hann að öll kort væru í Beijing. Nákvæm og góð kort eru vissulega til af svæðinu en kínversk stjórnvöld eru mjög fastheldin á þau.

“Við þurftum að gjöra svo vel að ætla hvar fjallið væri og finna einhvern dal sem myndi leiða að rótum fjallsins. Það var greinilegt að þarna hafði enginn klífurhópur verið á ferð áður, þarna voru engar vörður og engir stígar „“, segir Anna.

Til stóð að fá bónda með jakuxa til að bera búnaðinn að fjallinu, en snjóhlébarði hafði skömmu áður drepð einn jakuxa, og bóndinn var ófáanlegur til að yfirgefa jakuxahjörðina sína. Þannig að þau

urðu að bera allan búnaðinn sjálf. Um leið voru þau að hækka sig og ná aðlögum. Þetta var fjögurra daga erfiður gangur. „Það var helvíti erfitt“, segir Anna.

Aðspurð um hæð fjallsins, hlær Anna. „Það sem við klifum var um 6.800 m samkvæmt hæðarmælum, þannig að þetta var ekki hæsti tindurinn, ef þetta var þá einu sinni Labchi Kang. Þetta var hinsvegar mjög fallett fjall. Það hafði pottþétt enginn annar klifið það áður“. Síðar kom í ljós að fjallið heitir Labchi Ri.

Anna náði ekki toppnum í þetta skiptið. „Ég datt niður eins og skotin í 6400 m hæð. Við settum upp kamp í 6100m og svo aftur þarna. Ég gekk í öryggislínu með Sherpunum og þeir ganga ekkert sérstaklega hægt blessaðir. Ég þurfti að hlaupa með þeim, og það var bara aðeins of mikið. Ég var með öskrandi hausverk og ákvað að halda kyrru fyrir í þessum búðum á meðan hinir kláruðu fjallið“.

“Mér leið verulega illa af hausverk, en þetta var samt ekki þannig að ég væri í neinni hættu út af hæðarveiki. Mér var ekki óglatt þarna, og ég hafði matarlyst. Það varð síðar stærsta vandamálið hjá mér, að borða. Hausverkurinn lagaðist og ég fékk ekki hausverk það sem eftir var ferðar en á Cho Oyu fór maginn í hnút.“, segir Anna.

Steve kól alvarlega á tánum á fjallinu. Hann ætlaði að skíða niður og til að spara sér þyngd þá gekk hann upp á skíðaskóm, venjulegum kombiskóm. Að sögn Önnu var hann heldur ekkert alltof vel klæddur. „Það er eins og honum hafi bara orðið kalt, sljógast og strákarnir ekki áttað sig á því. Svo kemur hann niður í kamp og gerir ekkert í því strax. Það er ekki fyrr en seinna þegar hann ætlar að skríða í svefnpoka að hann segir að sér sé kalt



Mynd: Frank Bunnik - frank_bunnik@hotmail.com.

á tánnum. Þegar að var gáð voru þær hvítar. Næstu daga fóru þær svo að blána. Ef þær hefðu verið orðnar bláar strax og hann jafnvel kominn með blöðrur hefði hann örugglega misst þær. En hann var heppinn og heldur þeim trúlega“, segir Anna.

Cho Oyu, fyrri tilraun

Þegar þau komu upp í ABC hafði enginn annar hópur farið upp fyrir 1. búðir vegna veðurs. Veðrið skánar þarna yfirleitt í kringum 10. maí, og flestir eru að toppa, 12.-18. maí. Þann 9. maí komu þau upp í 2. búðir, og þann 11. maí toppuðu Duncan og Rob. Þeir fóru beint á toppinn frá 2. búðum, slepptu að gista í 3. búðum.

Fyrir ofan búðir 1 dró smám saman af Önnu. Í búðum 2 fékk hún niðurgang og var farið að líða verulega illa. „Ég hafði enga matarlyst og það sem ég borðaði kom upp aftur. Ég held kannski að ég hafi ekki passað mig á að drekka nóg af vatni. Niðurgangurinn gerði útslagið, ég hef ekki fengið í magann í Asíu síðan 1995.“, segir Anna. Hún ákvað því að fara niður í ABC þarna 11. maí. Þar fékk hún matarlystina aftur, borðaði og svaf. „Það voru nú greinilega fleiri að gubba þarna. Það mátti sjá gubbslóðinu upp brekkurnar“, segir Anna.

Næstu daga var veðurspáin fyrir fjallið slæm, nema í einn dag í kringum 16 maí. Hún ákvað því að fara upp aftur og gera aðra tilraun eftir að hafa átt einn góðan hvíldardag.

Dauði á Cho Oyu

Þann 14. maí gekk hún á milli 1. og 2. búða. Þennan dag var mjög hvasst og kalt, og þarna mætti hún á niðurleið stórum þýskum hópi sem var illa farinn.

„Ég datt hreinlega nokkrum sinnum út af vindinum, ég sem hélt að ég dytti nú ekki auðveldlega í vindi. Þarna mætti ég stollu af fólki, þar af nokkrum sem höfðu kalíð á puttum og í andliti. Sherpi í hópnum sem ég hafði nýmætt, fór skömmu síðar fram úr mér á leið upp í 2. búðir aftur. Þá var hann að sækja súrefni fyrir mann sem hafði hnigið niður stuttu eftir að ég mætti hópnum. En það var orðið alltof seint. Maðurinn kólnaði niður og dó fljótlega eftir að hann hné niður. Þetta var Þjóðverji og hann hefur verið svona ca. 35 ára“, segir Anna.

“Þegar ég kem upp í búðir 2 þá er heilmikið í gangi því þá erum við að átta okkur á því að Ástrali er dáinn upp í 3. búðum. Hann var úr hópi lögreglumanna sem ætluðu að klífa fjallið. Þeir voru upphaflega fjórir en tveir af þeim höfðu snúið við og farið niður í ABC, en af einhverjum ástæðum urðu báðar talstöðvarnar þeirra eftir uppi. Paul, Ástralinn sem dó, verður eitthvað slappur eftir að hinir tveir voru farnir. Í stað þess að fara niður ákvað hann að reyna að jafna sig þarna. Félagi hans var algjörlega reynslulaus, hafði aldrei klifið hátt fjall áður.“

“Með þeim voru tveir Sherpar, annar nýliði en hinn reynslumeiri, þessi reynslumeiri var veikur líka. Það sem gerist er að um leið og maður verður veikur, þá verður hugsunin óskýr og það þýðir ekkert að taka mark á manni – þú verður bara að fara niður strax. Þeir eru í 3. búðum, og Paul ákveður að bíða af sér veikindin þarna í 7500 m hæð. Félagi hans situr yfir honum, og þeir sem eru í ABC gera enga tilraun til að spyrjast fyrir eða komast að hvað sé í gangi. Það er heilmikil umferð þarna, ferðir upp og niður. Afeinverjum ástæðum

höfðu þeir heldur ekki sent neinn niður með aðra talstöðina, það er fullt af fólki að koma niður allan daginn. Svo á einhverjum tveimur, þremur dögum þá bara deyr Paul þarna. Félagi hans, þessi reynslulitli, sat bara yfir honum á meðan.“

“Þegar ég kem upp í aðrar búðir þá er þessi félagi Paul að koma niður úr 3. búðum. Hann sat yfir líkinu í sólarhring eftir að hann dó, var að bíða eftir að einhver kæmi upp. Hann var sjálfur heppinn að vera heill, því þegar þú situr í 7.500 m hæð í tjaldi í þetta marga daga þá dregur verulega af þér.“

“Þeir tveir, félagi Paul og ungi Sherpinn höfðu af einhverjum ástæðum ekki spurt neina aðra ráða úr öðrum leiðöngurum. Aðrir hópar höfðu heldur ekki skipt sér af þeim. Í 3. búðum ertu ekkert mikið að spjalla eða spá í hlutina, þú ert bara á leiðinni upp, eða niður. Þú ert ekkert að reyna að jafna þig þarna, þú gerir það frekar í 2. búðum eða helst í 1. búðum eða ABC.“

“Þetta stuðaði mig svolítið. Tshering reyndi að halda fréttunum frá mér, en það gekk ekki, ég skil allt of mikið í Nepölsku til að það sé hægt.“

“Ég er ekki viss um að ég hefði reynt við toppinn ef ég hefði ekki haft súrefni. Okkar hópur var með súrefni og nóg af því. Það var fyrirfram ákveðið að súrefni yrði val. Það er vel hægt að klífa Cho

Oyu án súrefnis án nokkurar áhættu ef veðrið er gott. Þýski hópurinn var einungis með eina flösku til öryggis. Þeir náðu í súrefnisflösku úr okkar birgðum til að hjálpa þeim sem hné niður. Ástralski hópurinn gerði heldur ekki ráð fyrir að nota súrefni á toppnum, ég veit ekki hvort þeir voru með eitthvað súrefni.“

Toppadagur á Cho Oyu

“Toppdagurinn eða sólarhringurinn, er trúlega það eftirminnilegasta sem ég hef gert. Við Tshering komum í þriðju búðir um tvöleytið þann 15. maí. Í næsta tjaldi við mig var lík Pauls. Við eyddum deginum í að bræða snjó og drekka vatn. Það var hryllilega hvasst og við vorum að velta fyrir okkur hvort við ættum að láta slag standa eða ekki. Það var spád 18 m/s. Ég reyndi að vera svöl og sagði að þetta væri nú bara gola, en hvassviðri á 8000 m fjalli er ekkert grín, getur verið uppskrift að kali. Við fórum af stað uppúr miðnætti, við þorðum ekki annað það átti nefnilega að hvesa með morgninum og þegar liði á daginn.“

“Ferðin upp gekk vel, ég var með súrefni enda ekkert vit í öðru þegar svona mikil kæling er. Það voru fjórir aðrir í þriðju búðum, þeir hættu allir við, þeim fannst of hvasst. Ég gat ekki annað en hlegið að sjálfri mér þegar við fórum upp Yellow

Búnaður, matur og lærdómurinn

Helsti búnaður

Skór: Anna notaði þykka og góða One Sport skó

Dúnföt: Þykk og góð dúnúlpá, dúnbuxur og dúnvettlingar

Húfa: Anna notaði þykka lambhúshettu og windstopper húfu yfir

Innri föt: Á köldustu dögnum var Anna í tveimur lögum af Thermal-nærfötum og síðan fleece buxum og jakka. Aukalega bar hún með sér fleece peysu sem hún þurfti aldrei að nota.

Svefnpoki: 900 g dúnpoki

Bakpoki: 50-75L

Annað: Klifurbelti, broddar og löng gönguexi Göngustafir

(að sögn varð Önnu aldrei kalt á fjallinu)

Matur

“Við vorum með pasta og frostþurrkaðan þurrmat. Ég gat ekki borðað hann, mér varð bara óglatt. Ég borðaði kek og súkkulaði. Drakk vatn og mikið af mjög sætu te. Ég léttist um eitthvað rúmlega 10 kg“, segir Anna.

Lærdómurinn

“Ef maður fer í svona ferð, þá ætti maður að hafa verið í stífu æfingarprógrammi í amk. ár. Maður þarf að vera í mjög góðu formi. Það er líka mikilvægt að kynnast sínum eigin viðbrögðum við hæðinni. Ég áttaði mig ekki á því hversu sljó maður verður í 7.500m fyrr en ég setti á mig súrefnið. Ég mæli eindregið með að fólk lesi sér vel til um hæðarveiki áður en það fer á há fjöll“, segir Anna.



Yfirlit yfir daga Önnu á fjöllum

19. apríl Með jeppa í grunnbúðir Cho Oyu.

20.-24. apr. Gengið að Labchi Kang

25. apríl Gengið upp í 1. búðir á Labchi Kang

26. apríl Gengið upp í 2. búðir á Labchi Kang

27.-30. apr. Anna bíður í 6400m meðan hinir klífa Labchi Kang

1. maí Gengið niður af Labchi Kang

2. maí Gengið upp í grunnbúðir Cho Oyu

3. maí Gengið upp í „in between camp“ á Cho Oyu

4. maí Gengið upp í ABC (advanced base camp) á Cho Oyu

5.-7. maí Hvíldardagar í ABC

8. maí Gengið upp í 1. búðir á Cho Oyu

9. maí Gengið upp í 2. búðir á Cho Oyu

11. maí Fór veik niður í ABC á Cho Oyu

12. maí Hvíld í ABC

13. maí Gengið upp í 1. búðir á Cho Oyu

14. maí Gengið upp í 2. búðir á Cho Oyu

15. maí Gengið upp í 3. búðir á Cho Oyu

16. maí Toppadagur á Cho Oyu - gengið niður í 2. búðir

17. maí Gengið niður í ABC

18. maí Gengið niður í grunnbúðir Cho Oyu

19. maí Með jeppa í grunnbúðir Shishapangma

21. maí Gengið upp í ABC á Shishapangma

23. maí Gengið niður í grunnbúðir Shishapangma

Hæðir og meðaltími á milli búða á Cho Oyu

1. Búðir 6400 m, 4-5 klst frá ABC (white man's walk – ekki Sherpar)

2. Búðir 7100 m, 6-7 klst frá 1. – fixaðar línur

3. Búðir 7500 m, 4-5 klst frá 2. – engar línur

Toppur 8201 m 6-7 klst frá 3. – fixaður línur

Band, þarna var ég í klettaklifri í annað skiptið á ævinni og það með mannbrodda í 7600 metra hæð, klukkan tvö að nóttu í tungsljósi. Það gekk ágætlega. Af því að við vorum ein á fjallinu gekk ferðin upp mjög vel, engar umferðartafir eða annað fólk að setja af stað grjót.“

“Ég verð að viðurkenna að ég setti allt í botn á leiðinni upp, gleymdi að maður þarf að fara niður aftur. Við komum á tindinn rétt fyrir átta. Það var alveg heiðskirt og guð minn góður þvílíkt útsýni, og Everest bara 600 m fyrir ofan. Hann er samt risastór. Myndataka og svo niður, ég var nú svo djörf að rífa af mér hanskana og skipta um filmu með berum höndum í rokinu. Ég hitti mann niðri í Base camp sem gerði það sama, það er ekki vitað hvort hann haldi fingrunum. Þetta er munurinn að vera á súrefni, það heldur á manni hita. Ferðin niður gekk hægt en örugglega. Mig langaði mest til að leggja mig einhversstaðar en það má ekki, það er ekki víst að maður vakni. Við komum niður í þriðju búðir langt gengin í ellefu. Við þurftum að taka saman þar, og svo héldum við niður í aðrar búðir. Við vorum komin þangað um fjögur, fimm, ég man það ekki alveg. Ég hellti bara í mig vatni og skreiddi í poka.“

“Toppdagurinn var einhver sá auðveldasti í ferðinni, amk. á leiðinni upp, hversu skrýtið sem það má vera. Um leið og maður er kominn með grímunna í andlitið og fullt af lofti -- hausinn kominn af stað – þá líður mann vel. Reyndar dró mikið úr kraftinum á leiðinni niður aftur.“

“Á milli 2. og 3. búða flaug ég einu sinni á hausinn. Það eru engar fixaðar línur í þessari brekku. Ég rann af stað, var með brodda og öxi – lyfti upp löppunum, ósjálfrátt og stoppaði mig með ísaxarbremsu. Rann kannski svona einhverja 15 m. Þetta var líklega hættulegasta atvikið í ferðinni hjá mér.“

Shishapangma

Aðstæðurnar höfðu verið erfiðar á Shishapangma þetta vorið, aðeins einn eða tveir höfðu toppað. Þegar þau komu upp í ABC var einungis einn franskur hópur eftir, aðrir hópar voru farnir.

“Ég, Rob og Duncan vorum öll meira og minna handónýtt eftir Cho Oyu. Ég fann það þegar ég gekk upp í ABC að ég átti ekkert eftir í þetta fjall. Þannig að ég tók þá ákvörðun að láta þetta fjall vera. Hinir löbбуðu upp í 1. búðir og snéru þar við.“, segir Anna. ■



Gíraffi á leið niður af
Dyhamri í þokunni.
Sigurður T Þórisson

Dýrin á Ísöld

Sigurður Tómas Þórisson

Áður en lengra er haldið er rétt að kynna til sögunnar helstu persónur og leikendur. Fyrst ber að nefna aldursforseta ferðarinnar, Akureyrninginn Sigurð Tómas, alias Gæsin, svo er ekki úr vegi að nefna Garðbæinginn Ágúst Þór, alias Jösta eða Jarðkötturinn, og síðast en ekki síst Grafarvogsbúann Róbert, alias Gíraffinn. Sögurnar á bakvið nöfnin eru jafn gamlar norðanvindinum og of langt mál að þylja þær upp á síðum þessa rits.

Eitthvað hlaut að gleymast

Við þremmenningarnir höfðum ætlað að fara í 4-5 daga gönguskíðaferð á Vatnajökul páskana 2005 en vegna óheppilegra aðstæðna komumst við ekki af stað úr borginni fyrr en á Pálmásunnudag, 4. apríl. Nú, við brunuðum seinni partinn áleiðis

austur í Öräfi en þegar við vorum komnir að Vík uppgötvaði Jarðkötturinn að hann hafði gleymt skinnunum sínum í bílnum hjá foreldrum sínum. Ekki þýddi að snúa við til að sækja húðirnar heldur voru komnar hugmyndir um að líma ullarsokka og notaðar drykkjarfernur undir plankana til að auka gripið upp bröttustu brekkurnar. Fékk þá einhver þá snilldarhugmynd að kanna hvort Einar Öräfingur í Hofsnesi gæti ekki leigt okkur húðir þegar við kæmum austur. Var hringt í Öräfinginn og hann tók vel í óskina og var afráðið að renna beint til hans.

Í Hofsnesi tók Einar vel á móti okkur í vor-mykrinu og afhenti Jarðkettinum húðirnar. Sagðist svo vera sjálfur að hugsa um að fara upp á jökul daginn eftir og bauð okkur far með sér upp á Háöxl ef við hefðum áhuga á að fara Hnappa-leiðina uppeftir. Við höfðum hugsað okkur það og

Tjaldað undir Hvannadalshnjúk.
Sólsetur yfir Dyrhamri.

Sigurður T Þórisson



Þáðum höfðinglegt boð því tveggja tíma þramm eftir veginum upp á öxlina að snælinu í 750 m hæð með skíðin á bakinu hefði verið mikill skapskelfir klukkan 6 um morguninn. Við tjölduðum við afleggjarann upp á öxl og græjuðum okkur fyrir átökin. Jarðkötturinn var ekki nema tæpa tvo tíma að sjóða tvo potta af vatni á hitabrusana á ótrúlega öfluga sumarprímusnum sínum en Gæsin og Gíraffinn gerðu bara góðlátlegt grín að því.

Mjakast upp í öskjuna

Morguninn rann upp og vöknudum við kl. rúmlega 5 og vorum sprækir eftir því. Örafingurinn kom um kl. 6 þegar við vorum alveg að verða tilbúnir í slaginn. Var hressandi að komast strax á skíðin og kvöddum við Einar strax þar sem hann var léttvopnaður en við með búnað til þriggja daga

jöklaferðar. Ferðin áleiðis að Hnappi sóttist nokkuð vel og var veðrið alveg frábært, brakandi sól og blíða. Eftir um klukku tíma var tekin pása og brást hinum aldna norðanmanni skíðalistin þar og féll kylliflatur þrátt fyrir langa reynslu í telemarkinu. Bognaði í fallinu hæljárnið á bindingunum og var Gæsin heillengi að beygja málminn til svo hann yrði nothæfur á ný. Eftir því sem brekkan lengdist virtist hægar ganga enda rúmir 5 km upp að Hnappi og rúmlega 1000 m hækkun. Voru ungmennin tvö heldur sein í svifum í seinni partinum og reyndu þau að finna ýmsar afsakanir fyrir hægaganginum. Seiglan í norðanmanninum tók hann hins vegar svífandi upp brattann og gerði hann óspart grín að týndum æskuljómanum sem greinlega íþyngdi hinum tveimur svo mikið.

Þegar upp á öskju Örafajökuls var komið, var


afráðið að bruna beint á Rótarfjallshnjúk sem er nokkur hundruð metra til vesturs. Svo ákváðum við að skella okkur á Hnappinn (þann vestari þ.e.) og tók Gæsin skíðin með alla leið upp. Útsýnið var glæsilegt af toppinum og sást vel í Jökullónið, yfir á Hnjúkinn og víðar. Telemarkið niður brattann gekk þokkalega hjá Gæsinni þrátt fyrir eitt góðlátlegt fall á miðri leið.

Sveinstindur

Eftir þessa tvo toppa voru byrðarnar axlaðar á ný og stefnan tekin í smá sveig inn á öskjuna í átt að Sveinsgnýpum og Sveinstindi, sem liggja austan megin á öskjubarminum. Ekki voru menn mikið sprækari þrátt fyrir að mesta hallanum væri lokið og gekk ferðin hægt. Höfðum við okkur þó að lokum upp á Sveinsgnýpur og var ljúft að ljúka því af. Héldum við því næst að rótum Sveinstinds, sem rís 2.044 m og er því annar hæsti tindur landsins. Smelltum við pokunum af okkur og gripum öxi í hönd til að ganga á tindinn. Gæsin fór á skíðum sem fyrr en hinir á tveimur jafnfljótum. Tindurinn var mun tignarlegri en okkur grunaði því sunnan frá séð er hann snarbrattur og glæsilegur, svolítið í Himalaya-stíl, vildu menn meina. Þegar við áttum um 50 m eftir á tindinn, komum við að nokkuð sprunginni brekku og leist okkur ekkert sérlega vel á hana. Létum okkur þó hafa það og Gæsin og Gíraffinn fóru á undan upp í hlíðina. Rétt áður en Gæsin kom að stórru sprungu miðja leið upp setti hann af stað um 10m breitt snjóflóð. Þar sem bæði línan og skóflurnar urðu eftir við pokana var afráðið að taka enga áhættu og hætta við að klára tindinn. Hafði Gæsin gríðargaman af þelamerkursveiflunni á leið niður og hinir bölvuðu honum fyrir skemmtunina.

Hnjúkurinn veginn

Stefnan var nú tekin að Hvannadalshnjúk sem var um 3 km vestan við okkur. Þegar við vorum komnir langleiðina að rótum hans var farið að síga á seinni part dags og ákváðum við að skella tjaldinu upp og hvíla lúin bein. Eftir hefðbundna tjaldbúðavinnu og nestisinntöku tókum við helstu nauðsynjar í pokana og stefndum á Hnjúkinn. Var veðrið fínt framan af en þegar við vorum hálfnaðir upp brattann fór skyggnið að versna. Var bröltið upp tindinn mjög strembið enda dagurinn búinn að vera erfiður. Veðrið á toppinum var afleitt: skyggni fágætt, rok og stórhrið mest allan tímann. Höfðum við því lítið gaman af verunni þarna uppi svo við




JETBOIL



SCARPA



SMITH OPTICS

Jarðköttur og gíraffi
á toppi landsins?
Hrútsfjallstindar,
Miðfellstindur og
Þumall í baksýn.
Sigurður T. Þórisson



hægt og var Jarðkötturinn að fram kominn af þreytu enda búinn að þramma með allt draslið á öxlunum síðustu 4 tímana. Um 1 km áður en við komum niður að bíl hneig greyð niður og gat sig hvergi hrært sökum þreytu, táeymsla, hælæris, mjaðmaeymsla, ristilþrýstings og hvaðeina sem gat hrjáð einn mann. Niður komumst við þó allir að lokum og hvílikur unaður sem það var að koma í skrjóðinn eftir allt þetta labb, klukkan að verða níu um kvöldið, komið myrkur og við sársvangir.

Þáskaunginn

Brunuðum við beinustu leið á Hnappavelli og skelltum upp tjaldinu. Elduðum dýrindis pastamáltíð og snöruðum í okkur páskaegginn sem hafði beðið varanlegan skaða af sólskininu dagana á undan. Unginn og blómið höfðu hitnað ótæpilega og allt hafði þetta bráðnað saman í einhvern mjög svo óþáskalegan klump í plastpokanum. En við vorum nú ekki að láta fagurfræðileg sjónarmið aftra okkur frá kræsingunum og muldum þetta með bestu lyst. Þegar leið á kvöldið fór Gíraffinn að taka eftir doða í annarri stórutánni og virtist hann hafa hlotið kal á henni. Í ljósi ótæplegs fótsvita drengsins þá er kannski ekki að undra að hann fái smá kal á loppurnar en hann óttaðist að missa jafnvel djásnið af

löppinni. Sváfum við þó stífum svefni hinna réttlátu þessa nótt.

Hnappavellir og heim...

Við tókum daginn snemma á miðvikudeginum og Gæsin og Gíraffinn skelltu sér í nokkrar klassískar klifurleiðir við tjaldstæðið. Jarðkötturinn var svo aumur í tánum að hann neitaði að storka þyngdaraflinu meira og horfði bara á. Veðrið var með besta móti, eilítið köld gola en sól og blíða með köflum og þurr. Um hádegðið var aðeins byrjað að dropa úr lofti og við orðnir sáttir við daginn. Þökkuðum saman, fengum okkur ís í Búðinni milli sanda, (á Fagurhólsmyri) þar sem við hittum Sigurð, ferðapjónustufromuð og föður Einars Örfings. Kíktum svo til Einars til að skila skinnunum og tók ektakvinna hans einkar vel á móti okkur og bauð okkur inn að verma stofuna. Einar kom fljótlega inn og ræddum við ferð okkar, ævintýri hans um Örfin og hvað áhugavert væri að stefna á að brölta á næstu árum þarna fyrir austan. Kvöddum við Örfafjölskylduna með virktum og brunuðum í átt til Sódómu með viðkomu í sveittum bürger á Klaustri sem sumir vildu meina að væri fyrsta (og þar með eina) almenninga máltíðin í ferðinni. ■



PETZL®



Veðitækni ehf - Nethyl 2 - 110 Reykjavík - Sími 577 1400





Rjukan

Paradís í klakaböndum

Freyr Ingi Björnsson og
Sigurður Tómas Þórisson

Löngum hafa Íslendingar haldið utan í ferðalög og gildir þá einu hvert markmiðið er. Það þótti þó tíðindum sæta þegar föngulegur hópur sveina og meyja sótti heim frændur vora í Noregi veturinn 2006 í þeim tilgangi að berja ís þeirra og klífa.

Lagst var að við smábæinn Rjukan en þar er að finna eitt magnaðasta ísklifursvæði Norðmanna. Þar gefur að líta leiðir af öllum stærðum og gerðum - langar, stuttar, léttar og þungar - allt í hæfilegum hrærigraut. Rjukan og næsta nágreinni er sem sniðið fyrir ísgarpa því þar eru veður stöðug og helst því ís í giljum og fjöllum út alla klifurvertíðina, þegar hann á annað borð hefur myndast.

Var það mál manna að meira fengist út úr deginum en annars tíðkast á voru fagra landi ísa enda aðkoma og aðgengi almennt til mikillar þýði.

Á hvíldardögum er t.d. hægt að kynna sér tengsl staðarins við seinni heimsstyrjöldina, hrista úr sér mjólkursýruna á frábærum skíðasvæðum eða bregða sér bærjarleið til Osló.

Ísklifrið

Yfir 150 ís- og mixleiðir eru skráðar í og við Rjukan og er aðgengi auðvelt að flestum þeirra. Ísleiðirnar gráðast frá WI2 upp í WI7 og mixleiðirnar

frá M5 upp í M10. Leiðirnar eru allt frá 10-15m sportísleiðum upp í 17 spanna ævintýraleiðir. Allir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem um nýgræðinga eða þaulvana ísjaxla er að ræða.

Klifurvertíðin spannar að meðaltali fjóra mánuði eða frá byrjun desember fram í lok mars. Mestar líkur eru á góðum aðstæðum og veðri í febrúar. ■





Myndir: Guðmundur „Dúllari“ Tómasson

Búnaður

- tvöföld lína (2x half-rope), 60m
- 10-15 ísskrúfur
- 10-15 tvistar auk nokkura lausra karabína
- slingar
- klettatryggingar ef klifra á mix (vinir, hnetur og nokkrir fleygar)
- höfuðljós, því dagurinn er líka stuttur í Noregi
- hjálmur (að sjálfsögðu)
- prússík og V-præðingartól
- ýlir, skófla og stöng, því snjóflóðahætta getur verið mikil, einkum síðla vetrar

Aðkoma

Rjukan er í rúmlega þriggja tíma akstursfjarlægð beint í vestur frá Osló. Þangað ganga rútur frá höfuðborginni en sterklega er mælt með bílaleigubíl til að auðvelda aðkomu að klifursvæðunum.

Gisting

Allnokkrir gisting möguleikar eru fyrir hendi, frá hótélum upp í sögufræga fjallakofa. Hópurinn tók síðari kostinn og var því kröftum safnað á kveldin í litlum notalegum hyttum sem í eina tíð þjónuðu þeim tilgangi að skjóta skjóli yfir geitahirða á heiðunum ofan Rjukan. Heimamenn eru gestrisnir með eindæmum og bjóða alla ísfanta velkomna í bæinn.

Leiðarvísir

www.rockfax.com hefur gefið út glæsilegan leiðarvísir fyrir svæðið á ensku og er hann fánlegur í gegnum vefsíðu þeirra og víða í Rjukan.



①

Björgvin Hilmarsson



Róbert Halldórsson

⑦



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

- ① Háspenna - lífshætta! Róbert Halldórsson í stuði
- ② Guðlaugur Ingi ber ísinn af áfergju í Ýringi
- ③ Sissi á leið upp Kleifarfoss í Þyrli, Hvalfirði.
- ④ Sigurður Tómas tekur slagverk með Trommaranum í Haukadal. Róbert gætir tvinnans
- ⑤ Örlygur Steinn klífur Garfarfoss
- ⑥ Guðmundur Freyr Jónsson (sá stóri) glímir við Andarspönnina (WI4) í Teltsgili ofan Húsafells
- ⑦ Róbert í efsta haftinu í Ýringi. Ágúst Þór vaktar vaðinn

⑥



Óðinn Árnason


Ágúst



②



③




⑤

Agúst Þór Gunnlaugsson



④

Pétur Steinn Pétursson



Staðsetning helstu kletta-
klifursvæða á Íslandi

Jarðfræði helstu kletta- klifursvæða á Íslandi

eftir Hallgrím Örn Arngrímsson

Haukur hefur æft innanhússklifur í eitt ár og hefur á þeim tíma náð mjög góðum tökum á klifri. Styrkur hans og klifur-tækni hefur aukist og nú vill hann reyna fyrir sér í klifri utanhúss. Vorið er komið og stefnir í gott sumar með miklu klifri.

Haukur talar um þetta við nokkra reynda klifra og fær að koma með þeim til Hnappavalla en þar er eitt vinsælasta klifursvæði landsins. Veðrið er gott og Haukur er vel stemmdur fyrir átökin. Fyrsta leiðin heitir Hornatangó, gráðuð 5.9 og lítur út fyrir að vera ágætis leið. Strax og Haukur byrjar að klifra kemur í ljós að þetta er mun erfiðara en hann bjóst við. Kletturinn hefur svo mikið af

gripum, bæði stórum og smáum, að erfitt er að finna hvar best er að grípa og setja fæturna. Mikið er um holur, sprungur og kanta af öllum stærðum og gerðum, það er því erfitt að greina í sundur góð og slæm grip. Haukur er einbeittur en svolítið stressaður og það fer mikil orka í að klippa klifurlínunni rétt í boltana í veggnum. Haukur kemst þó alla leið upp og fagnar ákaft þessum fyrsta sigri sínum í klifri. Eftir að hafa klifrað meira og reynt við nokkrar erfiðar leiðir fer Haukur sáttur heim eftir fyrstu klifurhelgi sumarsins.

Alla vikuna bíður Haukur spenntur eftir næstu helgi því þá ætla nokkrir klifrarar að klifra í Stardal. Eftir léttu uppgöngu að klettunum í góðu veðri

sér Haukur að svæðið er allt öðruvísi en svæðið á Hnappavöllum. Þar er miklu meira af sprungum, engir boltar í klettunum og því verður hann að setja inn allar tryggingar sjálfur. Haukur finnur leið í leiðavísinum sem heitir Jaðar, gráðuð 5.7 og ákveður að prófa hana. Strax og hann leggur af stað er honum ljóst að þessi klifurtækni er allt öðruvísi en hann hefur prófað áður. Gripið er mest í sprungunum og það er erfitt að stíga á góð fótstig. Haukur finnur einnig að kletturinn er miklu grófari en á Hnappavöllum, líkt og sandpappír. Hendurnar festast við klettinn á ólíklegustu stöðum þar sem annars væri ekkert grip. Nú er Haukur alveg að ná upp á brún og búinn að setja inn 6 tryggingar en myndu þær halda ef hann félli niður? Stressið er mikið og orkan er alveg að verða búin á síðustu metrunum. Að lokum finnur Haukur stórt grip í einni sprungunni, fer upp á brún og andar léttar. Leiðin er sigruð.


Þetta er upplifun margra upprennandi klifrara sem eru að stíga sín fyrstu skref í klettaklifri. Þeir þekkja klifrið og sú reynsla er alltaf að aukast með hverjum degi. En oft er spurt hvers vegna klifrið er svona á einum stað en öðruvísi á öðrum? Af hverju eru svæðin svona ólík? Þessu er ekki auðsvarað því almennt þekkja klifrarar lítið til jarðfræði og klettaklifursvæðin eru ekki mjög þekkt meðal jarðfræðinga.

Ég hef bæði stundað klifur á Íslandi og erlendis samhliða jarðfræðinámi mínu við Háskóla Íslands og á þeim tíma hefur hver klifurferð orðið áhugaverðari gegnum námið. Að loknu námi ákvað ég að skrifa B.S. ritgerð um klettaklifursvæði á Íslandi bæði sem innsýn fyrir klifrarar á jarðfræði og jarðfræðinga á klifursvæðum. Svæðin sem ég rannsakaði voru Hnappavallahamrar, Stardalshnjúkur, Valshamar, Munkaþverárgil, og Skinnhúfuklettur.

Þess ber að geta að af sögulegum ástæðum eru fleiri svæði nær Reykjavík einfaldlega vegna þess að þar eru fleiri klifrarar og vinna við uppsetningu svæðanna því verið meiri.

Stardalshnjúkur

Stardalshnjúkur er undir suðaustanverðri Esju, efst í Mosfellsdal, rétt fyrir ofan bæinn Stardal. Hnjúkarnir í Stardal eru hluti af Stardalsmegineldstöðinni sem nær um mest allan Mosfellsdalinn og er um 7 km í þvermál. Mestur hluti eldstöðvarinnar er rofinn í burt eða hulinn yngri jarðlögum. Eldvirkni var mikil í Esju áður en Stardalsmegineldstöðin var virk en þegar hún fór í gang voru



Sigurður Tómas klifrar 7-up (5.7) í Stardal

Skarphéðinn Halldórsson

hraungos tíð, því lítið er um millilög á milli hrauna. Bergið hefur verið segulmælt og kom í ljós að það er rétt segulmagnað og fellur inná segulskeiðið Olduvai (1,95 –1,98 milljón ár). Þetta er sá tími sem gosvirkni byrjaði í Stardal. Eftir því sem gaus úr kvikuhólfinu myndaðist stór askja og má greinilega sjá öskjulaga sprungubelti í landslaginu í kring. Öskjusigið virðist hafa verið langmest í miðjunni og sést það á hraunlögum sem runnu áður en askjan myndaðist. Askjan fylltist af vatni því fundist hefur bólstraberg og móberg innan hennar. Kvikuvirkni hefur verið mjög mikil eins og sést á keilugöngum umhverfis eldstöðina. Stefna þeirra vísar á miðju eldstöðvarinnar 600-700 m austan við Tröllafoss sunnan við Stardalshnjúk.

Eitt af stærstu berginnskotunum í öskjunni er m.a. í Stardalshjúk og hefur hraunkvikan þrengt sér upp í gegnum móbergslög. Hæg kólnun hefur valdið því að stuðlarnir eru eins stórir um sig og raun ber vitni, sumir eru allt að 2 metrar í þvermál. Mikið rof af völdum jökla á síðustu ísöld hefur gefið Stardalshnjúk sína núverandi mynd.

Bergið í Stardalshnjúk hefur verið greint sem dólerítískt ólivín-þóleið. Bergið er mjög þétt og alveg laust við blöðrur. Það hefur ágætis hörku en mjög mikið viðnám. Þetta er vegna þess að bergið er mjög ólivínríkt og ólivín veðrast mjög hratt í bergi. Þegar ólivínið er farið eru hinar steindirnar eftir og mynda einskonar sandpappírslag utan á stuðlunum. Bergið ummyndast fremur hratt á yfirborði en er nokkuð ferskt fyrir innan ummyndunarkápuna þó sjá megi ummyndunaræðar í berginu. Það brotnar séstaklega á sprunguflötum kringum stuðlana en einnig eru stuðlarnir sjálfir nokkuð sprungnir. Sprungurnar liggja mjög óreglulega þvert í gegnum stuðlana.

Klifur í Stardalshnjúk er sérstakt sökum hins mikla viðnáms klettsins. Sprungurnar eru frekar opnar og auðvelt að finna grip innan þeirra. Vatn lekur greiðlega inn á milli sprungnanna sem veldur frostveðrun á vetrum og því vil ég benda fólki á að steinar og stuðlar gætu hafa losnað sem eykur hættu á hruni. Þetta á sérstaklega við á vorin þegar klifrarar mæta aftur á svæðið eftir frostmikinn vetur.

Valshamar

Valshamar er lítill klettastapi fyrir norðan Esjuna, beint norðan við Eilífsdal, norðaustan í Miðdal. Hamarinn er um 30 m á breidd, 15-20 m á hæð og nær því sjaldan að vera lóðréttur. Hann er mjög ávalur þar sem klifrað er í „slabi“ og viðnámið við klettinn er mikið. Leiðirnar í klettinum eru margar og liggja oft mjög þétt vegna þess hve kletturinn er lítill. Allt þetta gefur þessu svæði sérstakt klifur sem finnst ekki á öðrum svæðum.

Jarðsaga Valshamars hefur ekki verið skoðuð sérstaklega af jarðfræðingum en tengist að miklu leyti jarðsögu Esjunnar vegna nálægðar hamarsins við hana. Ef Valshamar er skoðaður út frá því

umhverfi sem hann er í þá er hann eins og lítill bóla í landslaginu sem stingur mjög í stúf við allt annað í kring. Hann minnir um margt á Stardalshnjúk þó hann sé mun minni í sniðum. Bergið er þétt og lóðrétt stuðlað en stuðlarnir virðast þó vera örlítið breiðari og ávalari. Stuðlarnir eru ekki eins sprungnir og í Stardalshnjúk og hafa aðeins rauðleitari blæ. Þversprungur í stuðlunum eru ekki algengar. Jökulrof hefur verið á svæðinu á ísöld með jökulskriði frá Eilífsdal út í Hvalfjörð sem hefur hreinsað allt laust grjót á svæðinu.

Bergtegundin er ólívín þóleiit. Bergið inniheldur nokkuð mikið af járn sem gefur berginu þennan rauða lit sem er járnoxíð eða ryð. Viðnámið við bergið er mikið, þó ekki eins mikið og í Stardalshnjúk. Ég er ekki alveg viss hvort Valshamar er innskot eða hraunrennsli. Af útlitinu að dæma virðist Valshamar vera lítill bergeitill því lítið er um þessa jarðmyndun á svæðinu í kring. Ef um innskot er að ræða þá er erfitt að útskýra upptök þess sem er oft tengt megineldstöð en hún er ekki til staðar nema fyrir sunnan Esjuna, Kjalarneismegineldstöðin. Bergið er mjög fínkornótt sem segir okkur að kólnunin hafi verið nokkuð hröð og bendir það annað hvort til þess að innskotið hafi verið mjög

Samanburður á eiginleikum helstu klettaklifursvæða á Íslandi

	STARDALUR	VALSHAMAR	MUNKAPVERÁ	SK
Myndun	innskot	innskot/hraun?	hraun	
Bergtegund	dólerit	ólívín-þóleiit	þóleiit	
Ummyndun	lítill	lítill	mikil	
Litur á kletti	ljósgrábrúnn	ljósbrúnn	ljósbrúnn	
Meðalstærð blaðra	engar	engar	efst um 2-3 cm	
Grófleiki sprunguflata	meðal	lítill	meðal	
Viðnám	mikið	meðalmikið	meðallítið	
Meðalþvermál stuðla	1,5 m	2,0 m	1,5 m	
Stefna sprungna	lóðréttar+ þversprungur	lóðréttar + litlar þversprungur	lóðréttar + litlar þversprungur	
Meðalstærð sprungna	10 cm	10 cm	5 cm	
Sprunguflétir	meðallitlir	stórir	meðalstórir	
Rof	jökulrof	jökulrof	jökurof + árrof	
Klifurhalli	lóðrétt + yfirhangandi	ekki yfir lóðrétt	lóðrétt + létt yfirhangandi	
Klifur	dótaklifur	sport- og dótaklifur	sport- og dótaklifur	
Klifur einkenni	sprunguklifur	sprungur og „slab“	sprungur og kantar	



Klettarnir í Miðskjóli (við tjalpstæðið) á Hnappavöllum

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

lítið og nálægt yfirborði eða að þetta sé hraun sem storknaði á yfirborði. Stuðlarnir eru lóðréttir og samsíða sem bendir frekar til laggangs (sill) eða hraunlags, sem þá hefur að mestu rofist burt.

Munkaþverárgil

Munkaþverárgil er austan megin í Eyjafirði, rétt sunnan við kirkjustaðinn Munkaþverá og er vinsælasta sportklifurssvæðið norðanlands. Erfitt getur verið að finna svæðið en það er niðri í árgilinu

rétt neðan við brú sem liggur þar yfir.

Kletturinn er byggður upp úr gömlu, þykku hrauni frá tertíer sem komið hefur í ljós við rof. Klifurleiðirnar eru um 20 talsins á um 50 m kafla niður frá brúnni. Lengd þeirra er á bilinu 10 - 15 m eða svipuð og hraunþykktin. Hraunið er þétt og stuðlað. Flestar sprungur liggja lóðrétt og nánast engar þvert á stuðlana. Hraunið er alls staðar mjög þétt en verður blöðróttara í efstu 3 m. Neðst má sjá rauðan karga og undir honum annað hraunlag sem

SKINNHÚFUKLETTAR HNAPPAVELLIR

hraun	hraun
plagióklasdílótt þóleiit	millibasalt
meðal	lítil
ljósbrúnn	ljósgrár
engar	2-3 cm
mikill	meðal
meðal	meðallítið
engir	2,0 m
allskonar	lóðréttar+ þversprungur
0-1 cm	7 cm
engir	stórir
jökulrof	sjávarrof
lóðrétt + yfirhangandi	allar gerðir
sportklifur	sport- og dótaklifur
kantar	sprungur og grófir kantar

Hnappavellir



Stardalur



Munkaþverá



Valshamar



Skinnhúfuklettur



Handslípuð sýni frá helstu klettaklifursvæðum á Íslandi. Vinstri sýnin eru efst í klettinum, miðju sýnin fyrir miðju og hægri sýnin neðst.

ekki er nothæft til klifurs. Kletturinn er nokkuð sléttur með litlu viðnámi en hefur nokkurn grófleika sem alltaf einkennir hraun og eykst hann uppávið. Hallinn er nálægt lóðréttu og gripin eru í sprungum, nibbum og holum. Tryggingar eru bæði í sprungum og í boltum.

Hraunið er frá tertíertímabilinu og þessvegna í kringum 7-9 milljón ára gamalt. Mikið er um holufyllingar í blöðrunum og ummyndun nokkur sem segir okkur að þetta berg hafi verið á miklu dýpi. Mikið jökul- og árrof hefur því verið á svæðinu og passar það vel við rannsóknir Hreggviðar Nordahls á jökulnarsögu Eyjafjarðar. Rannsóknir á holufyllingum benda til þess að þetta hraun hafi verið í um 100-120°C hita við fergingu sem jafngildir 2-3 km dýpi.

Bergtegundin er þóleið með stórum ágítakristöllum. Klettarnir eru almennt harðir og aðeins blöðróttir efst. Sprungufletirnir sem sjást utan á klettinum eru frekar stórir, meðalgrófir og ágætis grip í litlum sprungum og nibbum. Viðnámið við klettin er ágætt en samt er lítið um ólvínkristalla í berginu. Klifrið er dæmigert fyrir hraunklifur með mikið af köntum, sprungum og litlum nibbum.

Skinnhúfuklettar

Skinnhúfuklettar eru í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Klettarnir eru um 50 m á breidd og hæstir 15 - 20 m, sums staðar aðeins yfirhangandi. Klifur á svæðinu er mjög sérstakt og hefur ekkert sambærilegt fundist á Íslandi. Einungis er hægt að klifra í boltuðum leiðum því nánast engar sprungur eru í klettinum. Mikið er um hvassa kanta og nibbur sem getur verið sárt fyrir fingurna ef klifrað er lengi. Stundum kemur fyrir að það brotni brot úr leiðunum en þegar á heildina er lítið er kletturinn mjög harður.

Jarðfræðin í kringum Skinnhúfukletta er vel skýrð í doktorsritgerð Annells. Hann kortlagði svæðið mjög vel og skrifaði mikið um uppbyggingu jarðmyndana. Annells flokkar hraun af þessari gerð sem plagióklas dýlött basalt, með stærð dila um 1-2 cm að lengd og lýsti hann því nákvæmlega.

Bergtegundin er plagióklasdýlött þóleið. Plagióklasdílur eru oftast hvítir en í þessu tilfelli eru þeir sægrænir. Þetta getur verið vegna snefilefna, smásærra innlyksa eða aflblöndunar (peristerít) - erfitt að segja nokkuð um upprunann hér. Sprungurnar sem myndast á milli dílanna eru brotfletir bergsins og þeir eru mjög óreglulegir sem gerir klettana svona grófa og klifrið svona sérstakt.

Hnappavallahamrar

Hnappavallahamrar eru hluti af klettabelti sem nær frá Salthöfða austur að Hnappavöllum og er stærsta og vinsælasta klifursvæði á Íslandi. Klettarnir eru fornir sjávarhamrar og því er lítið um laust grjót á svæðinu. Klettarnir eru myndaðir úr einu þykku hraunlagi sem hefur að öllum líkindum



runnið úr Örafajökli. Hraunlagið er mjög þykkt og stuðlað. Stuðlarnir eru mjög þykkir eða allt að 3 - 4 m. Sprungurnar milli þeirra eru lóðréttar en oft liggja líka sprungur þvert í gegnum þá. Erfitt er að sjá eitthvert sérstak myndunarform eða strúktúr. Sprungufletirnir eru frekar sléttir neðst því þar var mesta brimið. Þegar ofar dregur er hægt að finna opnari sprungur og litlar gasblöðrur.

Jarðfræði Örafajökuls er ágætlega þekkt og hafa ýmsir skrifað um þetta stærsta virka eldfjall Íslands sem hefur þá sérstöðu að vera utan við núverandi virk gosbelti. Vegna þess hve mikið er af móbergi kringum Örafajökul virðist eldvirknin hafa verið meiri á jökulskeiðum. Aldursgreiningar frá svæðinu voru gerðar út frá setlögum úr Svínafelli sem hafa aldursbilið á milli 0,6 - 0,89 milljón ár.

Bergtegundin er millibasalt sem tilheyrir milli-berggröðinni. Kvikan gæti hafa orðið fyrir kviku-blöndun á leið sinni upp á yfirborðið vegna þess hve plagióklasinn er óhreinn. Viðnámið eykst upp hamarinn því sjávarrofið minnkar með aukinni hæð. Klifrið getur verið snúið því oft er langt á milli gripa og erfitt að finna bestu gripin því fjöldi þeirra er stundum mikill. Gripin í klettunum eru gróf vegna þess hve dílött bergið er og sárt er að klifra á þessu svæði marga daga í röð.

Samantekt

Ef við berum nú saman þessi svæði kemur í ljós að ekkert þeirra er eins að uppbyggingu og eiginleikar þeirra því mjög einstakir eins og sést í töflu á opnunni hér á undan. Flest eru þau mynduð sem hraun sem runnu á yfirborði nema Stardalshnjúkur og kannski Valshamar. Svæðin urðu síðan fyrir rofi sem hreinsaði burt laust grjót og gaf þeim núverandi mynd. Það er því gott að klifra á rofmiklum svæðum sem eru þar sem jökul-, ár- og sjávarrof er mest.

Strúktúr svæðanna er mjög fjölbreyttur. Stuðlun er á öllum svæðunum nema í Skinnhúfuklettum og stuðlarnir misþykkir. Sprungur milli stuðlanna liggja flestar lóðrétt en eru misstórar. Þversprungur eru áberandi í Stardalshnjúkum og Hnappavallahömrum. Hraunin eru flest blöðrótt eftir því sem ofar dregur og því meira um grip þar en neðst.

Þegar bergfræði myndananna er borin saman kemur í ljós að þær einkennast hver af sinni bergtegund og veðrast því á ólíkan hátt. Stardalshnjúkar hafa mikið viðnám vegna mikils magns ólívíns sem hefur veðrast úr berginu. Valshamar hefur einnig ágætis viðnám þó hlutfall ólívíns sé mun minna. Hnappavallahamrar eru dílöttir og mjög grófir til klífurs. Skinnhúfuklettar eru úr sérstöku bergi með stórdílum sem við veðrun gefa berginu mjög hvassa áferð. Aukning var á plagióklasi eftir hæð á flestum svæðum og mikið af málmum neðst í klettunum sem bendir til kristalsökks/flots við storknun. Ummýndun var mikil á tertíeru svæðunum, sem eru Munkaþverá og Skinnhúfukletta en lítil í hinum. Allt þetta gefur hverju svæði fyrir sig sérstaka áferð og klifureiginleika sem erfitt er að finna annarsstaðar.

Lokaorð

Hið fullkomna klífursvæði er erfitt að finna því það er persónubundið hvernig klifur menn kjósa. Sumir vilja klifra í aflíðandi veggjum með litlum gripum á meðan aðrir kjósa klifur í yfirhangandi þökum með stórum tókum. Það er því engin niðurstaða sem kemur hér fram sem segir að betra sé að klifra á þessu svæði en hinu. Niðurstaðan er hinsvegar sú að svæðin eru öll klífurssvæði, ólík að gerð og uppruna, og hver með sitt sérkenni. ■

Ógleymanlegar ævintýraferðir um allan heim!

Spennandi ferðir innan og utanlands

Mont Blanc	(4808m)
Kilimanjaro	(5895m)
Cotopaxi	(5907m)
Jbel Toubkal	(4167m)
Hvannadalshnúkur	(2119m)



Frábær tilboð í Netklúbb ÍFLM. Skráðu þig!

mountainguide.is

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn

Upplýsingar og bókanir: www.mountainguide.is / Tel: 587 9999

Ceüse

klettklifurparadís í Frakklandi

Róbert Halldórsson

Steikjandi hiti, klukkutíma gangur, 700m
hækkun á hverjum degi í 7 vikur ...
- þetta er Ceüse.

Hvernig væri að skella sér til Ceüse í sumar? Hug-
detta út í bláinn. Svæði sem við vissum ekkert um
nema að sjarmatrölilið **Chris Sharma** hafði stungið
upp í einhverja Frakka og klifrað eina erfiðustu leið
í heimi. Leið sem var búin að vera í vinnslu frá því
á áttunda áratugnum. Leið sem Frakkar kannast
við sem Biographie, en Sharma bætti um betur -
lengdi leiðina, nefndi Realization og gráðaði hana
9a+ eða 5.15a. Þegar Sharma rauðpunktaði leiðina
árið 2001 var hún talin fyrsta 9a+ leið heims og þar
með sú erfiðasta á hnettinum. Leiðin hefur verið
endurtekin þrisvar.

Hugur okkar stefndi ekki alveg svo hátt en eitt-
hvað áleiðis.


Um svæðið

Ceüse er kalksteinsklettur í Hautes-Ölpunum í
Frakklandi, nálægt bænum Gap. Kletturinn snýr í
vestur, suður og austur og er 3 km langt hálfhring-

laga klettabelti. Það má alltaf finna finna skugga
á öllum tímum dags sem gerir það að verkum að
hægt er að klifra þar mest allt árið, mera að segja á
sumrin því kletturinn er í um 1.800m hæð þannig
að hitinn verður bærilegur.



Kjartan að rokka Super
Mickey (7b)

A large photograph showing a climber on a steep, light-colored rock face. The climber is shirtless, wearing dark pants and a harness, and is positioned high up on the rock. A rope is visible extending from the climber. The background shows a blue sky with some clouds and some greenery at the base of the rock.

Valdi klifrar í
La Cascade

Að eiga heima í Ceüse

Efmér yrði bannað að búa á Íslandi myndi ég örugglega flytja til Ceüse. Tré og runnar skipta tjaldstæðinu niður í óreglulega bletti þar sem eingöngu klifrarar hafa holað sér niður. Fullt af fólki saman komið á litlu svæði og allir með sama áhugamál... að klifra klett. Tjaldstæðið, Les Guérnis, er rekið af eldri hjónum sem tala bara frönsku. Þau reka litla búð á bóndabænum sínum þar sem helstu nauðsynjar eru seldar: brauð, egg, mjólk, pasta, leiðavísir, allskyns niðursuðuvörur o.fl. Hægt er að komast í ofurmarkaði í Gap sem er í 20 mín akstursfjarlægð.

Á tjaldstæðinu eru klósett og sturtur, sem voru oft á tíðum skítkaldar, en virkuðu vel.

Klifrið

Eftir að hafa gengið í tæpan klukkutíma upp 700 m í steikjandi sólinni þá má klifrið nú vera erfiðisins virði. Því verður heldur betur ekki neitað. 20-30 m leiðir, mikið eða létt yfirhangandi, mjúkir kalksteinsvasar eða juggarar... Ceüse er með allt. Leiðir

í Ceüse eru á heildina litið LANGAR. Gott er að vera með 70 m línu við klifrið. Heildarföldi leiða er nálægt 250.

Vestast er svæðið La Cascade. Þar er að finna gríðarlegt yfirhang, meira en 45°. Þar eru margar góðar leiðir eins og Vagabond d'Occident 7c, Rosanna 8a, Super Mickey 7b, Ananda 7a, Privilège du Serpant 7c+ og Corps étranger 7b+ svo dæmi séu tekin.

A smaller photograph showing a climber on a steep rock face. The climber is shirtless, wearing light-colored pants and a harness, and is positioned high up on the rock. A rope is visible extending from the climber. The background shows a blue sky with some clouds and some greenery at the base of the rock.

Robbi í Priviligé
du Serpant (7c+)

Annað flott svæði er Berlin. Þar er að finna létt yfirhangandi leiðir á litlum gripum, aðallega vösum. Svæðið Demi Lune býður upp á léttari leiðir frá 6a og upp-úr. Langt í austri er Grande Face. Þar er að finna allt að 120 m fjölspannaklifur og eru leiðirnar þar mjög skemmtilegar, sérstaklega því þar er lítið kalk að finna.

Svona mætti lengi telja en nokkrir gullmolar sem enginn má missa af eru Bibendum 7b+, Harley Davidson 6b+, Angel Dust 7a+, Mélody Nelson 7a+, Wounded Knee 7b, Sitting Bull 7b+, La Petite Illusion 7a+, Berlin 7c og Lapinerie 7b.

Rigningardagar eða hvíld

Ef rignir má fara inn í hlöðu og klifra því þar er búið að smíða vel yfirhangandi klifurvegg og setja fullt af gripum. Góður veggur fyrir styrkæfingar eða ef maður missir úr dag vegna rigningar. Í hlöðunni er líka borðtennisborð. Þar kemur fólk oft saman á kvöldin með bjór og tilheyrandi og spilar. Mikil stemning myndast og maður kynnist fullt af öðrum klifrurum. Þar voru ekki ómerkari kappar en David Lama og Magnus hinn norski Midtbö.

Í um klukkutíma akstursfjarlægð frá tjaldstæðinu er árgljúfur þar sem hægt er að baða sig. Þar eru líka grjótglímur sem hægt er að spreya sig á berfættur og detta svo ofan í vatnsegginn, eða hoppa fram af klettum ofan í hyl.

Dvölin í Ceüse var hreint frábær, þótt brekkugangan hafi orðið eilítið þreytandi í lokin. En ef það væri ekki fyrir þessa brekku væri svæðið örugglega morandi í klifrurum og það væru búið að eyðileggja það.


Ceüsette

Í göngufjarlægð frá tjaldsvæðinu eru grjótglimusvæði sem kallast Ceüsette. Þetta eru hnellingar sem hafa hrunið úr kletti-
num fyrir ári og öld. Þar er að finna fullt af ágætis glímum en þetta svæði er varla þess verðugt að heimsækja í sér grjótglimuferð heldur góð tilbreyting frá spottaklifrinu ofan brekkunnar. ■

Klifrað í slóttinu
í La Cascade



Valdi dýfir
sér í einn af
hyljunum í
gili



GARMIN KEMUR ÞÉR Á SPORIÐ

www.rs.is

Garmin GPSmap 60CSx

Eitt öflugasta staðsetningartækið fyrir veiði- og útivistarfólk. SiRF GPS móttakari, 64Mb Micro SD minniskubbur fyrir kort, mikið vegpunkta og ferilminni ásamt vegleiðisögutölvu. Fjölhæft tæki í bilinn, veiðina eða á fjallið.

eTrex Venture Cx

Minnsta kortatækið frá Garmin. Litaskjárninn í þessu fyrirferðalitta tæki er ótrúlega skýr og staðsetning takka er hönnuð til að auðvelda notkun í annarri hendi.



GPS kort

GPS kort, útgáfa 3.0. Íslandskort í Garmin tæki, 20 metra hæðarlínur, 40.000 örnefni, mikið magn hálendisliða og margt fleira.



GARMIN


R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is


Umboðsmenn

Akureyri: Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bilanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensinstöðin
Reyðarfjörður: Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bilanaust, Elko, Everest, Hlað, Intersport, Max raftæki, Motormax, Stormur, Toyota aukahlutir, Útílf, Vesturröst · **Fríhöfnin**

①



②



Kristín Martha
Hákonardóttir

⑤



Hjalfrí Andrés Staurbjörnsson

⑥



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

③

⑦

③



Róbert Halldórsson

④



Biörgvin Hilmarsson

- ① Hallgrímur Arngrímsson fangar reður-táknið í La Rose des Sables (7a) í Buoux
- ② Hjalti Rafn glímir við Gluteus Maximus í Steinafialli
- ③ Haukur Arngrímsson sigur niður Le Pilier des Formis (7a) í Buoux
- ④ Sædis Ólafsdóttir klífrar Mónu Lísu (5.8+) á Hnappavöllum
- ⑤ Kristján Þór Björnsson (Kristó) í Heyvagninum hans Chris Sharma nálægt Ticino í Sviss
- ⑥ Björk Hauks hitar upp í Góðri byrjun á Hnappavöllum. Guðlaugur og Sædis fylgjast spennnt með
- ⑦ Kristín Martha að búldera í Ailfroide í frönsku Ölpunum (Les Ecrins þjóðgarðinum)

⑦



Hjaltil Rafn Guðmundsson



Bjarnarfjörður, grjótglímusvæði á Ströndum

Hjalti Rafn Guðmundsson

Mér finnst erfitt að koma til Íslands eftir klifurferð á Spáni. Á Spáni er hægt að klifra á nýjum stað á hverjum degi. Á Spáni eru nefnilega ógeðslega mörg klifursvæði og þau eru öll frábær. Þannig að þegar heim er komið þá líður manni eins og maður hefði átt að verða samferða flugvélinni aftur til baka. Það þýðir þó lítið að staldra of lengi við þessar hugrenningar. Miklu betra er að fara á Hnappavelli og klifra því klifrið þar er mjög gott. En oft heyrir þetta úr viðtækinu: „Akurnes, suðsuðaustan 20 metrar á sekúndu, rigning. Fagurhólsmýri, suðsuðaustansuð, 20 metrar á sekúndu, rosaleg rigning og allsekki á leiðinni að stytta upp“. Og hvað þá?

Í lok mai 2004 þá var ég nýkominn heim úr tveggja mánaða klifurferð um Spán og Frakkland með Kristínu Mörthu. Þá var einmitt þessi stemning í gangi, „það eru engir almennilegir klettur á Íslandi, Ísland sökkar“. Ofan á það bættist „oj suðaustan rok og rigning og ekki einu sinni hægt að fara að klifra á Hnappavöllum“. Við höfðum þó bæði góða hugmynd um hvað við gætum gert. Árið áður höfðum við farið í Norðurfjörð að skoða Stefánsundrin og

gisti ofan í fjöru. Á heimleiðinni sáum við nokkur lág klettabelti í Bjarnarfirði sem við reyndar skoðuðum ekki nema út um glugga á ferð.

Aftan í kollinum varð til sú hugmynd að þetta væru örugglega góðir grjótglímuklettur og sitjandi undir regnsegli í fjögurra stiga hita á Spáni nokkrum mánuðum seinna, þá veltum við þessum klettum mikið fyrir okkur. Við höfðum bæði nýklárað „Hvítu köngulóna“ eftir Heinrich Harrer og okkur fannst frábært að nota nöfn úr henni á grjótglímur. Við komumst það langt að við vorum búin að nefna allar leiðirnar sem við ætluðum að klifra í Bjarnarfirði áður en við vissum hvort þar væri klifur. Það var samt upp á von og óvon og búin undir vonbrigði, sem við ókum vestur á Strandir til þess að klifra Eigerinn.

Bjarnarfjörður kom mjög á óvart, 18 stiga hiti og sól, skaflar undir klettunum. Klettarnir voru flottir og það var nóg af þeim. Grjótið var svo enn betra þegar maður byrjaði að klifra í því. Engrar dýnu þörf, maður datt bara í snjóinn. Sumrinu var bjargð og það var orðið gaman að vera kominn heim til Íslands. ■

Aðstæður í Bjarnarfirði

Hvar: Bjarnarfjörður er vestur á Ströndum ekki svo langt frá Hólmavík. Klettarnir eru norðvestan megin í firðinum, beint á móti Kaldrananesi. Akstur frá Reykjavík tekur um það bil 3 klukkustundir og hálf tíma að auki. Klettarnir eru rétt fyrir ofan veginn í lyngvaxinni hlið og skiptast í nokkur lág klettabelti á tveimur stöllum um það bil.

Klifrið: Klettarnir eru í sól nær allan daginn þegar sólar nýtur og það er skjólsælt við þá. Klettarnir eru frá 2 m að 6 m á hæð. Brött brekka er undir sumum þannig að sá sem er fyrir neðan til þess að grípa verður að vera vel vakandi. Gott er að vera með dýnu með sér til þess að lenda á, skaflarnir endast ekki allt sumarið. Dýnan hlífir líka gróðrinum. Bæði hafa verið gerðar hliðranir og leiðir sem liggja upp í klettunum. Enn sem komið er heita allar leiðir sem farnar hafa verið nöfnum sem tengjast norðurhlið Eiger á einhvern hátt. Leiðirnar hafa ekki ennþá fengið neinar gráður því við höfum alltaf verið svo önnum kafin við að klifra að gráðun hefur orðið útundan. Leiðirnar eru af öllum gerðum og af öllum erfiðleikum þannig að allir ættu að geta fundið sér grjótið að glíma við.


Umhverfið: Í Bjarnarfirði er mikið af fuglum sem verpa í móum og niðri í fjöru. Klifrarar ættu að taka tillit til þeirra og finna sér annað grjótið ef hreiður eða ungar eru nærri. Rusl fer allt aftur til mannabyggða.

Gisting: Það eru nokkur tjaldsvæði í nágrenninu, en það er líka örugglega allt í lagi að gista ofan í fjöru.




Myndir: Hjalti Rafn &
Kristín Martha

Erfiða sprungan í
Annarri ísbreiðu.



Íshosan, Ramp-
urinn á norður
hlíð og Hinter-
stösser tvö á
austurhlíð, Galleri
glugginn.



Loka sprungan,
Önnur ísbreiða.



Myndir: Halldóra og Stefania

Ohhh það er svo gott að koma til Spánar í klifurferðalag. Sérstaklega þegar maður hefur varla sofð í þrjá sólarhringa og búið að vera stress og streð mánuðina áður. Ferðalagið gekk vel, ég hef farið þessa leið áður og er öllum hnútum kunnugur. Þegar maður sleppur út úr flugvélinni og frá fullu Bretunum sem drukku milljón Bloody Mary og voru farnir að öskra af gleði, tekur á móti manni lykt sem minnir á klifur, hita og fyrirheit um ævintýri. Mitt fyrsta stopp var á lestarstöðinni í Alora þar sem endastöð lestarinnar var að þessu sinni, því til El Chorro gengur lest einungis tvisvar á dag og báðar löngu farnar. Leigubílstjórarnir voru allir fullir eða týndir þannig að barþjónninn á lestarbarnum sagði að ég mætti fá lánaðan þýska fjárhundinn sinn og sofa á brautarvallinum. Svo gaf hann mér vín svo mér yrði ekki kalt. Spánverjar eru gott fólk. Hann og vinir hans voru að æpa hver á annan um pólitík, um leið og þeir reyndu að hjálpa mér að komast til

Ohhh þetta er svo gott brandý!

Hjalti Rafn Guðmundsson

El Chorro. Sami barþjónn hafði látið þau fleygu orð fjúka tveimur árum áður um Kristínu Mörtu, „muy bien mujer“, þegar hún rogaðist inn á barinn með risastóru töskuna sína rétt um klukkan sex að morgni og pantaði kaffi. Elmar hringdi rétt eftir miðnætti og sagði mér að Stefania hefði fundið Spánverja sem vildu sækja mig gegn gjaldi. Þeir komu og keyrðu mig upp eftir og drukku romm í kók á leiðinni. Bílferðin var athyglisverð. Ég svaf svo í sólarhring.

Þegar ég vaknaði vissi ég að ég væri kominn til minna himna. Ég var umkringdur frábæru fólki og allt hlaut að verða að hamingu með þeim. Öll vorum

við komin til Spánar með sama markmiði í huga, að upplifa spænska menningu til hins ýtrasta, borða allt það tapas sem við gætum í okkur látið og klifra. Ég hafði tveimur árum áður eytt frábærum klifurmánuði í El Chorro með formanni Klifurfélags Reykjavíkur og vissi að kellingarnar á lestarbarnum voru kjaftforar og elskulegar, lónið væri fyllt og



Elmar prílar eitthvað rosalegt í Holunni.

tæmt eftir óskiljanlegu fyrirkomlagi og klifrið var „bueno“. Ég hafði skilið eina leið eftir frá fyrri ferð, Oraculo 8b, ókláraða og núna ætlaði ég að gjalda henni rauðan belg fyrir gráan.

Lárétt klifur

Klifrið byrjaði vel. Sólin skein alla daga og algjörlega óþarft að klæða sig öðruvísi en ber að ofan. Ég og Kjartan byrjuðum á að koma okkur í klifurform fyrir brattar kalksteinsleiðir í „holunni“ og skelltum okkur í bröttustu 7c+ leið sem ég hef prófað. Leiðin lá upp brattasta hluta Poema de Roca og er eiginlega lárétt. Ekki minn klifurstíll. Að klifra leiðina reyndist mun erfiðara en ég bjóst við. Fyrst ákváðum við þegjandi að sleppa að nota fætur og reyndist það illa. Eftir smá epic kláraðist þó leiðin og lofaði ég mér að leggja meiri áherslu á svona brattlendi en áður. Reynslunni ríkari snerum við okkur að leiðum í aðeins minni bratta. Það er alltaf gott að fá smá raunveruleikaprófum.

Áfram leið tíminn. Þegar við vorum ekki klifrandi þá fórum við til Malaga og sömpluðum tapas. Krakkarnir villtust einu sinni og fóru í gegnum rauða hverfi Malaga. Þar sáu þau í útstillingarglugga leðurþveng á gínu sem þau sögðu mér og Kjartani seinna að færi Elmari líklega vel. Ég og Kjartan reyndum ítrekað að finna gluggann en það var fyrir lítið, við fundum hann ekki. Í stað þess þöndum við ímyndunaraflið til hins ýtrasta.

Jólasól

Brátt leið að jólum og við fórum að huga að undirbúningi þeirra. Það er furðulegt fyrir Íslendinga vana slyddu og fúlviðri að komast í jólasþap klifrandi bollausir alla daga. Við fórum í innkaupa-leiðangur til Malaga og keyptum jólakostinn. Vikar sem var vanur sparsamri klifurferð frá árinu áður blöskraði brúðlið eftir að ég var kominn. Við fylltum margar risatöskur í verslunarleiðangrinum af besta mat og finasta víni. Ekkert skyldi til sparað. Ég, Halldóra og Stefanía settum saman fjölrétta matseðil og svo var eldað í báðum íbúðunum sem við vorum í. Ég fékk að sjá um yfirstjórn því ég var talinn elstur eða eitthvað. Saman tókst okkur að gera máltíð sem fimm stjörnu Michelin veitingahúsi hefði talist full sæmd af. Lamb var eldað að spænsk/ítölskum hætti, Waldorf sallat Halldóru, hangikjöt a la Elmar, lostæti Stefaníu og allir hjálpuðust að við að þeyta rjóma með piski. Vikar, Elmar og Stefanía tindu kaktus og skreyttu næstum eins og jólatré. Við vorum með fullt af pökkum undir kaktusnum. Í eftirrétthafði Halldóra galdrað ris à l'amande með baun. Stefanía fékk baunina og hlaut möndlugjöfina sem var klifurfesta sem ég og Kjartan höfðum valið sérstaklega. Allir fengu gjafir og var ég ánægðastur með meðfærilegan dósaupptakara sem ég fékk frá krökkunum ásamt fleiru. „Já þetta er yndislegt“ sagði Elmar.

El Caminito del Rei

Á jóladag klifraði ekkert okkar. Við höfðum bætt á okkur minnst fimm kílóum hvert. Því skildi náð af aftur fyrir næsta dag. Við fórum í ævintýraleiðangur um litla stíg kónsins, El Caminito del Rei, sem var byggður fyrir áttatíu árum síðan utan í vegg El Chorro gljúfursins í svimandi hæð. Þar hittum við hressa Tékkka sem þekktu einhvern Árna kokk á Íslandi. Tékkarnir skiluðu Stefaníu síðar stafrænu myndavélinni hennar sem hún hafði skilið eftir á steini. Þeir tóku mynd af sjálfum sér á vélina sem Stefanía uppgötvaði svo skömmu eftir að vélinni var skilað. Ógeðslega fyndið fannst okkur hinum.

Við enduðum leiðangurinn okkar í Makinodromo sem er stór hallandi veggur sem minnir ögn á móbergið hjá Vík í Mýrdal í sjón. Í Makinodromo er þó hægt að klifra og er gimsteinn El Chorro, svo góður er kletturinn. Til þess að komast að Makinodromo þarf að fara nokkur lestargöng sé „Litla stíg kónsins“ ekki fylgt. Þar sem lestargöngin eru mun greiðari leið eru þau fyrsti valkostur flestra. Sá gallinn er hinsvegar á að göngin vakta verðir sem hóta því að sekta þá sem um þau fara um 8.000 evrur. Vegna þess ákváðu Kjartan, Elmar og ég að athuga hvort hægt væri að komast yfir fjöllin sem skilja að bæinn El Chorro og Makinodromo. Vikar, Halldóra og Stefanía fóru göngin og voru ekki sektuð. Könnunarhópurinn lenti hinsvegar á villisvínastíg um þyrnirunna sem enduðu í þverhníptum klettum sem við klifruðum niður. Við erum rosalegir naglar. Við rétt svo komust í hús fyrir myrkur sem á Spáni er jafn dimmt og kaffi. Við fórum lestargöngin nær alltaf eftir það nema þegar ég og Kjartan stungum gangaverðina af á hlaupum á gamlársdag. Þá fórum við Kónsgstíginn heim.

Fjallkonur á þríhjóli

Eftir jólin hélt lífið áfram sinn vanagang. Við sváfum, klifruðum, borðuðum góðan mat og drukkuðum rauðvín, allavega ég, Kjartan og Halldóra. Einu sinni eftir klifurdag vorum við drengirnir orðnir langeygir eftir heimkomu Halldóru og Stefaníu. Þær komu heim um miðnætti á þríhjóli eftir að hafa snætt með sætum Spánverjum í casa coche. Þar fór Stefanía mikinn í spænskunni en Halldóra sagði víst færra. Stefanía heimtaði að fá að sofa á milli mín og Kjartans og sofnaði ekki fyrr en ég hafði lesið fyrir hana kafla úr Gulrótabóndanum sem ég var að lesa eða svo hélt hún. Daginn eftir vöknudum við Kjartan snemma og fórum að klifra. Kjartan ákvað að stytta sér tímann sem ferðin niður

brekkuna frá íbúðinni okkar tók með því að renna sér á þríhjólinu. Á þríhjólíð vantaði stýrið. Hann fór rosahratt niður brekkuna, fór í heljarstökk, lenti á hægri hendinni og afhýddi hana. Hann náði þriggja metra hæð áður en honum var kippt til jarðar af herra G. Hann hætti alveg að tala um hversu gott væri að hafa hjól meðferðis þegar við gengum niður brekkur eftir slysið. Þetta hafði samt engin áhrif á klifrið hjá Kjartani þó allt skinnið vantaði á hægri hendina. Kjartan er nefnilega hörkutól.

La tienda de Durex

Rétt fyrir áramót komu Valdi bróðir Kjartans og Marianna frá Hollandi. Mariönnu höfðum við kynnst í Ceuse sumarið áður þar sem Valdi, Kjartan, Robbi og ég höfðum verið að klifra. Valdi og Marianna eru kærustupar núna. Þau komu á putt anum frá Hollandi og tók ferðalagið þrjá daga. Kjartan hafði löngu talið bróður sinn af þegar þau birtust okkur kvöld eitt þar sem ég og Kjartan sátum á lestarbarnum og slökktum þorstann. Þar urðu fagnaðarfundir. Þau fengu að tjalda tjaldinu hennar Mariönnu í lokaða garðinum sem fylgdi stóru íbúðinni okkar. Þar sem aldrei rignir á Spáni slepptu þau himninum. Vegna hluta sem þau geymdu í vasa hálfgegnæs tjaldhiminsins fékk tjaldið nafnið „la tienda de Durex“. Það var voðafint að hafa þau í tjaldi útí garði. Sérstaklega þegar þau gleymdu hversu óhljóðeinangrandi tjaldhimnar eru. Svo komu þau inn í morgunmat þar sem við biðum þeirra brosmild og flissandi.

Eftir jól koma áramót og þá dugir ekkert minna en kalkúnn sem var uppseldur svo akurhænur voru fylltar og eldaðar eins. Maturinn var frábær og stemmningin eins og best verður á kosið. Daginn eftir fórum við Kjartan til Makinodromo og hann klifraði sína fyrstu 8a leið og ég mína fyrstu 8b leið. Það er allt hægt í góðra vna hópi. Og hópurinn átti bara eftir að batna. Kaffeinn Árni Már átti eftir að bætast í hópinn.

Ohhhh þetta er svo gott brandí

Rétt eftir áramót fórum við Kjartan til Malaga að ná í Árna Má. Við eyddum fyrriparti dagsins við tapas át. Svo komum við við á flugvellinum og kipptum Árna með okkur. Við fengum okkur svo meira sjávarréttatapas, bjór og sætvín. Okkur fannst það frábært. Keyptum okkur svo sólkrem fyrir Árna, drykki og fórum niðrá strönd að hitta Valda og Mariönnu sem voru að busla allsber í sjónum. Ég gerði sólhatt úr dagblaði handa Árna

svo hann bryn timer ekki. Við komum við í matvöru-markaðnum á heimleiðinni og keyptum mat og brandí. Brandíið var handa mér og Árna, jafnvel Vikari og kannski fyrir Valda og Mariönnu enda við ein úr hópnum með aldur fyrir þesslags drykki. Árna fannst brandíið mjög gott þótt að það væri einungis 15% að alkóhólinnihaldi miðað við rúm-mál og fékk sér mörg glös. Daginn eftir sá hann á flöskunni að brandí er 40% alkóhól. Ohhhh þetta er svo gott brandí.

Á Spáni er indælt að vera og klifra þegar slydda geisar heima. Maður vaknar, kreistir sér appelsínu-safa og borðar morgunverð. Klifrað er á meðan orka endist. Eftir klifur er oft stoppað á lestarbar og drukkið kaffi. Á meðan hlustar maður á þrjár kynslóðir háværra kellinga sem reka barinn. Ef þú ert ekki Frakki þá brosa þær á móti og umbera fákunnáttu þína í spænsku þegar þú pantar. Skem- tilegasti hluti dagsins er oft að elda og borða kvöldmatinn. Ég fékk að frekjast daldið mikið með eldamennskuna og eldaði þónokkuð oft ofaní átta soltna Íslendinga og einn Hollending. Ég fékk nú samt alltaf drjúga aðstoð. Mér fannst það frábært.

Afrek á nýju ári

Eftir áramótin klifruðum við bara meira. Allir bættu sig. Einn daginn sem ég, Árni og Halldóra klifruðum saman þá klifraði ég leið sem var frek- ar fátæklega boltuð og óhugguleg. Halldóra var í miklu stuði og leiddi hana líka. Mér fannst það flott þar sem ég var með hjartað í buxunum þegar ég fór leiðina og finnst ég nú vera svaka klifrari.


Einn daginn vorum við flest í letikasti nema Elmar. Kjartan og Stefanía voru reyndar farin til Íslands þar sem þeirra beið víst skóli eða eitthvað álíka. Elmar og Vikar ætluðu að klifra en ég, Árni og Halldóra ætluðum ekki að gera neitt sérstakt. Við spilnuðum spil sem ég man ekki hvað heitir. Valdi og Marianna gáfust fljótlega upp á að syn- da allsber í sundlauginni okkar og fóru að klifra. Brátt nennti Elmar þessu hangsi ekki og fór að hitta Valda og Mariönnu þangað til Vikar kæmi. Elmar lagðist í sólbað undir Poema de Roca kletti- num sem er 300 m hár og nokkrar fjölspannaleiðir liggja upp. Valdi og Marianna voru að klifra þar sem og nokkrir Pólverjar í fjölspannaleið. Þeir voru komnir vel áleiðis upp klettinn þegar þeir losuðu grjót sem datt beint niður á bringuna á Elmari og splundraðist í duft. Elmari var eðlilega brugðið og

fór í hálfgerst lost. Pólverjarnir sigu umsvifalaust niður og komu Elmari til okkar í húsið. Svo keyrðu þeir okkur á sjúkrahús í Malaga. Þar var Elmar skoðaður og teknar myndir af honum. Elmar tók loks að braggast og leiddu myndirnar einnig í ljós að Elmar var ekki brotinn, en fengi að öllum lík- indum marblett á stærð við Alaska til minningar um steininn. Læknirinn, José Pollo Paco, sagði að mun verr hefði getað farið fyrir einhverjum sem hefði ekki verið eins fíranlega massaður og Elmar.

Vikar lá einn daginn í sólbaði í Makinodromo og horfði dreyminn upp í himininn hugsandi um bimmann sinn. Allt í einu kom eitthvað svífandi, samt ekkert sérlega hratt. Hann hugsaði ekki mikið um það fyrr en hluturinn lenti á maganum á ho- num. Þá loks rankaði hann við sér úr sólbaðinu og sá að þetta var lifandi slanga. Vikar stökk á fætur og slangan stakk sér ofaní bakpokann hans El- mars. Allir voru voða hræddir við slönguna nema Marianna sem togaði hana upp á halanum og sporðrenndi.

Fámennt í kotinu

Loks vorum við Árni einir eftir. Allir farnir. Við ákváðum að deila rúmi áfram þó að við værum tveir í átta manna íbúð. Við klifruðum á hverjum degi og gekk vel. Ég fór eina mjög epíska 8a+/8b leið í viðbót. Efri helmingsnum af tvistunum mí- num í leiðinni var stolið einn daginn og ég sagði





obbobobb þegar ég uppgvötvaði það. Grátandi bræður frá Úkraínu hertóku leiðina annan dag svo þeir fengu mat um kvöldið því pabbi þeirra var svo mikið illmenni. Ég varð ekki sáttur við að komast ekki að. Árni varð þá hræddur við mig af því að ég varð svo reiður út í bræðurna. Ég klifraði leiðina svo á seinasta degi dvalarinnar. Líklega minnisstæðasta leið sem ég hef farið vegna fyrirhafnarinnar sem hún kostaði sem og vegna allra upptákanna.

Alltaf einhver misskilningur

Eftir þennan lokadag þá fannst okkur við eiga skilið hressingu á barnum hjá kellingunum. Árni ákvað að það væri nú eða aldrei að kynnst nýju fólki. Við byrjuðum á Belga sem gisti einn í yfirgefnu húsi og iðkaði íhugun. Hann þáði bjór. Hann ferðaðist einn og hafði komið til El Chorro með tvista, belti og skó en enga línu. Honum hafði gengið illa að finna klifurfélaga. Í næstu ferð ætlaði hann að sleppa tvistunum en koma með línu. Eftir að við höfðum kynnst honum og hann gengið flyndbullur nokkurnvegin í rétta átt að yfirgefna húsinu sínu þá komu tveir Norðmenn ofan að frá Makinodromo. Við höfðum hitt þá áður á Norðurlandamóti í klifri í Finnlandi haustið áður. Nokkrum dögum fyrr þegar við vorum að skila Elmari, Halldóru og Vikari út á lestarstöð í Malaga hafði Árni fengið Elmar til þess að leiða sig. Þeir leiddust glaðir í gegn um lestarstöðina þar til þeir sjá tvo Norðmenn grafkjorra með fjögur uppglennt augu standa beint á móti sér. Eftir það hittum við Norðmennina oftar en Árni hittir móður sína og alltaf horfðu þeir frekar furðulega á Árna. Árna fannst að tími væri til kominn að leiðrétta þennan misskilning sem hann taldi vera á ferðum. Hann sagðist alls ekki vera samkynhneigður og hann hefði bara leitt Elmar í gríni. Vinur hans væri alltaf að gera svona hluti og reyndi oft að fá sig til þess að leiða sig í Kringlunni og hann hefði bara verið að herma eftir honum. Annar Norðmaðurinn sagðist ekkert hafa á móti samkynhneigðu fólki - sér fyndist það bara fínt. Hann sagði líka að hann hefði gleymt gleraugunum sínum í Noregi og þyrfti því að píra augun. Andrúmsloftið var þínu vandræðalegt í smá stund. Við fengum okkur svo bara smá brandí og kaffi og öllu létti. Síndra, hinum Norðmanninum, hafði líka gengið vel að klifra þennan dag. Hann hafði klifrað 8c+ leið í Makinodromo. Þeir voru líka á heimleið. Við hittum þá væntanlega aftur á Norðurlandamótinu í klifri í Sogni í Noregi í haust.

Ferðin heim var alls ekki tíðindalaus. ■

Kpt. Árna finnst brandí svo gott.




Kjartan stímir upp Lourdes 8a í Makinodromo.

Saugrat Satans

í Vestrahorni

Hrappur
Magnússon



Nafn Leiðar: Saugrat Satans

Gráða og lengd: 5.10b, ca. 130 m í 6 klifurspönnum auk um 50m brölts í 1. spönn

Dags. fyrstu ferðar 15. ágúst 2004

Klifrarar: Hrappur Magnússon og Rafn Emilsson

Svæði: Vestrahorn við Höfn í Hornafirði á Suðausturlandi

Staðsetning: Leiðin liggur upp áberandi hrygg á suðurvegg Vestrahorns, á sömu slóðum og hin fræga leið Ódysseifur (sjá ársrit Ísalp árið 2000). Keyrið austur þjóðveg 1 frá Höfn í Hornafirði í átt að nýju jarðgöngunum í Almannaskarði. Þegar komið er að Almannaskarðsbrekkunni er beygt til hægri niður malarveg í átt að ratsjárstöðinni á Stokksnesi og er þeim vegi fylgt langleiðina að stöðinni. Rétt áður en komið er að stöðinni er sveigt út á fjörusandana, sem eru þurrari en pollarnir á þeim gefa til kynna (þó ekki séu þeir alltaf færir öllum fólksbílum). Þegar yfir sandana er komið tekur við grófur moldarvegur (1-2 km) alveg inn að Vestrahorni. Undir Horninu eru rústir húsa og m.a. einmana arinn með stórum reykháfi, sem hægt er að orna sér við á síðkvöldum ef ætl-unin er að gista á staðnum.

- Lýsing:**
- 1. spönn** (brólt, 50 m). Þessi telst varla með enda er hún mjög auðvelt brólt á grasstöllum, sem óþarfi er að tryggja. Bolti til að gera stans beint undir næstu spönn.
 - 2. spönn** (5.10, 25 m, 7-8 boltar). Nokkuð tæp yfir lítið þak með áhugaverðri veltu upp á fótinn. Allt að 3-4 metrar milli trygginga. Léttist eftir þakið og endar á syllu undir 3. spönn í Ódysseifi.
 - 3. spönn** (5.10, 27 m, 12 boltar). Smá hliðrun niður á við til hægri og byrjar á smá syllu. Liggur upp vegginn eftir augljósum veikleika yfir smá haft og endar á góðri syllu (syllan er samt mjög lítil og komast bara tveir með góðu móti á stansinn). Þótt góð sé er spönnin 27 m og mælum við því með 60 m línu ef ætlunin er að síga niður leiðina!
 - 4. spönn** (5.9, 22 m, 7-8 boltar). Liggur af stansinum og upp sléttan vegg vinstra megin. Smá expó með góðu útsýni niður veggina fyrir neðan, en þegar hingað er komið ættu flestir að vera lausir við mesta boltaskrekkinn. Krúxið er að sleppa upp af veggnum og halda ró sinni í byrjun.
 - 5. spönn** (5.10, 17 m, 4-5 boltar). Byrjar á smá syllu sem gengur þvert yfir vegginn. Hér er hægt að hliðra til vinstri og komast í byrjun 6. spannar í Ódysseifi, en takið með ykkur golfskó, frumskógarsveðu og haglabyssu ef þið ætlið þá leiðina, því hún liggur í gegnum stærsta múkka-fjölbýlishús á Íslandi. Spönnin er þunn en slabir aðeins með jafnvægisshreyfingar á litlu drasli alla leið. Það gæti verið eitthvað laust í henni en hún var leidd og hreinsuð bæði í einu (eins og allar spanninir reyndar). Því gæti eitthvað sem við tókum ekki í verið með mosa eða laust. 3-4 m á milli bolta.
 - 6. spönn** (5.10b, 20 m, 4-5 boltar). Svipuð 5. spönn en ennþá þynnri og meira jafnvægi með þó nokkrum háum stigum sem reyna á hnén, alla vega á svona gamlingjum eins og mér. Leiðin liggur upp til hægri og endar í hangandi stansi með keðju. 4-5 m á milli bolta og létt slabandi, engin hvíld.
 - 7. spönn** (5.10, 20 m, 4-5 boltar). Beint framhald af 6. spönn og samskonar kanta kanta. Krúxið er tæpt, framhjá stórrí flögu í neðri partinum. Endar í þriggja bolta stansi. Tími/lengd klifurs er svona fjórir tímar, miðast við að standa undir leiðinni með allt tilbúið.

- Annað:**
- Þakir fá fyrst og fremst Snævarr og félagar því án Ódysseifs hefði þessi leið ekki verið gerð á svona skömmum tíma.
 - Allar gráður eru birtar með fyrirvara og skulu teknar sem viðmið frekar en einhver stóri-sannleikur.
 - Leiðin ætti að vera múkkalaus og því hægt að fara í hana hvenær sem veður leyfir.
 - Boltasjóður styrkti græjun þessara leiðar og þökkum við honum og okkur öllum, því sjóðurinn - það erum við.
 - Sherpar upp í grunnbúðir: Stefán Steinar og Sigursteinar.
 - Þess má geta að lokum að það voru klifraðar tvær langar spannar í viðbót fyrir mistök (FF Þórarinn Pálsson og Hrappur) en þær eru mjög lausar og tortryggðar (1 til 2 tryggingar á 40 m og ónýtur stans sem má sennilega alls ekki detta í. Þær spannar liggja upp að 3.000 km spönninni í Ódysseifi.

vibram fivefingers™

uppgötvaðu
alla möguleika

Íslensku
ALPARNIR
FERÐAVERSLUN

faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Santiaguito er talið meðal tíu hættulegustu eldfjalla í heimi og hefur það tvisvar lagt í rúst El Palmar, bæ í 10km fjarlægð.



Eldfjallabrölt í Guatemala

Björgvin Hilmarsson



Á Tajumulco var tjaldað í 4.000 m. Kuldinn var nokkur í þessari hæð og því var gott að ylja sér við eld um kvöldið.

Árið 1996 var vendipunktur í sögu Guatemala, en þá voru undirritaðir friðarsamningar sem bundu enda á 36 ára hryllilegt borgarastríð. Eftir að hafa verið forboðinn staður í áratugi, skapaðist grundvöllur fyrir ferðamannaiðnaðinn að ná sér á strik.

Óhætt er að segja að Guatemala hafi upp á margt að bjóða. Náttúrufergurð er mikil og þar er fjöldinn allur af fornminjum frá tímum Maya sem laða að gríðarlegan fjölda ferðamanna. Guatemala statar einnig af 33 eldfjöllum sem sum hver eru í hópi þeirra virkustu í heimi og hafa í gegnum tíðina, beint og óbeint, orsakað mikið mannfall og haft töluverð áhrif á þróun mála í þessum heimshluta. Eldfjöllin voru eitt af því sem heillaði undirritaðann áður en haldið var til Guatemala í október 2006 og kom varla annað til greina en að ganga á nokkur þeirra áður en lengra var haldið.

Antigua

Aðalbækistöðin var Antigua sem er umkringd þremur eldfjöllum. Árið 1541 urðu jarðskjalftar frá einu þeirra, Volcan de Fuego, til þess að gýgur á eldfjallinu Agua sem gnæfir yfir Antigua, brast og öskublandað vatn (lahar) streymdi út og lagði fyr-

rum höfuðborg landsins í rúst, Ciudad Vieja. Eftir það var Antigua gerð að höfuðborg. Margsinnis varð Antigua fyrir miklu tjóni vegna skjálfta en alltaf var hún endurbyggð og gerð stærri og betri, þar til 1773 þegar svo mikið tjón varð að ekki þótti annað fært en að færa höfuðborgina á öruggari stað. Gutamela City var stofnuð.

Þrátt fyrir að nú séu tíu ár síðan stríðinu lauk, er ekki hægt að segja að Guatemala sé fullkomlega hættulaust ferðamönnum. Mikið er um vopnuð rán og þurfa þeir sem hyggjast ganga á fjöll til að njóta náttúrunnar að gera sér grein fyrir því að einhverjir fari hugsanlega í göngu á sömu slóðir í öðrum og óhugnalegri tilgangi.

Pacaya

Fyrsta eldfjallið sem varð fyrir valinu var Pacaya (2560 m), um 30 km frá Guatemala City. Pacaya er mjög vinsælt því uppgangan er auðveld og oft hægt að sjá rennandi hraun. Það er mjög virkt og hafa verið nær stöðugar eldhræringar þar síðan 1965. Þegar við komum að rótum fjallsins var ekki hægt að sjá toppinn fyrir þoku og mjög skuggalegt að koma að gilbarmi þar sem sjá mátti glitta í nýrunnið hraunið. Þegar ofar var komið sást bein-

línis glóandi hraunið renna niður hlíðina. Þegar maður hélt að komið væri að því að stoppa og láta sér nægja að horfa á úr fjarlægð, bauð leiðsögu- maðurinn hópnum að elta sig út á kolsvart og vel volgt hraunið.

Þetta var magnað svo ekki sé meira sagt. Storknuð skel ofan á glóandi hrauni og maður vonaði að skórnir myndu halda. Líklega ekki á mörgum stöðum sem ferðamönnum, eða bara nokkurri lifandi veru, er hleypt inn á svæði sem þetta. En auðvitað hélt hópurinn áfram. Þegar á að giska meter var í rennandi hraunið var hitinn orðinn það mikill að ekki var hægt að staldra við lengi. Undir niðri hugsaði maður með sér að þetta væri auðvitað ekkert nema brjálæði, en þvílík reynsla að upplifa náttúruöflin á þennan hátt. Á þessum slóðum breytast hraunstraumarnir reglulega og fara að berast úr nýrri átt. Sagan segir að einn daginn hafi einhverjir orðið innlyksa þarna þegar hraun fór að renna úr óvæntri átt. Satt eða ekki? Langar eiginlega ekkert að vita það.

Acatenango & Volcán de Fuego

Ákvað að skella mér í næstu ferð með O.X. (Outdoor Excursions) sem rekið er af Bandaríkjamanni í Antigua. O.X. slær um sig með slagorðum eins og „Pacaya is for Pussies“. Þar á bæ telja þeir ferð á Acatenango (3.976 m) og tvíburafjallið Volcán de Fuego (3.763 m) þá bestu sem hægt er að bjóða upp á í Guatemala. Fjöllin tvö sjást vel frá Antigua og leggur reykt frá Fuego oft á dag. Það hefur verið sívirktt í yfir 400 ár og því mjög áhugavert fyrir vísindamenn. Síðasta stóra gos var 1972 og þá barst aska allt til El Salvador og Hondúras.

Það var þéttur hópur fólks af ýmsu þjóðerni, sem hittist í húsakynnum O.X. eldsnemma morguns. Ræddum það okkar á milli að þá væri líklega hættulegasti hluti ferðarinnar afstaðinn, að ganga einn að nóttu til með búnað sem margir innfæddir munu aldrei hafa efni á. Tveim tímum síðar vorum við lögð af stað upp hlíðar Acatenango í leiðindavæðri. Vonbrigðin voru nokkur því undanfarið hafði verið frábært veður upp á hvern einasta dag. Íslen- dingurinn gafst þó ekki upp á að sannfæra fólk um að þetta myndi örugglega breytast og reyndist að lokum sannspár. Skemmst er frá því að segja að við upplifðum mjög mismunandi veðuraðstæður, allt frá hávaðaroki og raka til rjómalblíðu og steikjandi hita. Gangan upp Acatenango er upp brattar hlíðar og farið er í gegnum ein þrjú mismunandi gróður- belti. Á þessum slóðum er hitinn oft vandamál og



loftið þynnra en flestir eiga að venjast. Eins og alltaf í hópferðum er fólk misvel líkamlega og andlega búið og þó svo að hæðin hafi ekki verið mjög mikil, voru þó einhverjir sem fengu hausverk og ógleði.

Eftir að komið var upp á söðul milli tveggja tinda Acatenango, var ljóst að veðrið byði ekki upp á að tjaldað yrði á gígbarminum eins og venjan er. Ætlunin var að gista eina nótt og halda niður næsta morgun. Þess í stað hélt hópurinn í „safe camp“, stað sem tjaldað er á þegar hvínandi rok er á toppnum eins og í þessu tilfelli. Þetta svæði var gott skjól fyrir veðrinu og því öllu óhætt. Nóttin var fólki missvefnsóm vegna veðursins og reglulega heyrðust drunur í nágrannaeldfjallinu Fuego sem aldrei sefur. Hópurinn var ræstur fimm um morguninn og blasti þá við heiður, stjörnubjartur himinn. Enn var mjög hvasst en skýlaust, það sem mestu skipti, og því stórkostlegt útsýni sem blasti við. Tíminn var naumur því ætlunin var að toppa áður en sólin kæmi upp. Að sjá ljósaskiptin, skýjum ofar og standandi á toppi eldfjalls, var frábær upplifun. Antigua sést vel af toppnum, maður horfir niður á Agua sem gnæfir yfir borginni. Við vorum í um tvo tíma á toppnum, saúm sólina rísa, vekja daginn og mökksvartur reykurinn steig reglulega úr Fuego án þess þó að hraun fylgdi með eins og oft gerist. Skjálftinn í okkur sjálfum minnkaði eftir því



Skýjum ofar upplifðum við ljósaskiptin og fögnuðum nýjum degi. Litadýrðin var ólýsanleg.

sem hitinn jókst en af spenningi og aðdáun á því sem fyrir augu bar veitti maður nístingskuldanum litla athygli.

Frá toppi Acatenango sést víða og mátti meðal annars sjá glitta í eldfjallið Tajumulco, verðugur tindur að rölja á þó ekki sé fyrir annað en að það er hæsta fjall mið-Ameríku, 4.220 m hátt. Næsta borg við Tajumulco er Quetzaltenango eða Xela eins og hún er kölluð í daglegu tali. Þar hafa Quetzaltrekkerers höfuðstöðvar sínar. Þar vinna sjálfboðaliðar sem leiðsögumenn í eldfjallaferðum og allur ágóði af starfinu fer í að hjálpa götubörnum. Gott starf og gott ósérhlífið fólk.

Santa María í fullu tungli

Einu sinni í mánuði fara Quetzaltrekkerar á Santa María (3.772 m) í fullu tungli. Mögnuð ferð þar sem lagt er af stað um miðnætti, gengið alla nóttina og toppað rétt áður en sól rís. Flestir sem fara í þessa ferð hafa verið í einhvern tíma í Xela sem er í 2.335 m hæð og því aðlagast að einhverju leyti þunna loftinu. Að þessu sinni hittist hópurinn klukkan ellefu um kvöldið og byrjaði á að borða vel og fara yfir búnaðinn. Um miðnætti hoppuðum við upp á pallbíl sem ók okkur að rótum Santa María.

Frábært veður, heiður himinn og glaðatunglskin. Við vorum full af orku eftir matinn og fannst eins og ekkert gæti stoppað okkur. Leiðin upp var um drullustíg í skóglendi nánast alla leið, rétt toppurinn var trjálaus. Vegna raka var stígurinn mjög erfiður yfirferðar, tvö skref upp og eitt afturábak, sem dró nokkuð úr fólki. Sumir voru valtari en aðrir og því drullugir upp fyrir haus. Hæðin var einnig að hafa áhrif á fólk og var ein stúlka í hópnum nánast dregin upp síðasta spólin, svo úrvinda var hún.

Nánast í sömu andrá og við komumst upp úr skóglendinu og stigum á beran toppinn, sáum við í fjarska hvar vinur minn Fuego gaus og glóandi hraunið rann langt niður hlíðarnar. Nánast óraunverulegt að upplifa svona lagað. Ferðin um nóttina hafði þó gengið nokkuð vel miðað við þann tíma sem gert var ráð fyrir og enn var eitthvað í að sólin færi að láta á sér kræla.

Árið 1902 myndaðist nýr gígur eða ventill þegar Santa María gaus. Oftast er talað um þetta sem nýtt eldfjall, Santiaguito, þó það sé ef til vill hluti af og alveg upp við Santa María. Quetzaltenango grófst undir hálfum metra af öskulagi, gosstrókurinn náði 30 km hæð og hraun rann 8,6 km. Santiaguito er talið meðal tíu hættulegustu eldfjalla í heimi og hefur það

Fuego sefur aldrei og lætur
reglulega á sér kræla. Fjallið
sá til þess að maður vaknaði
reglulega um nóttina.



tvisvar lagt í rúst El Palmar, bæ í 10 km fjarlægð. Santiagu breytist í sífellu og hraunhvelvingin sem er að byggjast upp veldur eldfjallafræðingum nokkrum áhyggjum þar sem hætta er á að hún geti fallið saman með alvarlegum afleiðingum. Já og þarna stóðum við og horfðum nánast beint niður á fjallið spúa reyk og glóandi hrauni. Ekki ólíklegt að fegurðin geri mann firrtan á stundum sem þessum.



Á Pacaya var hægt að komast mjög nálægt rennandi hrauninu.

Tajumulco

Eftir tveggja daga hvíld var lokst komið að Tajumulco (4.220 m). Quetzaltrekkers fara þangað reglulega enda vinsælt að komast á þennan hæsta punkt Mið-Ameríku. Gangan er ekki erfið en löng og sem fyrr var þunna loftið að angra óvana. Einhvers staðar á miðri leið, í einu matarstoppinu, var þessi líka glæsilegi steinn (boulder) og þótti mér ótækt annað en að glíma við hann. Ein línan bein-

línis skoraði á mig, falleg „traversa“. Ég tók áskoruninni í gönguskóm og hafði gaman af. Ætli við séum ekki að tala um svona V2-3 ef maður vill skella á hana gráðu.

Við gistum eina nótt á fjallinu. Tjaldbúðirnar voru í um 4.000 m hæð og þar var um kvöldið slegið upp varðeldi, eldað og orku safnað fyrir næsta dag. Það var áhyggjuefni að varla sást úr augum fyrir þoku um kvöldið, eða skýjum öllu heldur. En það vill svo til að oft safnast ský á toppunum síðdegist sem eru svo farin um morguninn. Það varð engin undantekning á því að þessu sinni og eldsnemma um morguninn lögðum við að stað síðasta spölinn. Fleiri hópar höfðu gist í tjaldbúðunum og var því töluverður fjöldi fólks á toppnum. Einhverjir höfðu tjaldað á sjálfum toppnum og voru tjöld þeirra vel héluð að utan enda fimbulkuldi. Þetta voru heimamenn með mjög lakan búnað. Geri ráð fyrir að þeir kalli ekki allt ömmu sína. Sem fyrr var útsýnið hreint magnað og þegar sólin var risin mátti sjá Kyrrahafsströnd Guatemala og einnig yfir landamærin að Mexíkó. Vel sást til Santa María og ekki fór Santiagu fram hjá neinum þar sem strókinn lagði hátt upp.

Eftir þessa vikutörn í eldfjallarölti hélt ég aftur til Antigua. Maður leit fjöllin eilítið öðrum augum eftir að hafa séð þau í návígi og rifjaði upp hvernig var að standa á toppnum og horfa niður á landið í kring. Þó svo að ganga á eldfjöll Guatemala sé ekki mjög krefjandi líkamlega, er vel þess virði að skreppa á nokkur þeirra og njóta stórkostlegs útsýnis og nálægðar við sum af virkustu eldfjöllum heims, en það er upplifun sem ég hefði ekki viljað missa af. ■

Austurveggur Þverártindseggjar

Við Ívar vorum búnir að vera nokkur ár að tala um að við þyrftum að fara að skoða austurvegg Þverártindseggjar. Ég man þegar við ásamt Örvari Þorgeirssyni komum niður af Hrútsfjallatindum 2. apríl árið 2000, eftir að hafa sett upp eina erfiðustu alpaklifurleið landsins, Postulínsleiðina. Þá vorum við að tala um að við þyrftum að kíkja á Eggina. Svo var komið að þessu vorið 2003. Í mars 2003 tjölduðum við Ívar í Eggjardal og lögðum af stað í snjómuðu og kulda upp með skriðjöklinum Skrekk til að líta á vegginn. Veðurspáin klikkaði eitthvað aldrei þessu vant, nóttin í tjaldinu var erfið, brjáláð veður, og við kaldir og illa fyrirhallaðir um morguninn. Það kyngdi niður þvílíku magni af snjó á leiðinni upp með Skrekk að við urðum að vaða snjóinn upp fyrir hné á köflum. Við vorum 4 klukkutíma að paufast upp að austurveggnum og það fór mikil orka í það í þessu þunga færi. Ívar vildi ólmur leggja af stað í klifrið en Hvítasunnumaðurinn ég hlustaði á rödd Heilags Anda og þrætti fyrir að fara lengra. Staðfestinguna fékk ég í sömu andrá, snjóflóðaspyja kom brunandi þvert á leið okkar. Þá snérum við sáttir við.

Í byrjun maí 2003 komu nokkrir óvenju kaldir dagar og einhvernvegin gekk allt upp hjá okkur Ívari. Við gistum heima hjá mér (í Örafum) nótt-


ina fyrir klifrið, í stað þess að eyða orku og tíma í að norpa út úr köldu tjaldi. Við vorum c.a. 1½-2 klst að aka að heiman út í Suðursveit, upp Kálfafellsdal og inn í Eggjardal svo að í raun breytti það ekki miklu í tíma, en hins vegar spöruðum við mikla orku á því.

Göngufærið og veðrið var eins ólíkt 12. mars eins og hægt var að hugsa sér. Snjór var svo þakkaður að maður þurfti að fara á brodda strax á fyrsta skafli, sem er svo sannarlega gott göngufæri, og veðrið var þannig að ekki hreyfði hár á höfði allan daginn. Ský voru óþekkt fyrirbæri, og kuldinn var slíkur að ekki losnaði einn steinn eða ísmoli úr allri Þverártindsegg allan daginn. Við vorum bara 2 klukkutíma að komast þangað sem við snerum við í mars.

Þegar að klifrinu kom vorum við báðir í rosa góðum gír. Það gekk vel að skóflast upp fyrstu spennirnar, sól var á okkur til að byrja með, og okkur leið stígvél. Ívar byrjaði að leiða fyrstu spönnina, svo tók ég tvær og hálfa spönn á hlaupandi tryggingum, þ.e. þegar línan var á enda þá klifraði Ívar um leið og ég með 60 m línurnar á milli okkar, enda brattinn ekki það alvarlegur þó maður þyrfti alltaf að klifra með tveimur öxum. Síðan kom brattara



Ívar kemur upp að annarri megintryggingu eftir rúmar 2 spannar af hlaupandi tryggingum. Einar R. Sigurðsson



Gamall seigur Örafingur kominn í söðulinn á Þverártindsegg eftir 6 ½ klst. klifur. Ívar F. Finnbogason

①



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

②



③



①

Jökulsárlón við sólarupprás

②


Hálfdán Ágústsson þelar niður
Loveland Pass í Colorado

③

Undanfara HSSR skíða niður af
Heklu

⑥

Maggý og Góli



Trölla- skaginn allur!

Þorvaldur „Olli“ Þórsson



Nú var loksins komið að því að gera þetta! Við Árni Tryggvason sáum okkur leik á borði og ákváðum að nota tækifærið enda var veðurspáin mjög góð. Við vorum búnir að bíða í talsverðan tíma eftir að fara í þessa ferð. Þetta var annað árið sem ég var með þessa ferð á heilanum. Ferðin gekk út á það að ganga sýslumörkin milli Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu frá Öxnadalshéið norður á Lágheiði. Fyrir mér var takmarkið að ganga á alla fjallstoppa á sýslumörkunum. Árið áður hafði ég farið frekar sneypulega ferð norður þar sem ég var einungis vopnaður áttavita og tók vitlausa stefnu og endaði í Skagafirði. Nú var ég með fullkomið GPS tæki sem ég hafði fengið lánað. Ég kunni að vísu frekar lítið á það en ákváð að taka sénsinn og læra á það á leiðinni. Ég treysti einnig á að félagi minn Árni gæti eitthvað lagt til málanna í rötunarmálum sem hann og gerði þegar á reyndi. Það var að koma þriðja helgin í júlí þegar við félagarnir keyrðum norður á bílnum mínum með allt okkar dót og ákváðum að freista gæfunnar.

Haldið af stað

Þegar við lögðum efst á Öxnadalshéið var svarta þoka en við gengum brátt upp úr henni og við tók heiðríkja og logn – hvílíkt og annað eins veður!!! Þegar við komum í skarðið fyrir ofan botn Víkingsdals tók við ótrúlegt útsýni norður allan Tröllaskagann. Eftir um fjögurra tíma göngu komum

við að Heiðará niður í miðjum dalnum, sem er efst í Hörgárdal. Næst tók við talsverð hækkun í miklu stórgrýti upp á svokallaða Ólafarhnjúka sem eru reyndar fjórar mismunandi toppar sem við þræddum einn á eftir öðrum. Það var gaman að sjá Hraundranga í Öxnadal frá norðri sem var svolítið óvenjuleg sjónarhorn. Við gengum næst þvert yfir Hörgárdalsjökul í áttina að Illviðrishnjúk og Presthnjúk. Þegar við vorum á toppnum á Illviðrishnjúk hefði nafnið Bliðviðrishnjúkur átt mikið betur við. Fyrir neðan okkur milli Illviðrishnjúk og Presthnjúks var Afglapaskarð sem við lækkuðum okkur niður í og gengum síðan upp á Presthnjúk. Við gengum alveg austur á Prestfjallið þar sem varða var á hæsta punktinum. Áframhaldið var ekki árennilegt því austurhlíð Prestfjalls var mjög brött og skorin og leist okkur ekki þar vel á þá niðurleið. Við fórum suður af fjallinu og lækkuðum okkur en tókst ekki betur en það að við vorum staddir á brún hengiflugs. Við fundum bratt þröngt gil með samfelldum snjóskafli og tókst að klifra þar niður með hjálp ísöxi. Þegar niður var komið sáum við að þetta var eini staðurinn á allri suðurhlíðinni þar sem mögulegt var að komast niður. Þegar við gengum upp hrygg til að komast á Jökulfjall kom þokan allt í einu og sáum við ekkert. Það var eins og við manninn mælt, við gengum fram á hengiflug í þokunni og eftir smá fund og kortapælingar áttuðum við okkur á hvernig við ættum að krækja fyrir kletta-



beltið. Við vorum með GPS punkta í tækinu sem við þurftum að treysta á og var svolítið skrítið að þurfa að treysta tækinu í blindni. Brátt fór að rofa til og sást að við vorum staddir á sléttum breiðum hrygg sem hækkaði smám saman til norðurs upp á Jökulfjall. Þegar norðar dró mjókkaði fjallið verulega og til austurs var það veggbratt og endaði um 300 lóðréttum metrum neðar í botni Myrkárdals. Landslagið þarna var hreint út sagt hrikalegt og var ótrúlegt að ganga þarna í kvöldbliðunni. Allt í einu nánast hvarf hryggurinn og við tók löng og erfíð hliðrun utan í brattri syllu með skriðu þar sem við þurftum að komast áfram án þess að vita hvort þetta væri í rauninni fært eða ekki. Eftir á frétti ég það hjá fróðum manni að þetta væri kallað Héðins-

skarð syðra alveg í botni Myrkárdals og væri göngu-fólki ekki ráðlagt að fara þarna um, enda talið ófært. Við ræddum um það hvort við ættum að snúa við en á endanum ákváðum við að láta á þetta reyna. Ég steig á stóran stein sem rúllaði af stað og hvarf niður fyrir brúnina. Löngu seinna heyrðist daufur dynkur langt fyrir neðan. Það var greinilegt að það var ekki ráðlegt heilsu manna að rúlla þarna fram af. Fyrir ofan okkur var lóðrétt klettabelti af lausu bergi sem ekki var hægt að treysta. Eftir smá neyðarfund hjá okkur félögunum ákváðum við að ég skyldi halda aðeins áfram og sjá hvort áframhald væri mögulegt eða ekki. Ég hélt áfram að klóra mig eftir brattri syllunni og hvarf fyrir næstu brún og ekki tók þar betra við en á endanum tókst mér að komast í gegnum smá skarð yfir hrygginn og var ágætlega fært vestan megin þar upp á flatan hrygg sem var þarna fyrir norðan. Ég skildi bakpokann eftir og náði í Árna og sagði honum að framhaldið væri ekkert mál.



Hæsta toppinum náu

Leiðin norður eftir fjallinu var greiðfær og komum við brátt að hinu eina og sanna Héðinsskarði þar sem við ætluðum niður af fjallinu. Snjórinn í skarðinu var farinn að minnka mikið og þurftum við að krækja fyrir jaðarsprungur og á jöklinum fyrir neðan tókum við á okkur stóran sveig til að

komast hjá miklu sprungusvæði. Brátt sáum við Hólamannaskarð og Hólamannahnjúk framundan. Þetta fjall var hæsti toppur leiðarinnar og ákvað ég strax að ganga á það því það er nákvæmlega á sýslumörkunum. Hér skildu leiðir, Árni ætlaði norður fyrir fjallið og biðað eftir mér meðan ég færi á toppinn. Það var talsvert mikil hækking að fara upp á fjallið og það hækkaði til norðurs. Ég var að vona að mér tækist að fara niður norðurhrygginn en þegar til kom reyndist hann vera algerlega ófær. Það var frábært skyggni þarna þrátt fyrir kvöldrökrið og ég sá þokuna allt í kringum mig.

Í kröppum dansi


Ég ákvað að stytta mér leið niður austurhlíð fjallsins og gekk af stað niður stórgrýtta hliðina. Ég var ekki kominn langt þegar ég kom í mjög bratt gil með klettabelti á báða bóga. Ég ákvað að taka áhættuna og klifraði þarna niður í lausu bergi. Brátt var um 4-5 m hár lóðréttur klettastallur fyrir neðan mig og var snjófönn á syllu þar fyrir neðan þar sem lækur seytleði. Ég var orðin þyrstur og vatnslítill og byrjaði að klifra en það var allt laust. Á endanum ákvað ég að láta mig detta ofan í mjúkan snjóinn. Ég fyllti brúsana af vatni og hélt áfram en gekk fram á hengiflug. Var ég kominn í sjálfheldu eða var hægt að komast einhvernvegin út úr þessum fjanda? Ég hliðraði mér í snarbrattri hliðinni yfir í annað gil sem var þarna og datt einu sinni á hausinn og hélt ég myndi rúlla niður allt fjallið en tókst að baða út öllum öngum og hélt dauðahaldi í nibbur og grjóti. Ég stóð upp og fór ennþá varlegar því það var ekki gott að gera mistök í þessu land-

slagi. Eftir talsverða lækkingu í viðbót sá ég mér til mikils léttis að ég var að komast niður úr bröttu gilinu og við tók löng og brött stórgrýtisbrekka. Þegar niður kom leit ég til baka og leist heldur lítið á blikuna og hugsaði: „Vá!! hvernig datt mér í hug að fara þarna niður?“ Snarbrött hliðin gnæfði yfir mér í rökkrinu. Ég labbaði yfir slétta snjófönnina í áttina að Eiríkshnjúk þar sem Árni var. Ég þveraði einnig Eiríkshnjúk en hann var ekki eins brattur en í staðinn var hann ótrúlega stórgrýttur og erfiður yfirferðar. Á leiðinni niður af fjallinu heyrði ég allt í einu drunur rétt fyrir ofan mig. Ég vissi hvað var að gerast og stökk áfram og spynti fast með öðrum göngustafnum sem gaf eftir og kubbaðist í sundur. Jörðin var á hreyfingu undir fótum mínum og ég beitti öllum kröftum til að stökkva og hlaupa áfram. Ég tók 3 skref í viðbót eins og ég væri í klakahlaupi og komst upp á stóran stein sem var jarðfastur. Ég leit aftur fyrir mig og sá að um 5-10 m breitt svæði hafði skriðið fram og höfðu mjög stórir steinar rúllað niður bratta hliðina. Hinn göngustafurinn minn var örlítið boginn neðst en mér tókst að rétta hann. Ég leit á skóna mína og sá að þeir voru farnir að láta heldur betur á sjá og gúmmíð fremst á þeim báðum byrjað að rifna frá. Þetta yrði sennilega þeirra síðasta ferð.

Þoka um nótt

Ég hitt Árna við rætur fjallsins og gengum við upp á hrygg sem var þar fyrir norðan. Nú skall skyndilega á niðdimm þoka og þá var GPS tækið tekið aftur upp. Það tók svolítinn tíma að læra almennilega á GPS tækið en eftir að hafa óvart hnitað

Í Héðinsskarði syðra
(milli Myrkárdals
og Héðinsdals syðri)





Peverárjökull í Kónsstaðardal.

tölustafinn 8 í landslagið vorum við orðnir nokkur klárir á tækið og vorum farnir að geta treyst því í blindni. Afgangurinn af nóttinni og alveg fram á morgun fór í að ganga upp og niður snarbratta fjallshryggi í dimmri þoku. Stundum vorum við alls ekki vissir um hvar við vorum og þegar þokunni létti í smá tíma áttuðum við okkur á staðsetningu okkar. Á einum stað var eina leiðin áfram að klifra upp 6-10 m hátt klettabelti án trygginga þar sem nánast hver einasti steinn var laus. Þegar líða tók á morguninn fór þokunni að léttast á stórgýtisbrekkurnar héldu áfram ein af annarri. Árni var nú orðinn mjög fótísar og sagði að lítið væri eftir af skinninu á báðum hælunum á honum. Við vorum eiginlega búnir að ákveða að láta þetta gott heita og stoppa á Heljardalsheiði og ganga niður í Svarfaðardal og láta ná í okkur þar. Þegar við komum fram á brúnina fyrir ofan Heljardalsheiði leit ég á farsímann minn og sá að það var samband þarna. Ég hringdi strax í vin minn og bað hann að sækja Árna efst uppi í Svarfaðardal. Ég eygði ennþá von um að klára leiðina alveg yfir á Lágheiði eins og ég hafði ákveðið í byrjun.

Einn á ferð í hremmingum

Við gengum niður skarðið og stuttu áður en við komum í skálann kvaddi Árni mig og nú var ég einn á ferð. Ég var ekki með kort af svæðinu sem var framundan því kortið sem við höfðum notað náði bara að Heljardalsheiði og ég hafði fyrir tóman aulaskap gleymt að taka með kortið af síðasta hluta leiðarinnar. Nú var ég orðinn alveg ákveðinn í að klára þennan pakka hvað sem það kostaði. Ég kom við í skálanum sem reyndist vera ótrúlega fúinn og í raun ónothæfur. Eftir að hafa arkað vitlausa leið í svolítinn tíma áttaði ég mig á landslaginu en þá kom reiðarslagið, GPS tækið kláraði þriðja rafhlöðusettið

svo nú var ég eingöngu með áttavita og ekkert kort. Þegar líða tók á daginn þurfti ég að lækka mig langt niður í djúpan dal. Ég sat þarna og velti fyrir mér hvernig í ósköpunum ég ætti að komast upp á næsta fjall sem gnæfði yfir mér. Orkan var allt í einu alveg búin. Ég borðaði og drakk og hellti í mig ógeðslegu orkuhlaupi og beiddi í smá tíma. Ég stóð á fætur og fann í fyrsta skiptið í ferðinni verulega fyrir þreytu sem var svo sem alveg eðlilegt eftir tæplega 30 tíma þúð með litlum hvíldum. Ég tók brekkuna hægt og 45 mínútum seinna var ég kominn upp á fjallið. Ég sá áberandi hrygg framundan og taldi þetta vera hrygginn sem gengur niður á Lágheiði. Niður í öllum dölum var komin þykk þoka og ég vissi að það yrði erfitt að rata þegar þangað væri komið. Hryggurinn var upp og niður og var sums staðar mjór en á öðrum stöðum breiður. Tvisvar hélt ég að ég kæmist ekki lengra en brólti áfram í þeirri von að framhaldið yrði betra. Á endanum komst ég niður í skarð og sá ég að engin von var að halda áfram og yrði ég að lækka mig í dalinn öðru hvoru megin við skarðið. Á hægri hönd var hengiflug langt niður í þoku en á vinstri hönd var ekki eins bratt en samt nægjanlega bratt til að gera þetta verulega erfitt. Ég fór að lækka mig og fattaði allt í einu að ég var í snarbrattri leirkenndri hlið sem reyndist vera mjög erfitt að fóta sig í. Ég var lengi að lækka mig og var á tímabili skíthráddur um líf mitt því það mátti lítið út af bera þarna.

Mér tókst að lækka mig niður úr mesta brattanum en við tók grýtt hlið sem var svo erfið að ég gafst nærri því upp. Ég vissi að þetta var vegna þess hversu þreyttur ég var orðinn. Ég datt hvað eftir annað í grjótinu en komst á þrjóskunni niður í dalbotninn. Brátt var ég staddur í þykkri þoku og gekk lengi vel út dalinn og landslagið var upp hóla og hæðir. Ég var byrjaður að átta mig á því að ég var villtur og allt í einu hvarf allur sljóleikinn. Ég hlustaði og heyrði í vatni og eftir talsverða leit fann ég læk og ákvað að fylgja honum eftir þangað til ég kæmist niður úr þokunni. Eftir tæpa tvo tíma komst ég niður úr þokunni og var staddur í breiðum dal. Ég gekk út dalinn og komst í sumar-bústað þar sem fólk var í og gat hringt hjá þeim í vini mína til að ná í mig. Ég var staddur hjá Stífluvatni í Fljótum og þurfti að ganga tæpa 5 km í viðbót áður en ég var sóttur. Ég var mjög þreyttur og sár síðustu kílómetrana og eftir á sá ég að ég hafði verið á ferðinni í tæpa 39 tíma og lagt af baki rúmlega 90 km og hækkuð upp á tæplega þrjá Hvannadalshnjúka. ■

Munkaþverá í Eyjafirði

Sigurður Tómas Þórisson

Um Munkaþverá

Klifursvæðið að Munkaþverá er í innanverðum Eyjafirði, tæpa 20km sunnan við Akureyri við kirkjustaðinn Munkaþverá. Svæðið er í árgljúfri sem Þverá efri hefur sorfið og liggur Eyjafjarðarbrautin (austari) yfir gljúfrið við klifursvæðið.

Munkaþverá/Munkinn hefur verið helsta klifursvæðið á Norðurlandi ásamt Skinnhúfuklettum í Vatnsdal. Framan af var eingöngu dótaklifur á svæðinu en kringum 1990 voru fyrstu boltuðu leiðirnar settar upp og voru þar fremstir í flokki Páll Sveinsson, Björn Baldursson, Stefán Smáráson og Árni G Reynisson.

Fyrsti leiðarvísirinn að svæðinu var gefinn út í ársriti árið 1988 og á Páll Sveinsson heiðurinn að honum. Jón Haukur Steingrímsson gaf út prýðileg drög að nýjum leiðarvísi árið 2003 og er þessi leiðarvísir byggður að miklu leyti á honum.

Leiðarlýsing

Frá Akureyri er best að fara yfir fjörðinn við Leirubruna (hjá Esso/N1) og handan hennar strax til suðurs (hægri) inn fjörðinn. Þegar komið er framhá bænum Munkaþverá er komið að krappri lægð þar sem vegurinn þverar gljúfur Þverár efri. Hægt er að leggja nokkrum bílum ofan klettanna hægra (vestan) megin við veginn og á afleggjara eða við litla rétt handan brúarinnar.

Til að komast ofan í gljúfrið er hægt að ganga vestur fyrir klettana (yfir laskaða girðingu), niður brattan göngustíg og þaðan eftir mjórri syllu undir klettunum. Einnig er hægt að ganga lengra til vesturs til að komast í þægilegri göngu niður. Einnig er t.d. hægt að útbúa sigakkeri á einhverri vegriðs-stoðinni og síga niður ef mönnum þykir það fýsilegra.

Hvernig klifur?

Klifurleiðirnar í Munkanum eru af ýmsum gerðum og gráðum, en flestar einkennast þær af tæknilegu klifri í lóðréttum veggjum á köntum og í grunnnum sprungum.

Nokkrar leiðir fylgja alfarið sprungukerfum (Dóni, Góðir vinir, Hornið) og eru þær tryggðar á hefðbundinn hátt (dótaklifur) og stendur ekki til að bolta þær leiðir.

Fjölmargar leiðir í Munkanum eru frábærar og er hiklaust hægt að mæla með eftirfarandi leiðum:


- *Karlinn í brúnni*
- *Stóru mistökin*
- *Undir brúnni*
- *Sófus*
- *UV*

Fjöldi leiða

Fjöldi klifurleiða að Munkaþverá er nú um 25 og eru flestar þeirra nú boltaðar. Nokkrar tortryggðar gamlar dótaleiðir (Sófus, Stóru mistökin) voru boltaðar kringum 2003 og nokkrar til viðbótar árið 2005 (Undir brúnni,

UV, Talía/Bókin) og 2007 (Flöskuháls, Kaldur sviti)

Ný leið (Stuð fyrir stutta) var boltuð sumarið 2006 og liggur hún á áberandi stuðli hægra megin við UV og býður upp á prýðisklifur í góðu bergi.



Hversu erfitt?

Léttasta leiðin í Munkanum er gráðuð 5.5 (Hornið, dótaleið) en sú erfiðasta 5.12c/d (Brjálæði) og er hún ein af erfiðustu klifurleiðum landsins. Flestar eru leiðirnar á bilinu 5.8 – 5.10. Á grafinu má sjá dreifingu erfiðleika-gráða í Munkanum.

Jarðfræði

Í grein Hallgríms Arngrímssonar um jarðfræði klifursvæða á Íslandi segir:

Kletturinn er byggður upp úr gömlu, þykku hrauni frá tertíer sem komið hefur í ljós við rof. Klifurleiðirnar eru um 20 talsins á um 50 m kafla niður frá brúnni. Lengd þeirra er á bilinu 10 til 15 m eða svipuð og hraunþykktin. Hraunið er þétt og stuðlað. Flestar sprungur liggja lóðrétt og nánast engar þvert á stuðlana. Hraunið er alls staðar mjög þétt en verður blöðróttara í efstu 3 m. Neðst má sjá rauðan karga og undir honum annað hraunlag sem ekki er nothæft til klifurs. Kletturinn er nokkuð sléttur með litlu viðnámi en hefur nokkurn grófleika sem alltaf einkennir hraun og eykst hann uppávið. Hallinn er nálægt lóðréttu og gripin eru í sprungum, nibbum og holum. Tryggingar eru nokkuð hefðbundnar, bæði í sprungum og í boltum.

Hraunið er frá tertíertímabilinu í kringum 7-9 milljón ára gamalt. Mikið er um holufyllingar

í blöðrunum og ummyndun nokkur sem segir okkur að þetta berg hafi verið á miklu dýpi. Mikið jökul- og árrof hefur því verið á svæðinu. Rannsóknir á holufyllingum benda til þess að þetta hraun hafi verið í um 100-120°C hita við fergingu sem jafngildir 2-3 km dýpi.


Bergtegundin er þóleít með stórum ágít-kristöllum. Klettarnir eru almennt harðir og aðeins blöðróttir efst. Sprungufletirnir sem sjást utan á klettinum eru frekar stórir, meðalgrófir og ágætis grip í litlum sprungum og nibbum. Viðnámið við klettinn er ágætt en samt er lítið um ólínkristalla [öfugt við t.d. Stardal og Valshamar] í berginu. Klifrið er dæmigert fyrir hraunklifur með mikið af köntum, sprungum og litlum nibbum.

Almennt

Boltuðu leiðirnar eru ýmist búnar einum eða tveimur toppboltum en fæstir þeirra eru með sigring og því þarf oftast að setja tvist/karabínu í toppinn áður en sigið er niður. Í flestum tilfellum er svo hæðarleikur að teygja sig yfir brúnina að ofan og sækja tvistinn/karabínuna að loknu klifri. Nokkrar leiðir (einkum næst brúnni) eru ekki eins aðgengilegar sökum bratrar skriðu ofan þeirra og því þarf að fara sérlega varlega við að hreinsa þær (tryggð/ur með línu). Karlinn í brúnni er nú þegar kominn með sigring og til stendur að setja hring í fleiri.

Meðal helstu kosta Munkans sem klifursvæðis er að þar er mikill fjöldi frábærra leiða við flestra hæfi og þar er oft skjólgott, jafnvel þó vindur sé á Akureyri. Auk þess býður svæðið upp á prýðis valkost á móti Hnappavöllum þegar suðlægar áttir og bleyta þjaka suðurlandið. Svo er líka ákaflega hressandi að skella sér í það í ánni að loknum góðum klifurdegi.

Helstu gallar svæðisins eru að það getur verið þreytandi að hlusta á beljandi árniðinn en hann torveldar einnig samskipti milli klifrara og fólks á jörðu niðri. Einnig vantar kannski helst til fleiri léttari leiðir, svo byrjendur hafi úr meiru að móða við fyrstu kynni af svæðinu eða sportinu. ■



1 Talía

5.7, 12m (boltuð)

Klifrað upp augljósa sprungu og grjóthrafl upp á góða syllu, síðan er haldið upp hornið vinstra megin sem er krefjandi. Nýtir sömu boltalínu og Bókin.

2 Bókin *

5.8, 12m (boltuð)

Klifruð er sama byrjun og í Talíu, þaðan er haldið beint upp sléttan flöt og reynt að forðast að taka út í leiðir 1 og 3.

3 Létta leiðin

5.6, 12m (hálfboltuð)

Sama byrjun og í Talíu/Bókinni en frá syllunni er sprungu fylgt til hægri upp í augljóst horn og þaðan upp á brún. Þarf dót í efstu metrana.

4 Góðir vinir **

5.6, 12m (dót)

Byrjað er í augljósu horni með breiðri sprungu og henni fylgt þar til sprungan greinist. Vinstri sprungunni fylgt yfir í enda leiðar 3. Ef eingöngu sprungan er klifruð í byrjun verður leiðin 5.7.

5 Góðir vinir (afbrigði) *

5.6, 12m (dót)

Hægra sprungukerfinu fylgt upp á brún.

6 UV **

5.7, 12m (boltuð)

Leiðin er bein og augljós, byrjar á V-laga sprungu (ek) sem breytist í U-laga skorstein.

7 Stuð fyrir stutta *

5.9, 13m (boltuð)

Jökull Bergmann, '06

Upp stuðulinn milli UV og Dóna. Tæknilegar hreyfingar fyrir miðju (ek) upp í juggara. Þaðan krefjandi alla leið upp á brún.

8 Dóni

5.7 - 5.8, 13m (dót)

Bein sprunga, hægra megin við hornið frá UV, farið er til hægri út úr henni ofarlega. Ef hún er klifruð án þess að stíga út á hornið er hún erfiðari (5.8). Vandasamar tryggingar.

9 Bláa ullin

5.9, 13m (dót)

Sléttur veggur með þröngri sprungu sem liggur að litlu þaki (ek). Vandasamar tryggingar.

10 Hornið

5.5, 13m (dót)

Augljóst horn milli Flögutex og Bláu ullarinnar.

11 Flögutex

5.7, 14m (dót)

Þægilegt klifur upp að flöggunni en síðan er flókin hreyfing til hægri upp á brún. Ef farið er vinstra megin upp hornið er leiðin 5.8. Tortryggð. Varúð, stóra flagan er laus!

12 Sófus **

5.8, 14m (boltuð)

Byrjað er upp af tveimur stórum steinum og er óljósri sprungu (ek) fylgt áleiðis upp að stórum flögum og syllum. Ofan syllanna tekur við sléttur veggur með spennandi krúxi upp á brún (ek).

13 Stóru mistökin (afbrigði) **

5.9, 15m (boltuð)

Eftir flöguna er tæp hliðrun til vinstri og endað í sama akkeri og Sófus.

14 Stóru mistökin ***

5.9, 14m (boltuð)

Leiðin byrjar inni í geil. Farið er upp hana miðja og út úr henni til vinstri. Þaðan upp lítið þak (ek) og upp sléttan vegg með smá brúnum.

15 Víga-Glúmur **

5.10a/b, 14m (boltuð)

Árni G Reynisson, Björn Baldursson, '92

Nokkur afbrigði af fyrstu metrunum enda á flögum á horni. Þar taka við nokkrar tæpar hreyfingar (ek) á horni og fési þar til gripi á lítilli syllu er náð. Þaðan þægilegra klifur upp á stóra syllu og upp á brún. (5.10d)

16 Sykurmoli *

5.10b, 14m (boltuð)

Byrjar á tæpum hreyfingum upp á slabb (ek). Þaðan á flögum upp í horn meðfram þaki, sem farið er framhjá/ yfir (ek). Þaðan slabbhreyfingar upp á brún.

17 Kaldur sviti *

5.10d, 15m (boltuð)

Byrjar í litlu sprungukerfi upp á slabb. Þaðan löng krefjandi hreyfing eða stökkhreyfing (ek) yfir sléttan vegg upp á stóra hallandi syllu. Þaðan farið í kverk upp á brún.

18 Flöskuháls *

5.10d, 15m (boltuð)

Páll Sveinsson

Byrjar upp tæpt horn/slabb að bungu. Yfir eða framhjá bungunni (ek) upp á syllu. Þaðan krefjandi hreyfingar upp á brún (ek).

19 Brjálæði

5.12c, 15m (boltuð)

Björn Baldursson, Árni G Reynisson, '95

Tæknilegar hreyfingar í lóðréttum vegg. (5.12d)

20 Engin afsökun **

5.10c, 11m (boltuð)

Björn Baldursson og Stefán S. Smáráson, '92

Tæknilegar hreyfingar upp stóra flögu að syllu. Upp gleitt horn með litlum gripum (ek) yfir að lítilli flögu. Léttara klifur á vösum og köntum upp á brún. (5.11a)

21 Björn járnhaus

5.11b/c, 11m (boltuð)

Stefán S. Smáráson og Björn Baldursson, '92

Upp sléttan vegg upp í lítið þak, þar upp á krefjandi jafnvægishreyfingum (ek) inn í sprungu á slabbi og henni fylgt upp á brún.

22 Stálhnefi

5.12a, 10m (boltuð)

Stefán S. Smáráson og Björn Baldursson, '91

Leiðin byrjar við h-jaðar stóru syllunnar í horni undir litlu þaki. Því er fylgt inn í þrönga gróf, upp fyrir þakið og þaðan upp.

23 Karlinn í brúnni ***

5.10a, 13m (boltuð)

Björn Baldursson, Árni G Reynisson, '95

Sprungu fylgt upp að litlu þaki og er því fylgt til vinstri upp að gleðri sprungu. Þar er klífrað upp á beittum flögum 4-5m (ek). Þaðan er auðveldara klifur á vösum og brúnum upp að brúarstöplinum. (5.10b-c)

24 Undir brúnni ***

5.9, 15m (boltuð)

Páll Sveinsson, '91

Byrjar í lítilli geil þar sem klífrað er upp og til vinstri (ek). Þar tekur við léttara klifur upp að bröttu hafti. Þaðan taka við krefjandi hreyfingar (ek) upp að góðum gripum. Lokametrarnir farnir ýmist til vinstri upp brotið eða á köntum framhjá efsta boltanum (erfiðara).

25 Sunnan við brú

5.12, 12m (boltuð)

Eina leiðin sunnan við brúna. Liggur upp vesturhluta veggjarins undir suður-stöplinum

Gerðuberg á Snæfellsnesi

Sigurður Tómas Þórisson

Gerðuberg er glæsilegur stuðlabergshamar í Hnappadal á innanverðu Snæfellsnesi. Fyrstu fregnir af klifri í Gerðubergi er að finna í Ársriti Ísalfs árið 1990 þar sem segir:

Gerðuberg í Hnappadalssýslu var heimsótt þann 9. júlí '90 af þeim Birni Baldurssyni, Árna G. Reynissyni og Stefáni Smárasyni. Voru 6 nýjar leiðir klifnar í hæsta hluta klettabeltisins. Einkenni svæðisins er sprunguklifur og er því mjög óæskilegt að fíkað sé með bolta á staðnum...

...Reynt verður að gera leiðarvísi um svæðið næsta sumar.

Lítið virðist hafa orðið úr þeim hugmyndum og er því ætlunin að bæta úr því með þessum leiðarvísi.

Leiðarlýsing

Gerðuberg er tæpa 120 km frá Reykjavík, á innanverðu Snæfellsnesi. Keyrið þjóðveg 1 til Borgarness og skiptið svo yfir á þjóðveg 54 í átt að Stykkishólmi - til vinstri á hringtorginu nyrst í Borgarnesi. Þegar komið er rétt framhjá Eldborg á Mýrum (við Kolbeinsstaði, ca. 45 km frá Borgarnesi), þá er skilti sem bendir til hægri að Gerðubergi. Keyrið þann veg ca. 1 km og þá blasir stuðlabergshamarinn við um 50m vinstra megin við veginn.


Hvernig klifur?

Í Gerðubergi er eingöngu sprunguklifur, sem tryggt er á hefðbundinn hátt, þ.e. með dóti: hnetum, vinum og hexum. Spungurnar eru allt frá því að vera ókleifir hárfínir saumar upp í víða skorsteina. Helstu sprungurnar sem hafa verið klifraðar eru fingra- og handasprungur en einnig nokkrar í víðari kantinum.

Svæðið býður upp háklassa sprunguklifur þótt ekki sé leiðirnar sérlega langar, eða á bilinu 7-14 m.

Fjöldi leiða

Fjöldi klifranlegra leiða í Gerðuberg er talinn í tugum en þær leiðir sem hafa hlotið mesta athygli er í hæstu þilunum (7-14m) og eru þær um 25 talsins.



Hversu erfitt

Sökum þess hve stuðlabergið í Gerðubergi er heillegt og bratt - yfirleitt alveg lóðrétt og lítið um kanta og stalla - eru klifurleiðirnar almennt frekar í erfiðari kantinum og svæðið því kannski ekki sérlega byrjendavænt. Léttustu leiðirnar í meðfylgjandi leiðarvísi eru af gráðunni 5.4 en þær erfiðustu 5.11. Flestar eru leiðirnar á bilinu 5.8-5.10.

Almennt er tiltölulega auðvelt að koma fyrir tryggingum í leiðunum og nýtast allar stærðir af vinum, hnetum og hexum. Einstaka leiðir eru þó tortryggðar á köflum.

Jarðfræði

Gerðuberg er á Náttúruminjaskrá, þ.e. óskalista Umhverfisstofnunar um friðlýsingar:

Gerðuberg, Eyja- og Miklaholtshreppi (áður Eyjahreppi), Snæfellsnessýslu. Stuðlabergsbelti milli bæjanna Gerðubergs og Ytra-Rauðamels, ásamt brekkunum niður að þjóðvegi. Tilkomumikið stuðlað hraunlag og gróskumiklar blómabrekur.

Gerðuberg er hluti af basaltbrauni sem runnið hefur á hlýskeyði á síðari hluta ísaldar (á Tertíer-tímabilinu). Það er ættað úr Ljósufjalla megineldstöðinni. Hraunið, sem er allmjög rofið af jökum á yfirborði, er óvenju fallega stuðlað. Stuðlarnir í því eru einstaklega reglulegir, 1-1,5m í þvermál, og eru ca. 14 m háir þar sem þeir eru hæstir.

Almennt

Harðbannað er að bolta stuðlana í Gerðubergi enda er hamarinn vinsæll viðkomustaður innlendra sem erlendra ferðamanna. Einu boltanir á staðnum eru toppboltar ofan við nokkrar af helstu leiðunum (ofan á stuðlunum) og voru þeir eingöngu settir upp sökum þess hve erfitt er að koma fyrir toppakkerum á melnum fyrir ofan.

Þar sem toppboltar eru ekki í boði er um tvennt að velja: græja toppakkeri í sprungur eða utan um stóra steina ofan á stuðlunum (yfirleitt hægt), eða fara bara nógu langt upp á melinn, tylla sér og reyna að tryggja þann seinni. Fara bara nógu langt til að sá seinni dragi þig ekki fram af ef stansinn heldur ekki...

Boltinn rétt ofan við leið C7 er búinn sigringur og er ágætt að hafa með 10-15 m statiklínu til síga niður á þegar leiðum er lokið. Neðan leiðanna er all brött stölluð lyng- og grasbrekka sem er yfirleitt þægileg en þó getur verið smá spól upp að sumum leiðanna. Farið gætilega um þessa brekku því það er farið að móta fyrir stígum í henni sökum ágangs klifrara og annarra gesta á svæðinu.

Gerðuberg er að margra mati ennþá betra klifursvæði en Stardalur ef menn eru að leita að 5.8 leiðum og erfiðari en ef menn vilja klassískar léttari leiðir þá er Stardalurinn líklega skemmtilegri.

Í þessum leiðarvísi hefur Gerðubergi verið skipt upp í fjögur svæði, A – D. Leiðunum á hverju svæði fyrir sig er síðan lýst í sérstökum kafla.

Rétt er að taka það fram að nöfnin í þessum leiðarvísi eru ekki alltaf formleg nöfn leiðanna. Frumherjarnir í Gerðubergsklifri kringum 1990 nefndu nokkrar leiðirnar og var reynt að halda þeim nöfnum (þó eitthvað hafi minni þeirra dofnað með árunum). Undirrituðum leiðist hins vegar ákaflega nafnlausar leiðir og tók sér því það bessa-leyfi að setja bráðabirgðanafn (vinnuheiti) á allt heila klabbið. Vonandi að engum sárni það og tek ég glaður við breytingar- og leiðréttingartillögum fyrir næstu útgáfu.

Rétt er einnig að taka fram að erfiðleikagráðunin í leiðarvísinum er ekki heldur 100% og höfum við Róbert Halldórsson gráðað eftir bestu getu það sem ekki voru til gráður á. Þetta er því bara til viðmiðunar. Ábendingar um fráleitar gráður og stjörnujöfna eru vel þegnar.

Myndirnar í leiðarvísinum tóku undirritaður og Róbert Halldórsson.

Róbert skrykklast upp 5.10 fingrasprungu í Gerðubergi

Sigurður Tómas Þórisson





AF VÍSINDAVEF HÁSKÓLANS

Stuðlaberg myndast vegna samdráttar í kólnandi efni. Þegar basaltbráð kólnar er hún orðin fullstorkin við um 1000°C hita. Eftir það kólnar bergið smám saman og dregst við það saman og klofnar í stuðla sem tíðum eru sextrendir. Stuðlar standa ávallt hornréttir á kólnunarflötinn. Þeir standa því lóðréttir í hraunlögum og innskotslögum, láréttir í göngum en sem geislar út frá miðju í bólstrum.

Við kólnunarsamdrátt í hrauninu myndast láréttur spennur í berginu: Flatarmál efnisins í tilteknum jafnhitaflæti, sem þá er á sama dýpi alls staðar í hrauninu, verður það miklu minna en flatarmál hraunsins að teygja efnisins þolir það ekki og bergið brestur. Hliðar stuðla eru venjulega settar láréttum rákum (s.k. meitilföllum), 1-2 cm breiðum, sem hver um sig markar brot eða framrás sprungunnar niður á við.

Ástæða þess að stuðlar eru yfirleitt sextrendir er sú, að sextrendingur er sá fjölhyrningur sem er næstur hring að lögun en getur jafnframt fyllt flötinn. Jafnhliða þríhyrningur og ferningur geta einnig fyllt flöt, en eru fjarri hring að lögun; átthyrningur og tólfhyrningur nálgast hring en geta ekki fyllt upp flöt.

Ástæða þess að stuðlar eru hornréttir á kólnunarflöt er sú að jafnhitaflætinir færast inn í efnið samsíða kólnunarflætinum, þannig að lagið sem brestur er samsíða kólnunarflætinum, en sexhyrndu sprungurnar sem myndast eru hornréttar á hann.



A1 Með fullri reisn

5.4, 7m

Stutt leið bakvið frístandandi stuðulinn. Þunn strompun fyrst, en gleikkar svo upp og þá fjölga líka gripum og allt verður léttara. Fín byrjendaleið en ekki einkennandi fyrir svæðið.

A2 Bergrisinn

5.7 – 5.8, 8m

Næsta sprunga við frístandandi stuðul. Brotin og ögn laus í sér fyrir miðju.

A3 Stigið milli stuðla

5.6, 8m

Strompur milli stuðla, handasprungu til vinstri, off-width milli stuðla og kletts sitt hvoru megin.

A4 Hendur á lendur **

5.8, 8m

Stutt en skemmtileg handasprungu. Svolítið þunnt handadjamm fyrir miðju. Ef stigið er í stuðul til vinstri er leiðin 5.7.

B1 Sól mun sortna **

5.9, 12m

Tæp byrjun á lélegum lásnum og syllum yfir grastorfu. Ofan torfunnar taka við góðir en hvassir handalásar og lappirnar skána.

B2 Ragnarökkur **

5.10b, 12m

Tæknileg pumpandi fingasprungu með erfiðum lásnum og þunnum löppum framan af leiðinni en léttist þegar ofar dregur. Fín leið og mjög tæknileg framan af.

B3 Myrkraverk *

5.8, 12m

Handasprungu til vinstri milli tveggja stuðla. Leiðin er 5.7 ef stigið yfir í stuðul til hægri.

B4 Ófnir **

5.10a, 12m

Tæknilega fingasprungu með erfiðum „off-finger“ lásnum framan af og þunnum löppum á krúxi. Léttist eftir miðja leið.

B5 Sváfnir **

5.9, 12m

Byrjar sem þröngir puttar en gleikkar svo örlítið uppi. Stíf byrjun og þunnt layback á krúxi.

B6 Sonartorrek **

5.9, 12m

Flott handasprungu með stífri byrjun. Pumpandi leið með lélegum löppum á flötum stuðlavegg. Svolítið ójöfn sprungu og því tryggingar vandasamar.

C1 Ein af mörgum ***

5.9, 12m


Stefán S Smáráson, Björn Baldursson, '90

Þröngar hendur neðst með þunnum löppum á fési og tadjammi í sprungu upp á litla syllu undir skoru. Víkkar og léttist aðeins þegar ofar dregur. Frábær leið með snúinni byrjun.

C2 Troða halir helveg

5.8, 12m

Layback og skrýtnir lásar framan af með ágætis lappir til hægri en þynnri til vinstri.



C3 Dáinn **

5.9+, 12m

Tæp leið á lélegum fingralásum. Erfiðust fyrir miðju með skemmtilegum jafnvægishreyfingum.

C4 Lausir steinar ***

Björn Baldursson, Stefán S Smáráson, '90

5.8, 12m

Horn með handasprungu neðst sem gleikkar í off-width ofar. Þunnar lappir og þínu strembin djömm framan af en verða þægilegri ofar. Víkkar svo í skrýtna stærð efst. Frábær leið.

C5 Gangleri

5.7, 7m

Stuttur strompur með þunnum saumum báðu megin. Byrjar ofan við nokkra stuðlastalla. Tæp byrjun og frekar döpur leið í það heila.

C6 Mánagarmur *

5.8+, 9m

Tæp layback og lásar upp mjóa skoru. Léttist þegar ofar dregur.

C7 Surtarlogi

5.9, 11m

Við sprunga rétt undir sigakkerinu. Víkkar upp, frá handarþykkt neðst upp í 15-20cm efst. Tortryggð ofan til nema með stóru dóti. Leiðin er léttari ef stigið er til vinstri yfir næsta stuðul til v.

C8 Litlir hnepar **

5.10b, 13m

Stefán S Smáráson, Björn Baldursson, '90

Við sprunga vinstra megin við hornið hjá Kaloríum. Þarf stórt dót (10-15cm) í efri hlutann.

D1 Kaloríur **

5.11a, 14m

Snævarr Guðmundsson, '91

Þunnir fingur neðst en gleikkar aðeins þegar ofar dregur. Krúx 4-5m upp í leið, tortryggð neðan til. Leiðin er 5.10d ef stigið í leið D2 (FF: BB og SSS, '90).

D2 Kaliforníudraumar ***

5.10b, 14m

Björn Baldursson, Stefán S Smáráson, '90

Þokkaleg layback og fingralásar framan af en þeir versna (sprunga verður fleiðruð) þegar ofar dregur en þá skána lappirnar eilítið.

D3 Brautarspor *

5.8, 14m

Stefán S Smáráson, Árni G Reynisson, '90

Tvær samsíða sprungur inni í skoti hægra megin við D2. Vinstri sprunga frekar við en sú hægri handasprungu.

D4 Síberíuhraðlestin **

5.10a, 12m

Tæpir þunnir handalásar í vandasömum hreyfingum. Skemmtileg og tæknileg leið með erfiðri byrjun.

D5 Eimreiðin ***

5.10a, 12m

Fingrasprungu með góðum lásam en tæpum löppum. Auðtryggð og skemmtileg leið. Leiðin er 5.9 ef stigið er í stuðul til hægri.

D6 Aftakan ***

5.9, 10m

Pumpandi þröng handasprungu upp flatan stuðlavegg. Lítið af löppum á stuðlum. Mjög skemmtileg leið.

Annáll íslenskrar fjallamennsku

2003 - 2006

Umsjón: Sigurður Tómas, Skarphéðinn og Freyr Ingi

Eins og gefur að skilja er annállinn í lengra lagi í þessu ársriti, enda spannar hann fjögur ár. Íslenskir fjallamenn og konur hafa síður en svo setið auðum höndum þessi ár þó svo ársritasmíð hafi gengið treglega. Margir spennandi leiðangrar hafa ýtt úr vör, sumir komist á toppinn, aðrir orðið frá að hverfa. Ís- og klettaklifrara hafa líka verið iðnir við kolann og sett upp nýjar leiðir í öllum landshornum. Við í ritnefndinni þökkum öllum sem brugðist hafa vel við fyrirspurnum okkar og sagt frá ferðum sínum, eins þeim sem skráð hafa nýjar leiðir á heimasíðu Ísalp, www.isalp.is. Um leið hvetjum við alla sem leggja lönd undir fót á næstunni til að láta vita af sér.

ÚTLÖND

Himalaya

Þann 16. maí 2003 náði Anna Svavarsdóttir tindir Cho Oyu (8.201 m) í Nepal. Anna tók þátt í áströlskum leiðangri á vegum DCXP Mountain Journeys. Með harðfylgi náði Anna toppnum en hópar á fjallinu á þessum tíma lentu í ýmsum vandræðum og áföllum eins og lýst er í viðtali Helga Borg við Önnu sem birt er framar í blaðinu. Anna er fjórði Íslendingurinn sem nær toppi Cho Oyu og með því setti hún hæðarmet íslenskra kvenna.

Þrír félagar úr HSSR: Stefán Örn Kristjánsson, Hálf dán Ágústsson og Helgi Tómas Hall, og einn úr Bjsv. Ársæli: Sveinn Friðrik Sveinsson, skelltu sér á nágrannaslóðir Talibana í Pakistan sumarið 2006. Vörðu þeir 6 vikum í fremur fáförnu fjallalandslagi með aragrúa af 5-6.000 m tindum. Sjá nánar grein framar í blaðinu.

Sumarið 2005 tók Ívar Finnbogason þátt í breskum leiðangri sem setti stefnuna á fjallið Pumori (7.161m) í Nepal. Pumori á sér heldur myrka sögu í hugum margra íslenskra fjallamanna enda hafa þrír Ísalp félagar látist í hliðum þess. Fór svo að leiðangurinn hlaut heldur snubbóttann endi eftir að íshrun ofarlega hafði skotið leiðangursstjóranum skelk í bringu og var ákveðið í kjölfarið að blása

frekari tilraunir við fjallið af. Í sárabætur skokkaði Hardcore upp á Island Peak (6.189 m) sem trúlega er það fjall á þessum slóðum sem hefur fengið hvað flesta Íslendinga uppá sig í gegnum tíðina.


Freyr Ingi Björnsson og Jón Heiðar Andrésson voru á ferðinni í Nepal í nóvember 2006. Þar höfðu þeir að markmiði að klífa hið svipmikla og margþrammaða trekking-fjall, Mera Peak. Einnig stóð til að klífa næsta fjall við Mera, kallað Peak 41 á landakortum, en komið hefur í ljós að það er hið rétta Mera Peak og hefur aðeins einu sinni verið klifið enda bratt mjög og torfært. Náðu þeir tindi trekking-fjallsins Mera Peak en vegna óhagstæðra snjóá á svæðinu í nokkra daga urðu félagarnir frá að hverfa.

Norður Ameríka

Jökull Bergmann og Friðjón Þorleifsson stunduðu nám til „Adventure Guide Diploma“ gráðu í háskólanum University College of the Cariboo (UCC) í Bresku Kólumbíu í Kanada. Þetta leiðsögunám er ætlað þeim sem stýra hverskonar óbyggðaleiðangrum, hvort sem ferðamátinn er ganga, skíði, kajak, klifur eða annað. Einar Ísfeld bættist síðan í þennan fríða hóp mörlanda við skólann.

Leifur Örn Svavarsson og Ágúst Guðmundsson fóru West-butress leiðina á Denali (Mt. Mc-

Pumori. Íslendingar hafa ekki enn náð fullnaðarsigri hér. Ívar Freyr Finnbogason



Kinley, 6.192m) í júní 2004. Drengirnir voru m.a. veðurtepptir í Talkitna í 5 daga. Eftir að hafa komið farangri upp í efstu búðir á 8. degi reyndu þeir upp-göngu eftir svefnlausu nótt í snjóhelli í 5.200m. Sökum snjóflóðahættu þorðu þeir ekki að fara í Denali skarðið heldur fylgdu rifinu beint ofan við efstu búðir en urðu frá að hverfa á s.k. „fótbolta-velli“. Eftir nokkura daga bið í skítviðri náðu þeir síðan tindinum á 13. degi ferðarinnar.

Undir lok maímánaðar 2006 hélt hópur undanfara frá HSG (Ágúst Þór, Arnar Emils, Sædis Ólafs, Berglind Aðalsteins, Eiríkur Einars, Eiríkur F. Sigursteins., Guðmundur Óli Gunnars og Jón Heiðar Andrésson) til kanadísku Klettafjallanna að læra fjallabjörgun og iðka klifur og skíði. Ýmis klífursvæði voru skoðuð t.d. Grassi Lakes, Lake Louise og fjölspannasvæðið Yamnuska. Skemmti hópurinn sér konunglega í stórglæsilegu umhverfi Banff-þjóðgarðsins.

Suður Ameríka

Í september 2004 þrömmuðu Jón Haukur Steingrímsson og Margrét Valdimarsdóttir á Huyana Potosí í Bólivíu (6.088 m). Fjallið er mjög aðgengilegt, aðeins um 1,5 t leigubílaferð frá La Paz upp í um 4.800 m. Þau gengu upp tjaldbúðir í 5.200 m, þar sem gist var neðan við jökulinn og svo tóku þau S-Amerískt alpastart um klukkan eitt um nóttina. Á leiðinni var smá brölt upp eina ísrennu, en vegna stórrar jaðarsprungu var ekki hægt að fara hefðbunda leið eftir hnífseggjahrygg á toppinn, heldur klifruðu þau um 200 m langa ísbrekku á toppinn. Fáir voru á ferðinni þennan dag, enda fimbulkuldi.

Á tímabilinu 29.des. til 16. janúar 2004 ferðuðust þeir Ari Trausti Guðmundsson, Árni Árnason og Orri Magnússon um Ekvador til þess að klífa fjöll sem nóg er af í landinu. Þeir byrjuðu ferðina á nokkrum 3-5.000 m tindum: Cerro Cotacachi, Imbabura, Guagua Pichinch, norðurtindur Illiniza og Cotopaxi. Lokatakmarkið var svo Chimborazo, hæsta fjall Ekvador (6.310 m). Þar eru tveir skálar og er sá hærri í um 5.000 m. Aðstæður voru fremur erfiðar og glær ís á mestum hluta leiðarinnar. Upp- og niðurferðin tók 11 klst. og ofan af tindinum sáust ekki aðeins mörg hæstu fjöll landsins heldur líka tvö eldgos; í fjöllum Tungurahua og Sangay. Premeningarnir skipulögðu ferðina sjálfir og grein um ferð þeirra birtist á síðum Morgunblaðsins.

Sigfríð og Eiríkur Einarsbörn skelltu sér í 6

mánaða leiðangur um S-Ameríku í september 2003. Gengu þau af kappi um dali og fjöll Andesfjallanna. Þau voru spræk í tindasöfnun út um alla álfuna eins og listinn yfir afrek þeirra gefur til kynna: Ekvador: Cotopaxi – 5.897m og Chimborazo – 6.267m; Perú: Pisco – 5.752m; Bolívía: Huyana Potosi – 6.088m og Sajama – 6.549m; Argentína - Aconcagua 6.959m. Haukarnir Parelíus og Hlíðkvist hittu þau í Argentínu og klifu Aconcagua með þeim. Eiríkur lét sér þó nægja að fara í grunnbúðir Aconcagua.

Kazakstan

Í júlí 2003 fóru þeir Freyr Ingi, Hermann Sigurðsson, Tryggvi Þórðarson og Guðjón Hauksson til Kazakstan í þeim tilgangi að sækja þar fjallabjörgunarráðstefnu í grunnbúðum fjallsins Khan Tengri (7.010 m) auk þess að klífa fjallið sjálft. Erfiðar aðstæður á fjallinu og tímaskortur komu í veg fyrir að þeir næðu tindinum en einungis 5 af 120 manns sem reyndu við fjallið náðu á toppinn.

Þann 5. september 2006 komust þeir Hallgrímur Magnússon og Leifur Örn Svavarsson á topp Peak Lenin (7.134 m). Fjallið er á landamærum Kyrgýzstan og Tajikistan í Pamir fjallgarðinum. Glímdu þeir við erfiðar aðstæður á fjallinu enda utan hefðbundins klífurtímabils á svæðinu.

Grænland

Ísfríðingarnir Rúnar Óli Karlsson og Eiríkur Gíslason fetuðu í fótspor Eiríks rauða til Vesturheims og tóku land á Grænlandi vorið 2004. Með þeim í för voru Gylfi Ólafsson, Sigurgeir Gunnarsson og Karl Ingólfsson. Dvöldu þeir í viku við skíðaiðkun í nágrenni fjallaskála í botni Tasiilaq fjarðar á austurströndinni.

Vorið 2006 var Leifur Örn í tæpa tvo mánuði á Grænlandsjökli. Fyrst fór hann yfir Hvíta Risann með einn Breta í eftirdragi og tók það ferðalag 20 daga á jökli. Strax á eftir fór hann ásamt Friðjóni Þorleifssyni í 29 daga ferð á jökulinn með indveska sjóherinn sem var í æfingarferð fyrir suðurpólinn. Var það ferðalag um margt merkilegt, t.d. féll maður 20 m niður í sprungu á leið niður jökuljaðarinn án þess að verða meint af. Til gamans má geta að Leifur segist hafa farið 1000 km með sömu rafhlöðurnar í GPS tækinu.

Kákasus

Í júní 2003 gengu Haukur Parelíus og Haraldur Teitsson á Elbrus í Kákasusfjöllum. Elbrus er sem

kunnugt er hæsta fjall Evrópu, 5.642 m. Á vefsíðu Fjallavínafélagsins Kára er að finna myndir og frásögn af ferð þeirra.

Leifur Örn, Ágúst Guðmundsson og Þuríður Reynisdóttir klifu Elbrus í júní 2005. Þau tóku ekki snjóbilinn heldur sváfu í nýbyggðum skála rétt ofan við rústir Priut 11 skálans í 4.050m hæð. Rafmagnsleysi og veður höfðu einhver áhrif á för þeirra en öll náðu þau þó á tindinn.



Ísfirðingarnir ásamt föruneysi á Ski Peak á försinni um Tasiilaq fjörð á Grænlandi. Fjallið Rytarknægten gnæfir yfir í baksýn

Rúnar Óli Karlsson

Alpar

Sumarið 2005 var Guðmundur Freyr Jónsson ásamt Ásmundi Ívarssyni, Hauki Haraldssyni, Helga Guðbergssyni, Hrólfí Jónssyni, Jóni Helga Guðmundssyni og Valgarði Sæmundssyni í Chamonix. Fóru þeir hefðbundnu Gouter gönguleiðina á topp Mt. Blanc (4.808m).

Sumarið 2006 var Guðmundur aftur á alpaþeytingi ásamt föður sínum, Jóni Helga, til Zermatt í Sviss. Var reynt við Hörnli hrygginn á Matterhorn (4.478 m) en urðu frá að hverfa á síðustu metrnum sökum hæðarveiki og búnaðarleysis. Í sömu ferð fóru þeir á Mt. Blanc du Tacul (4.248 m) ofan Chamonix.

Sumarið 2006 brugðu þau Vilborg Arna Gissurardóttir og Örlygur Steinn Sigurjónsson, þáverandi formaður Ísalp, sér í kurteisheimsókn í svissnesku Alpna. Ekki var þó setið við tedrykkju heldur skelltu þau hjónaleysin sér upp tignarlegu Toblerone tindana Múnkinn (der Mönch, 4.100 m).og Eiger (3.970 m).

Noregur

Hilmar Ingimundarson, Guðjón Björnsson fóru til Rjukan í Noregi að klifra í nokkra daga með Elvari og Kirsty. Rjukan er eitt af vinsælustu ísklifur-svæðum Norðmanna og ekki að ástæðulausu. Rjuk-

an er í um 3 tíma akstri frá Osló og býður upp á klifur af öllum erfiðleikum og lengdum, bæði í ís og mixi.

Í kjölfar þeirra félagana fór fríður hópur ísunnenda í pílagrímsferð til Rjukan veturinn 2006 og voru þar í för Stefán Örn, Róbert H, Freyr Ingi, Haraldur G, Herdís, Anna Sigga, Villy, Gummi Dúllari, Bergur, Tryggvi G og Tryggvi S (??). Dvöldu menn frá einni upp í þrjár vikur og var gríðarleg ánægja með svæðið. Erfiðast var klifrað M7 í ferðinni.

Skotland

Haraldur Guðmundsson varði nokkrum vetrum við nám í Edinborg. Var kappinn að finna sig vel í skoska hálandahnoðinu og kynnti íslenska dreifbýlisþokkann fyrir heimalingunum. Sumarið 2005 fékk Gúmmjárníð heimsókn þegar þeir Kristinn Gylfason, Sveinn Friðrik og Stefán Örn renndu á slóðir Rob Roy. Klifruðu þeir félagar meðal annars leiðina Observatory Ridge á Ben Nevis, hæsta fjall Bretlandseyja – 1.344 m. Sjá nánar grein eftir Harald framfar í blaðinu.

Sportklifur

Hjalti Rafn Guðmundsson og Kristín Martha Hákonardóttir fóru fjölda klifurferða til Evrópu. Vorið 2004 voru þau á Spáni og voru svæðin Villanova de Prades, Siurana (frábært svæði), Rodellar og Vilanova de Meià (flott fjölspannasvæði) heimsótt auk Orpierre í Frakklandi. Hjalti rauðpunktaði best 8a og Kristín 6c+.

Um jólaleytið 2004- '05 skötu hjúin til El Chorro á Spáni. Kristín rauðpunktaði þar 7a+ leið og Hjalti fór 8a beint af augum. Skötu hjúin gengu rúmlega 10km á dag í ferðinni til þess að bæta matarlystina.

Um páska 2005 fóru Sigurður Tómas Þórisson Róbert Halldórsson ásamt Hallgrími og Hauki Arngrímssonum til Frakklands. Var aðallega klifrað í Buoux og Volx en einnig voru Claret og Canal du Orgon heimsótt. Hallgrímur og Róbert fóru 7b í rauðpunkti, Sigurður 7a+ og Haukur 6b+. Björn Baldursson var á flakki ásamt spúsu og klifraði hann nokkra daga með drengjunum og sýndi hvernig klipið skuli í franskt grjót.

Haustið 2005 dvaldi Jósef Sigurðsson í Noregi við nám. Fór hann víða að smakka á klettum, m.a. til Osló, Stryn, Stranden o.fl. Rauðpunktaði hann best 5.11b/c.

Um jól og áramót 2005- '06 fóru nokkur ung-



Ungstirnið Róbertino í 7a juggarapumpu í Volx
Hallgrímur Örn Arngrímsson

stirni úr Klifurhúsinu í mánaðar túr til El Chorro á Spáni. Elmar Orri fór 7c+ í rauðpunkti, Hjalti Andrés og Kristján Þór 7c, Jafet 7a+ og Vikar 7a. Sveinn Friðrik og Ása Sóley heiðruðu hópinn með nærveru sinni hluta tímans en ritnefnd hafa ekki borist fregnir af afrekum þeirra.

Vorið 2006 fóru Skarphéðinn Halldórsson og Björgvin Hilmarsson í stuttan túr til Siurana. Voru þeir í seinna falli um vorið og var hitinn eitthvað að plaga félagana en þeir létu það ekki fípa sig við klifrið. Björgvin rauðpunktaði best 7a og Skarphéðinn 6c.

Sumarið 2006 fóru Valdimar og Kjartan Björnssynir ásamt Róberti H í 7 vikna túr til Ceüse í Frakklandi. Tæplega klukkutíma brekkugangur er að klifrinu frá tjaldsvæðinu og er það helsti kostur og löstur svæðisins. Gallinn er að gangurinn er óhemju leiðinlegur til lengdar en kosturinn að púlið heldur mannmergðinni að einhverju leyti frá þessu annars frábæra svæði. Hjalti Rafn var síðustu þrjár vikurnar með snáðunum. Valdi, Kjartan og Róbert rauðpunktuðu allir 7c+. Sjá nánar um svæðið í grein Róberts framar í ritinu.

Haustið á eftir var Róbert aftur á Spánarspási sem dró hann m.a. til Siurana, Teredettes og að lokum í málaskóla í Sevilla, þar sem hann glímdi við grjót og sportklifraði á brúarstöplum. Í Siurana rauðpunktaði hann best 7c+.

Elmar Orri og Valdimar skelltu sér í tveggja vikna shortara haustið 2006 til Teredettes á Spáni til að undirbúa sig undir Norðurlandamótið í leiðsluklifri. Voru leiðirnar víst flestar keimlíkar og nokkuð í erfiðari kantinum (7a og upp úr). Klifrað er

á miserfiðum kólonettum (túfum) langleiðina þar til kemur að unaðsgripunum svokölluðu og svo var alltaf megatæpt krúx í lokin. Fóru félagarnir erfiðast 7c í rauðpunkti.

Haustinu 2006 vörðu þeir Hjalti Andrés og Kristján Þór Björnsson í klifurskóla í Noregi. Fóru þeir í fjölda klifurferða um Noreg og fór Hjalti 7b+ í annarri tilraun og Kristján 8a í rauðpunkti og var þar með fjórði landinn til klára 8a og einnig sá yngsti, aðeins 15 ára! Tóku þeir þátt í Norðurlandamóti ungmenna í leiðsluklifri og stóðu sig frábærlega. Sjá nánari í flokkinum Keppnir hér á eftir. Skólinn fór m.a. í hópferð til El Chorro og í búlderaldingarðinn Fontainebleau. Kristján búlderaði best 7c í Font og Hjalti 7b og í El Chorro fóru þeir báðir 8a í rauðpunkti og var Hjalti þar með fimmti til að klifra 8a.

Haustið 2006 fór Jökull Bergmann ásamt frú, kríli og fylgdarmanni til grísku eyjarinnar Kalymnos. Þar þykir klifur með eindæmum fjölbreytt og gott (900+ leiðir), allt frá léttum krakkaleiðum upp í 9a ofurleiðir í hellum. Fjölskylduvænt með afbrigðum.

Halastjörnurnar úr Klifurhúsinu fóru í annan El Chorro túr yfir jól og áramót 2006-07 og hefur æxlun í hópnum greinilega gengið vel því hann stækkar með hverju árinu. Mikill kraftur var í hópnum og rauðpunktaði Hjalti Rafn 8b og varð þar með annar landinn til þess. Kjartan og Elmar rauðpunktuðu 8a og urðu þar með sjötti og sjöundi til að klifra það. Vikar rauðpunktaði 7b og Halldóra og Stefanía 6b. Valdimar og hans niðurlenska spúsa ásamt Árna Má slógust svo í hópinn eftir áramótin en fer ekki sögum af afrekum þeirra. Sjá nánar um ferðina í grein eftir Hjalta framar í blaðinu.

VESTFIRÐIR

Ísklifur og fjallamennska

Ísklifurfestival klúbbsins árið 2004 var haldið á Ísafirði seinnipart febrúar. Töluverður fjöldi klifrara, innlendra sem erlendra, lagði leið sína vestur enda var talið að klifuraðstæður væru einna skárstar þar. Fyrsta dag festivalsins hélt hópinn upp í Naus-tahvilt. Þar fór ekki betur en svo að snjóflóð féll ofanúr hvíltinni og áttu margir fótum sínum fjör að launa. Hreif flóðið með sér breskan klifrara og skilaði honum aftur 200 m neðar. Sem betur fer kom pilturinn að mestu heill úr salíbuninni en flóðið skaut mönnum skelk í bringu og forðuðu flestir sér niður hið snarasta og völdu sér klifur fjær snjó og nær sjó. Fáar nýjar leiðir voru skráðar en þeir Einar R. Sigurðsson og svensku flikkurnar

Krister Jonson og Torbjörn Johansson fóru þó tvær nýjar milli Hnífsdals og Bolungavíkur.

Jutte bra! - M5, WI4, 50 m - Seljadalur. Efsti hluti leiðarinnar sést neðanaf vegi. Leiðin skiptist í tvær stuttar spannar. Neðri spönnin byrjar í ís en endar í nokkrum mixhreyfingum sem endar í íspili. Seinni spönnin byrjar á slúttandi klettahreyfingum og endar í góðum ís.

Windows 95 - WI3+, 45 m - Leiðin er ca. 1,5 km utanvið Hnífsdal og byrjar niðrá vegi. Auðvelt klifur sem endaði í lokuðum ísstrompi.

Í maí 2006 fóru þeir Rúnar Óli Karlsson og Eiríkur Gíslason nýja leið í Kálfadal í Óshlíð. Leiðin heitir **Sónata**, var farin í tveimur spönnum og er ca. 40 m löng.

VESTURLAND

Ísklifur og fjallamennska

Austurárdalur

Í byrjun janúar 2004 háðu ísklifrarar harða netrimmu á umræðupráðum heimasíðu ísalp um „leynisvæði“ Ívars. Til að gera langa sögu stutta endaði það á því að Ívar blés til dvergvoxins óvissu-ís-festivals og bauð klifurum að skoða dýrðina og ljóstra upp hvar svæðið væri. Hið meinta svæði er fyrsti dalur til norðurs þegar komið er niður af Bröttubrekku norðan megin og heitir Austurárdalur. Leiðirnar eru flestar í grunnri hvelfingu austan megin í dalnum og sést í toppinn á þeim frá veginum. Reyndar vildu einhverjir haukfránir gamlingjar kannast við kauða þegar að var komið, en það er víst ekki nóg að spotta svæðin, það þarf að gera eitthvað líka. Frá þjóðveginum er um hálf tíma léttur gangur inn að svæðinu, sem sagt ekkert Eilífsdals-söffer.

Kiddi - WI4+, Ívar Freyr Finnbogason og Haukur Hafsteinsson.

Bláa Leiðin - WI4+, Guðmundur Helgi Christensen og Jón Haukur Steingrímsson.

Jobbi Dalton - WI5, Guðmundur Helgi Christensen og Jón Haukur Steingrímsson.

Túristaleiðin - WI4, Páll Sveinsson, Þorvaldur Þórrson, Haraldur Örn Ólafsson, Torbjörn sænski og Jón Gunnar.

Áætlun B - WI4. Ívar Freyr Finnbogason og Haukur Hafsteinsson.

Áætlun A - WI4, 70 m. Dave Kenyon, William Wilkinson, Andrew Murphy, 30. des. 2004. Þessi leið er inni í horni lengst til vinstri í svæðinu. Byrjið á að klifra bratt kerti, um 7 m. Síðan tekur við

smá snjóbrekka upp í megintryggingu í ís. Seinni spönn liggur upp bratta brekku með snjó, ís og smá klettum.

Gufað með græjur (Faffing About) - WI3, 30 m, 8. des. 2004, Ívar F. Finnbogason og Tom Gallagher. Leiðin er í litlu gili sem farið er framhjá á leið að meginsvæðinu í Austurárdal. Gilið inniheldur amk. 3 línur hægra megin og eina eða tvær vinstra megin. Leiðirnar fara trúlega á kaf í snjó þegar liður á veturinn.

Skipulagt undanhald (Orderly Retreat) - WI3, 30 m, 8. des. 2004, Owen Samuel, Matt Tyler og Dave Steele. Sama gil og Faffing About, fyrsta leiðin til hægri, bakvið svörtu klettana.

Að drepa tímann (Killing Time) - WI2-3, 50 m, 7. des. 2004, Tom Gallagher og Ívar F. Finnbogason. Nokkur lítil íshöft í gili hægra megin við Áætlun B.

Ísklifurfestival sem halda átti í Berufirði í febrúar 2005 var snúið til Austurárdsdals og Haukadals sökum ís- og veðurleysis fyrir austan. Mættir voru Eiríkur og Rúnar að westan auk Ívars Harðkjarna, Scotts Kana (kúnna Ívars) og tveggja hafnfirskra þörupilta. Austurárdalur fékk flengingu á laugardeginum og var ein ný leið farin auk nokkurra endurtekninga eldri leiða. **Shred the Axe** er ný leið sem Eiríkur og Rúnar fóru langt til hægri í hvelfingu. Á sunnudeginum var litið við í Haukadal en þar var bæði takmarkað af ís og hiti ofan öryggismarka og því varð lítið úr klifri þann daginn.

Brattabrekka

Einu sinni enn til lukku (One more for luck) - WI3, 30m, 6. des. 2004, Ívar F. Finnbogason og Tom Gallagher. Fyrsta gilið þegar komið er norðuryfir Bröttubrekku. Leið númer 3 á hægri hönd. Stutt leið sem byrjar í bröttu kerti og endar í langri gras/snjó brekkur.

Upphitunar gil (Warm up gully) - WI2, 30 m, 6. des. 2004, Matt Tyler, Owen Samuel, David Steele. Fyrsta gilið þegar komið er niður af Bröttubrekku á norðurleið. Í þessu óþekktu gili er þetta fyrsta leiðin á hægri hönd þegar gengið er inn gilið. Stutt og þægileg leið sem endar í gras/snjó brekku. Þessi leið og aðrar leiðir á þessu svæði fara líklega á kaf í snjó þegar á liður veturinn.

Haukadalur

Eftir því sem næst verður komist voru tvær nýjar leiðir skráðar í Haukadal á tímabilinu 2003 – 2004. Þann 8. febrúar mættust stálin stinn þegar þeir Ívar



Austurárdalur. Myndin sýnir helstu leiðirnar í stóru hvelfingunni.

Jón Haukur Steingrímsson

Finnbogason og Jökull Bergman frumfóru leiðina **Hardcore vs. Skeletor**. Vísar nafnið eflaust til þétts holdafars hins fyrrnefnda og renglulegs vaxtarlags hins síðarnefnda. Leiðin er fremst í Skálagili, hægra megin við 240 mínútur. Leiðin hefst á hressilegum ískafla sem gráðaður var WI5+ og endar á 30 m langri klettaspönn af gráðunni M6. Ívar var svo aftur á ferðinni ári seinna ásamt þeim Einari Ísfeld og Torbirni Johansson. Þeir klifruðu 100 m langa leið í geisistóru íspili yst í Dalnum sem þeir nefndu „**Miki Refur**“ og gráðuðu WI4+.

Geldingafell

Vöðvaverkir (Heat Aches) - WI4, 20 m, 10. des. 2004. Owen Samuel, Matt Tyler, David Steele. Ekið er framhjá bænum Giljalandi sem er síðasti bærinn í Haukadal. Þegar komið er framhjá túnum þeirra er klettabelti fyrir ofan bæinn með fullt af stuttum íslinum. Stutt leið sem byrjar í bröttu kerti. Farið var upp hægra og stærra kertið.

Tommi Dávaldur (Tom the Hypnotist) - WI4, 20 m, 10. des. 2004. Ívar F. Finnbogason. Stutt en brött leið hægra megin við leiðina Vöðva verkir. Athugið að yfir þessari leið myndast stór hengja og því getur verið gáfulegt að síga niður.

Krem Kex - WI4+ til 5, 90 m, 9. des. 2004. Owen Samuel, Matt Tyler, David Steele. Akið inn á Hauka-

dalsheiði, innst inni í Haukadal. Yfir eina á og þá sjást leiðirnar sunnan í Geldingafelli. Í veggnum eru tvo stór íspil og þessi leið er vinstra megin í vinstra þilinu þar sem það nær alla leið upp.

Lukka Írans (The luck of the Irish) - WI5, 90 m, 9. des. 2004, Tom Gallagher og Ívar F. Finnbogason. Leiðin er hægra megin við Krem kex.

Bólaklettur

Ívar Freyr Finnbogason og Arnar Emilsson voru á ferðinni í Borgarfirði þann 12. janúar 2005. Klifruðu þeir á svæði norðanmegin í firðinum, skammt austan við Borgarfjarðarbrúna er nefnist Bólaklettur. Leiðin sem þeir klifruðu liggur í stromp vestast í klettinum og nefndu þeir leiðina **Gjöfin sem heldur áfram að gefa**. Samkvæmt lýsingu þeirra félaga er leiðin „öðrvísi en allt annað og ekki fyrir nema alvöru karlmenn þar sem bæði eistun hafa gengið niður“. Gráðuðu þeir þessa stáleistnaleið WI4+ M5 og er hún ca 130 m löng.

Ívar Hardcore, sem þá var og hét, var aftur á ferðinni í Bólakletti nokkrum vikum seinna, þann 27. febrúar. Í þetta sinn fylgdu honum þeir Haukur Elvar Hafsteinsson og Ástrali nokkur er Anthony nefnist. Klifruðu þeir þrjár leiðir í Bólanum.

Aussie Picking - WI4/4+, 40 m. Leiðin fylgir

tveimur mjóum og beinum línun sem liggja þétt hlið við hlið miðsvæðis í klettinum.

Bara ef mamma vissi - WI5+, 60 m. Leiðin liggur upp vatnsmesta fossinn lengst til hægri á svæðinu.

Ég heiti ekki Kiddi - WI5+/6+. Leiðin býrjar á bröttu klifri undir þaki og fylgir svo frihangandi kerti og hliðrun upp á brún.

Grundarfoss

Björgvin Hilmarsson og Skarphéðinn Halldórsson brugðu sér til Grundarfjarðar skömmu fyrir páska 2006. Þar klifruðu þeir meðal annars **Grundarfoss** sem ekki er vitað til að hafi verið farinn áður. Fossinn er rétt austan við bæinn, vel sjáanlegur frá þjóðveginn. Fossinn sjálfur er töluvert vatnsmikill og frýs ekki en mikill ýringur frá honum myndar gríðarlegt íspil á klettana næst fossinum. Leiðin sem þeir fóru var 50 m löng og af hógværd gráðuð WI4+.

Hestgil

Í byrjun febrúar 2003 fóru þeir Ívar Hardcore og Jökull Bergman tvær nýjar leiðir í Hestgili í Brynjudal.

Ivan grimmi - WI5+. Leiðin er í vestari hluta gilsins og byrjar undir stóru áberandi þaki við hliðina á sléttum og fallegum klettavegg. Klifrið hefst á nokkrum kertum upp í góðan ís og upp undir þakið. Undir þakinu er svo hliðrað til vinstri út á stórt kerti og klifrað á því upp á góðan stall. Eftir stallinn er klifrið auðvelt.

Pétur mikli - WI5. Leiðin er í vestari hluta gilsins og er næst síðasta línan áður en komið er að 3.gr. fossinum innst í gilinu. Áberandi íslína sem endar þegar um þriðjungur af veggnum er eftir. Hægt er að hliðra til vinstri yfir á þunna ís og klifra á honum upp á betri ís beint fyrir ofan upphaflegu línuna. Samfelld og skemmtileg leið.


NORÐURLAND

Ísklifur og fjallamennska

Svarfaðardalur

Þann 9. apríl 2004 fóru þeir Andri Bjarnason, Haraldur G og Stefán Örn nýja leið í Búrfellshyrnu í Svarfaðardal. Leiðin liggur upp miðgilið á N-fésinu, hægra megin við leiðina Ormapartý og er 750 m blanda af ís og mix klifri. Hún hlaut nafnið **Wanker's syndrome** eða **Rúnkara heilkennið**, fyrir þá sem ekki eru sleipir í enskunni. Gráðan er ekki af lakari endanum, III AI2, WI3, M4.

Haraldur Guðmundsson var aftur á ferðinni í Svarfaðardal tveimur árum seinna, um páska 2006, ásamt þeim Davy Virdee og Þorvaldi Gröndal. Aftur var stefnan sett á Búrfellshyrnu, að þessu sinni á leið sem liggur eftir miðju fésinu hægra megin við **Wanker's syndrome** og endar svo að segja á blátoppnum. Er leiðin nefnd í höfuðið á **Ósk Norðfjörð**, fyrirsætunni iðilfögru. Hver ástæða þess að Ósk þessi og sjálfsfróun eru Haraldur og félögum svo hugleikin á þessum slóðum skal ósagt látið. Leiðin er skreytt með gráðunni Difficile; III, AI2, WI4+ og er 800m löng. Í sömu




Grundarfoss við Grundarfjörð. Morsárfoss til hægri er líklega ófarinn Skarphéðinn Halldórsson

ferð fóru þeir Haraldur og Davy tvær nýjar leiðir í Stólnum í Skíðadal, fyrir ofan Mástaði. Uppfullir af heimsveldishroka nefndu þeir leiðirnar **You can take the Scotsman out of Scotland, but... og ...you can't take Scotland out of the climber!** Er þær gráðaðar WI3- og WI4-.

Tröllaskagi

Í ágúst 2003 varð Þorvaldur Þórsson (Olli) fyrstur til að ganga hinn s.k. Glerárdalshring í einum rykk en hringurinn þræðir alla tinda umhverfis Glerárdal ofan Akureyrar. Leiðin er um 48 km á 27 tinda með samtals um 4.000 m hækkun. Var þjarkurinn einn á ferð og tók ferðin tæpa 18 tíma. Í júlí 2005 stóð síðan athafnamaðurinn Ragnar Sverrisson á Akureyri fyrir hópreið á Glerárdalinn í samvinnu við björgunarsveitina Súlur. Var fyrsti maður tæpa 19 tíma á leiðinni en alls reyndu 42 göngumenn þrek sitt gegn Dalnum þó ekki hafi allir komist alla leið. Er viðburðurinn orðinn að árlegri upþákomu með fjölda þátttakenda alls staðar að af landinu.

Olli fór í enn meiri þrekvirkistúr um Tröllaskagann árið 2005. Fylgdi hann sýslumörkum Skagafjarðar og Eyjafjarðar frá S til N í samfloti við Árna Tryggva-



N-fés Búrfellshyrnu í Svarfaðardal.

Haraldur Guðmundsson

son, sem varð frá að hverfa eftir 2/3 leiðarinnar vegna eymsla. Var þetta önnur atlaða Olla við þessa leið en hann varð að lúta í lægra haldi fyrir Tröllunum árið áður. Allt í allt voru 90km gengnir á 39 tímum með samtals um 6.000 m hækkun. Sjá nánar í grein Olla um ferðina á síðum blaðsins.

SUÐVESTURLAND

Ísklifur og fjallamennska

Eilífsdalur

Það munaði litlu að illa færi þegar Andri Bjarnason og Ívar Finnbogason voru á ferð í Pílinu í desember 2003. Andri leiddi seinustu spönnina uppá brún og þegar Ívar var að klifra upp til hans hrundi undan honum frihangandi kerti. Ívar náði að koma sér á syllu og með farsíma náði hann að gera Andra grein fyrir hvað var að gerast, en ekki var kallfært á milli þeirra m.a. vegna hvassviðris uppá brún. Andri seig niður til Ívars sem reyndist vera lítillega skorinn á læri og sigu þeir niður leiðina án vandræða. Það má segja að það hafi verið þeim til happs að á leið upp síðustu spönnina tryggði Andri ekki í kertið sem hrundi. Af þessu ættu menn að

draga þann lærdóm að taka með sér farsíma á fjöll og tryggja aldrei í frihangandi kerti.

Marðarárgil í Fljótshlíð

Freyr Ingi, Skarphéðinn H, Sveinn Friðrik og Sigurður Tómas gerðu sér glaðan dag í byrjun desember 2006 í Marðarárgili í Fljótshlíð, sem er rétt vestan Tindfjallaslóðans. Fer tvennum sögum af hvað hefur verið klifrað þar í fyrri tíð. Klifruðu drengirnir þrjár „nýjar“ leiðir og er efni í fjölmargar fleiri á svæðinu, þmt. mjög erfiðar mixleiðir í risa slútti sem endar í gríðarvöxnum „daggerum“. Gráðurnar eru gefnar með fyrirvara og líklega eru leiðirnar léttari í feitari ís.

Góðborgari með osti (Royale with Cheese) - WI5-, 20 m. Sigurður og Sveinn. Leiðin liggur hægra megin í vestasta fossinum í gílinu.

Skapareiddin (Pussywagon) - WI5-, 30 m. Freyr og Skarphéðinn. Næsti stóri foss austan við Góðborgarann. Byrjar á slabbi en þrengist svo smám saman og verður brattari.

Brellur eru fyrir börn (Trix are for Kids) - WI4+, 40m. Sigurður, Skarphéðinn og Freyr. Leiðin ligg-



Marðarargil í Fljótshlíð.

Sigurður Tómas Þórisson

ur upp stóra slabbið fyrir miðju giliu og endar í síðustu klakabunkunum neðan klettanna.

SUÐAUSTURLAND

Ísklifur og fjallamennska

Öræfi

Einar Rúnar Sigurðsson er án nokkurs vafa ókrýndur konungur ísklifurs í Öræfum og víðar á Suð-Austurlandi. Ár hvert setur hann upp fjölda nýrra ísklifurleiða á svæðinu ásamt innlendum og erlendum klifrurum.

Lake District - WI3-4, 50 m. Susan Whitaker og Einar. Febrúar 2004. Leiðin liggur fyrir ofan Stöðuvatn við bæinn Kvísker í Öræfum. Falleg leið sem skiptist í þrjú miserfið höft. Leiðin er í skugga þannig að hún kemur fyrir á aðstæður en aðrar leiðir í grenndinni og heldur sér jafnan lengur.

Naomi's Toil - WI3, 65 m. Naomi Conlan, Richard Edkins og Einar. Nóvember 2006. Í Bæjargili við Kvísker. Leiðin byrjar á stuttu íshafti, svo brölt í gegnum skógi vaxið gil og loks veglegasti hluti leiðarinnar, 20m ísslab. Leiðin endar svo á tor-kennilegum hreyfingum í ís, grjóti og mosa.

The Intimidation Game (a.k.a. Batman 5) - WI3, 27 m. Susan Whitaker, Mark Quarrington, Quentin Davies og Einar. Febrúar 2004. Fyrsta ísleiðin sem gengið er fram á ef malbikaða stígnum er fylgt frá þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli í átt að Skaftafellsjökli. Þægileg leið sem er ein fárra íslenskra leiða hvar hægt er að síga niður af tré.

Beta - WI3+, 90 m. Bjarki Kárason og Einar. Janúar 2005. Leiðin er 100-200m hægra megin við leiðina The Intimidation Game. Stór flatur steinn sem má nota fyrir borð er fyrir neðan leiðina. Leiðin er tvær spannir þar sem skiptast á höft og léttari kaflar á milli.

The Birthday Pillar - WI3+, 12 m. Peter Martin-ek og Einar. Janúar 2005. Stutt en feitt ískerti um 100 m vestan við leiðina Adams Family á Hnappavöllum.

Rúnariús e Rúnariús - WI3, 35 m. Rúnar Sigurðsson og Einar. Apríl 2006. Leiðin er í efstu klettunum í 1.200 m hæð austanmegin í Sandfellinu, gengið upp Kotárjökul. Leiðin er c.a. 60 m vinstra megin við Sólarsömbu, liggur skáhallt upp til vinstri. Fyrsti hlutinn er brattastur, 10 m, svo kemur brött snjóbrekka upp að efri hluta leiðarinnar og loks stutt bratt haft.

Öræfajökull

Stefán Örn og Freyr Ingi voru iðnir við kolann í austanverðum Öræfajöklinum árin 2005-'06. Fóru þeir á Heljargnýpu og Þurðartind ásamt Sveini Friðriki og Hermanní Sigurðssyni í maí 2005 og um páska 2006 fóru þeir tveir á Antafallstind og Káratind. Er ár og dagur síðan fjallamenn hafa heimsótt þessa tinda og er ánægjulegt að sjá að þeir eru ekki alveg gleymdir.



Freyr Ingi á hnífsegg ofarlega á fési Antafjallstinds

Stefán Örn Kristjánsson

Fjarðarheiði í Lóni

Kaldamús - WI4-, 50 m. Bjarki Kárasón, Matt-hildur Unnur Þorsteinsdóttir og Einar. Janúar 2005. Þetta er fyrsta íslænan sem sést þegar ekið er inn í Lónssveit. Leiðin er í gili í hliðum Fjarðarheiðar, þar sem þjóðvegurinn byrjar að fylgja rótum fjallsins og tekur um 10 mín að ganga að henni. Leiðin var klifin í þremur spönnum þar sem seinasta spönnin liggur upp 30 m langa snjóbrekku í stórri hvilft í gili. Upp úr þessari hvilft var klifið 20 m hátt íshaft og komið upp í efstu hvilftina í gili.

Rúsínan í enda leiðarinnar - WI4, 80 m. Bjarki Kárasón og Einar. Nóvember 2006. Leiðin er neðarlega í hliðum Fjarðarheiðar, þar sem þjóðvegurinn byrjar að fylgja rótum fjallsins (Fjarðarheiði) ca. 200 m vinstra megin við Kaldamús. Leiðin er í nokkrum stöllum og var efsti stallurinn í aðal leiðinni hæstur og brattastur.

Efri Bergárfoss allur - WI4, 90 m. Bjarki Kárasón og Einar. Apríl 2006. Efri fossinn í Bergá í Bergárdal í Hornafirði. Fossinn sést vel úr Nesjahverfinu, en ekki neðan frá Höfn. Hann hefur verið viðfangsefni á fjallamennskunámskeiðum, en aldrei skráður, og aldrei klifraður allur þar sem hann er brattastur.

Þverártindsegg

Þann 3. maí 2003 var austurveggurinn á Þverártindsegg klifinn í fyrsta sinn af Ívari Frey Finnogasyni

og Einari Öræfingi. Leiðin liggur upp miðjan austurvegginn þar sem egginn rís hæst. Leiðin er um 400 m að lengd og fær gráðuna WI5+. Nánari lýsingu á leiðinni er að finna í grein Einars frammar í blaðinu.

Hrútsfjallstindar

Ísalp stóð fyrir fjölmennri epískri hópferð á Hrútsfjallstinda í maí 2005. Ferðin upp gekk hægt en örugglega og tók um 15 tíma í bongóblíðu. Leiðin niður Hafrafellið vakti ekki alveg jafn mikla lukku og tók um 14 tíma í svartapöku og voru menn að vonum orðnir slæptir eftir vel rúmlega sólarhrings útgærd á fjallinu.

SUÐVESTURLAND

Klettaklifur

Valshamar

Eins og kom fram í síðasta ársriti hefur töluvert verið endurboltað í Valshamri. Hamarinn er mikið sóttur og á sumarkvöldum er þar oft samankominn allnokkur fjöldi af klifrurum, allt frá byrjendum til mosagróinna reynslubolta. Nokkrar nýjar leiðir bættust í safnið.

Glóinn, 5.8, 12 m. Jón Haukur Steingrímsson, maí 2003. Leiðin liggur upp stuðulinn vinstra megin við Eilíf.

Tjakkurinn, 5.7, 16 m. Freyr Ingi og Hermann Sigurðsson, maí 2006. Vestan í hamrinum, hægra megin við Grettistak. Byrjar í áberandi sári í klettinum og þræðir slabið vinstra megin við drulluga sprungu.

Grettistak, 5.6, 16 m. Freyr og Hermann, maí 2006. Vestan í hamrinum, vinstra megin við Grettistak. Leiðin liggur hægra megin á áberandi horni.

Tvær leiðir voru boltaðar milli Grettistaks og Kristjáns X en upplýsingar vantar um nöfn og gráðu á þær.

Kristján X, 5.4, 8 m. Hjalti Rafn og Kristín Martha, júní 2004. Leiðin liggur upp stuðul nyrst í hamrinum. Leiðin er þétt boltuð og góð byrjenda-leið með skemmtilegum hreyfingum.

Annars er löngu kominn tími á endurbættan leiðarvísi fyrir Valshamar og væri gaman að hann kæmist í vinnslu í vetur.

Stardalur

Mæting í Stardal hefur verið upp og ofan síðustu ár og hefur verið heldur döpur nýliðun í röðum



Valdimar Björnsson í *Metrosexual (5.12c/d)* í Gimflakletti á Hnappavöllum. Kíartan brósi sinnir snærinu

Jón Viðar Sigurðsson

dótaklifrara þó einn og einn bætist í hópinn. Leiðarvísirinn hefur verið endurnýjaður og er svæðið því orðið mun aðgengilegra en áður enda vantaði mýmargar leiðir í gamli leiðarvísinn frá 1988. Hægt er að finna slóð á leiðarvísinn á heimasíðu klúbbsins. Er vonandi að áhugi á Dalnum glæðist á ný því svæðið er frábært og aðeins um 20 mín akstur frá borginni.

Ívar Finnbogason og Arnar Emilsson fóru nýja leið vestan við Scotts leið í Vesturhömrum. Hlaut leiðin nafnið *Mamma þín er vestan við Scotts leið* og gráðast 5.8. Leiðin liggur upp skemmtilegan vegg þar sem tryggt er í hinar ýmsu sprungur og huggulegheit. Þóttu tryggingarmálin all snúin án þess að leiðin sé beinlínis tortryggð.

Mikil umræða var um hvort bolta ætti leiðir eða akkeri í Stardal og var haldinn hitafundur hjá klúbbnum um málið. Niðurstaðan var sú að halda boltum alfarið frá Stardal. Lagt var til að menn fengju í staðinn útrás fyrir borvélarnar í Stifamtinu (vestari hnjúknum). Voru þrjár leiðir boltaðar í „Ömtinni“ sumarið 2006.

Guðlast, 5.7-5.9, 20 m. Hrappur og Rafn Emils. Leiðin er í suðurhluta Amtarinnar og er 5.7 ef stigið er í stuðulinn vinstra megin en 5.9 ef eingöngu er klifrað á fésinu.

Dólerít, 5.9, 18 m. Hallgrímur Örn Arngrímsson. Leiðin er fyrir miðju svæðinu og byrjar upp áberandi sprungu en liggur síðan utan á stuðlinum til vinstri.

Boltabullur, 5.8-5.9, 20 m. Ólafur Ragnar Helgason og Haukur Hafsteinsson. Hægra megin við Guðlast, aðeins laus í byrjun en batnar hjá litlu þaki. Léttara afbrigðið er vinstra megin í henni.

VESTURLAND

Klettaklifur

Lóndrangi

Vorið 2003 fóru leiðbeinendur og þátttakendur á námskeiðinu Fjallamennska III hjá Björgunarskólanum nýja leið á vestanverðum Lóndranga. Leiðin er þrjár spannar og liggur sú fyrsta upp skarð vestast í Dranganum. Seinni tvær spannar fylgja síðan beint upp af hinn fyrstu.

Gerðuberg

Aðsókn í Gerðuberg hefur verið upp og ofan síðustu ár en þó hefur dyggur aðdáendaklúbbur svæðisins mætt í sínar skylduheimsóknir annað veifið. Svæðið hefur að einhverju leyti liðið fyrir að aldrei hefur verið til leiðarvísir fyrir það en einnig hafa sprækir

sprungufíklar verið heldur fámennir í seinni tíð.

Að öðrum ólöstuðum hafa Sigurður Tómas og Róbert verið iðnir við að mæta í Bergið og paufast við að klifra, hreinsa, skrásetja og gráða leiðir, því lítið er til af heimildum um áður klifraðar leiðir. Afraksturinn er leiðarvísir fyrir svæðið með 24 skráðum leiðum og er hann að finna frammar í ritinu. Er vonandi að þessi leiðarvísir verði til að fleiri heimsæki þetta frábæra sprunguklifursvæði.

VESTFIRÐIR

Klettaklifur

Norðurfjörður

Í Norðurfirði á Ströndum eru miklir klettur þar sem Stefán Smárasón hefur boltað þrjár leiðir. Ljóst er að svæðið býður upp á mikla möuleika fyrir fleiri leiðir þó bergið sé ekki alveg jafn gott og á Hnappavöllum. Nánari lýsing á svæðinu biður betri tíma.

Bjarnarfjörður

Í Bjarnarfirði á Ströndum fannst nýlega frábært grjótblímusvæði. Myndir og nánari lýsingu af svæðinu er að finna í grein Hjalta Rafns frammar í blaðinu.

NORÐURLAND

Klettaklifur

Munkaþverá

Nokkrar fyrrum dótaleiðir voru boltaðar í Munkanum sumarið 2003: *Sófus* (5.8) og *Stóru mistökin* (5.9) og bættust fleiri í safnið árið 2005: *Undir brúnni* (5.9), *UV* (5.7) og *Bókin/Talía* (5.7/8). Svæðið er því orðið mun notendavænna því fram að því höfðu einungis leiðir yfir 5.10 verið boltaðar. Jökull B boltaði síðan nýja leið sumarið 2006 á stuðlinum milli UV og Dóna. Heitir hún *Stuð fyrir stutta*, er gráðuð 5.9 og býður m.a. upp á stökkhreyfingu og aðra hamingju. Sjá nýjan leiðarvísi að svæðinu frammar í blaðinu.

Svarfaðardalur

Það sætir tíðindum að leiðin Kerlingareldur í Svarfaðardal fékk tvær heimsóknir sumarið 2003, en leiðin hafði fram að því ekki verið endurtekin frá því hún var frumfarin sumarið 1997. Það er ekki ofsagt að leiðin er einhver fallegasta og hrikalegasta fjölspanna klettaklifurleið á landinu en hún er engu að síður varasöm vegna þess að á köflum er hún nokkuð laus. Ekki mátti miklu muna að illa færi þegar annar hópurinn var þar á ferð, en grjóthnullungur á stærð við amerískan kælskáp

hrundi undan einum klifraranna sem slapp naumlega með skrekkin. Annar hópurinn samanstóð af Andra Bjarnasyni, Ólafi Ragnari Helgasyni og Eyþóri Jónssyni en í hinum heimafélkið Jökull B og Sunna spúsa hans ásamt fransmanninum Gregory.

Sögusagnir voru um nokkrar nokkrar tilraunir við Eldinn næstu árin en það var ekki fyrr en í júlí 2006, sem næsti hópur komst alla leið, en þar voru á ferð Sigurður Tómas, Björgvin H og Skarphéðinn H. Jökull skelti sér svo í sína þriðju uppferð (og þá fimmtu frá upphafi) í ágúst sama sumar ásamt Sigurði Svarfðælingi.

Skíðadalur

Jökull hefur mundað borvélina lítillaga í Þverárgili í Skíðadal, fyrir ofan bæinn Másstaði. Eithvað hafa menn verið að dola við bæði kletta- og mixklifur í gílinu og býður svæðið upp á prýðis klifur þó ekki sé það alveg jafn gott og í Munkanum. Gæti slatti leiða lítið dagsins ljós ef farið yrði markvisst í þróun á svæðinu.

Vatnsdalur

Jökull setti upp nýja leið í Skinnhúfuklettum í Vatnsdal og heitir hún Erfiðasta 5.5 í heimi og gráðast u.þ.b. 5.9. Leiðin er staðsett við hliðina á Steinbarni í suðurhluta klettanna og er sérdeilis prýðilegt stykki.

AUSTURLAND

Klettaklifur

Kárahnjúkar

Í júlí 2006 gerðu þeir Björgvin Hilmarsson og Skarphéðinn Halldórsson sér ferð um fyrirhugað lónsstaði Háslóns í Vestur-Öræfum. Í tilkomumiklu stuðlabergspili klifruðu þeir félagar fjórar leiðir við dynjandi undirspil Jöklu. Það verður líklega langt í að þessar leiðir verði endurteknar, því skömmu síðar var tappinn settur í Kárahnjúkavirkjun, klettarnir fóru á kaf og Jökla þagnaði um ókomna tíð. Leiðirnar gráðast að lágmarki 5.15a enda engin leið að véfengja það :)

Reyðarfjörður

Í klettabelti fyrir ofan Reyðarfjörð klifruðu þeir Skarphéðinn og Björgvin einnig tvær leiðir. Á þessum slóðum má líklega útbúa nokkrar sémilegar leiðir ef e-r nennir að skrölta alla leið á Reyðarfjörð með borinn.

SUÐAUSTURLAND

Klettaklifur

Hnappavellir

Aðsókn að Hnappavöllum tók að glæðast á ný árin 2005- '06 eftir eitthvað rýrari ár 2003- '04 (ástæðan líklega kynslóðaskipti). Kamarinn sprakk í vetrarbyl og var nýr smíðaður jafnharðan. Klifurlortar fylltu kamarholuna á nokkrum árum og var hann því fluttur á nýjan stað sumarið 2006 með hjálp skófluglaðra veggjalúsa. Nýtt borð var sett upp sumarið 2006 þannig að aðstaðan er hin glæsilegasta. Klifurfélag Reykjavíkur tekur við frjálsum framlögum í kamarsjóð og hefur skapast sú hefð að menn borgi 500 ríkisdali á sumri til að viðhalda tréverkinu á staðnum.

Í Salthöfða og Gimlakletti voru settar upp nokkrar leiðir sumrin 2005-2006 eftir að í ljós kom að meint friðun á svæðinu náði aðeins til grjótnáms en ekki landnáms klifrara. Einnig fjölgaði leiðum á öðrum svæðum Hnappavalla auk þess sem haldið var áfram við endurboltuð eldri leiða og endurnýjun á toppakkerum.

Meðal helstu afreka var að í ágúst 2003 rauðpunkttaði Valdimar Björnsson Sláturhúsið (5.13b, 8a) í Vatnsbólínu og var þar með þriðji landinn til að salta 8a (á eftir Bjössa Bald og Hjalta Rafni).

Skjól/Fagurhólmsmýri

Endajaxlafélagið, 5.10c. Hrappur Magnússon sumar 2005. Milli leiðanna Laupur og Jaxlamanna-



félagið. Leiðin er létt yfirhangandi á risastórum tókum.

Salthöfði

Hin formlegu, 7a+. Hjalti og Kristín Martha sumar 2005. Sunnan megin á áberandi nefi Fantasiu-megin (N-megin) við mýrina. Ekki svo skemmtileg sprunga sem leiðir upp í lykilhreyfingu dauðans sem er brjáluð teygja. Langar dæmigerðar Hnappa-hreyfingar. Vonbrigði.

Ég tvista til að gleyma, 7a. Hjalti og Kristín sumar 2005. Nyrsta leiðin sunnan við mýrina, liggur beint upp létt yfirhangandi vegg og lýkur með fagnaðarlátum.

Tantra, 5.10b. Ólafur Ragnar sumar 2006. Leiðin liggur fyrir miðjum klettinum þar sem hann er hvað hæstur. Létt yfirhangandi í byrjun og fylgir áberandi sprungu fyrir miðjum veggnum fyrsta kaflann. Jöfn og góð með smá krúxi í lokin.

Flassi rassi, 5.10c. Næsta leið hægra megin við Tantra.

Kúkur kúkur kúkur, 7a+. Hjalti og Kristín sumar 2005.

Rotato cuff, 6c. Hjalti og Kristín sumar 2005. Endar í sama akkeri og Muy bien mujer. Bella.

Muy bien mujer, 6a. Hjalti og Kristín sumar 2005. Fyrsta leiðin sem komið er að sunnanfrá. Skemmtilegt klifur á góðum tókum.

Saltstöngull, 5.9. Stefán Smáráson 2005/6. Sunnan í Salthöfða, rétt áður en slóðinn endar hjá ánni.

Gimlaklettur

Metrosexual, 5.12c/d. Stefán Smáráson og Valdimar Björnsson sumar 2005. 27 m glæsileg lína upp einn hæsta vegg Gimlakletts.

Verið er að vinna í nokkrum fleiri leiðum í erfiðari kantinum í Gimlakletti.

Miðskjól/tjaldstæði

Ert ekki að kida mig, 5.12a. Björn Baldursson, maí 2004. Leiðin er milli Litlu yfirsjónarinnar og Flægæ. Byrjar í slútti með hvössum flögum.

Hamskipti, 5.12c/d. Hrappur Magnússon. Vinstra megin við Tívolí og Skúmaskot. Byrjar á stökkhreyfingu upp lítið slútt, þaðan á tæpum gripum með hæl- og tákrókum. Léttist eftir miðja leið.

Sigurður, Skarphéðinn og Björgvin vígreifir eftir ævintýraklifur í Kerlingareldinum í júlí 2006

Löngu er kominn tími á að uppfæra leiðarvísinn að Völlunum og auglýsir ritnefnd eftir sjálfboðaliðum í það verk. Gaman væri að koma slíku verki í næsta ársrit. Í millitíðinni er hægt að glugga í uppfærðan leiðarvísi í Klifurhúsinu.

Vestrahorn

Hrappur og Rafn Emils fóru fjölda ferða í Vestrahorn til að bolta fjölspannaleið á slóðum Ódysseifs. Úr varð leiðin **Saugat Satans**, sem er 130 m löng í sex boltuðum spönnum í þokkalegasta grjóti. Leiðin gráðast 5.10b en sú gráða er eingöngu til viðmiðunar. Leiðin er nokkuð alvarleg enda langt til jarðar og allt að 4-5 m á milli bolta. Sjá nánar leiðarlýsingu Hrapps framar í blaðinu.

Róbert H, Stefán Örn og Ólafur Ragnar fóru aðra ferðina í Saugatið sumarið 2005. Það heyrir enn fremur til tíðinda að sama dag fékk Ódysseifur heimsókn frá Ágústi Þór, Gísla Símonarsyni og Gunnari Magnússyni en urðu þeir frá að hverfa í neðri spönnunum.

Róbert leitaði svo aftur í bakrauf Lúsifers sumarið 2006 ásamt Sigurði Tómasi.

KEPPNIR

Norðurlandamót

Á Norðurlandamótinu í Osló 2003 lenti Björn Baldursson í 12. sæti og Hallgrímur Arngrímsson í 14. sæti.

Á Norðurlandamótinu í Stokkhómi 2005 lenti Valdimar Björnsson í 18. sæti. Með í för var Stefán Smárasón til að róa drenginn.

Kristján Björnsson og Hjalti Andrés tóku þátt í norðurlandamóti ungmenna haustið 2006. Kristján deildi 1. sæti með Danablók í flokki '91-'93 árgærða en Hjalti lenti í 3. sæti í flokki '87-'88 móðela, en í þeim flokki sigraði rauðhærða norska klifurtrölilið Magnus Midtbö (heimsmeistari unglunga og norðurlandameistari fullorðinna í leiðsluklifri).

Norðurlandamót í leiðsluklifri var haldið í Jönsu í Finnlandi haustið 2006. Elmar, Valdimar og Hjalti Rafn tóku þátt undir liðsstjórn reynsluboltans Árna Mús. Röðuðu þeir sér í 16.-18. sæti og er það glæsilegur árangur. Norðmennirnir Linn Karin Stendal og Magnus Midtbö sigruðu á mótinu.

Langt er liðið síðan síðasta leiðsluklifurmót var haldið. Ritnefnd auglýsir hér með eftir Íslandsmóti í leiðsluklifri og í leiðinni eftir brúklægum leiðsluvegg fyrir almenning.

Purrtólun

Nokkrir félagar í HSSR buðu til óformlegs þurrtólumóts í klifurvegg sveitarinnar í febrúar 2006. Mættu um 15 manns með járn í hönd og gúmmí á il og þó nokkrir í viðbót til að fylgjast með. Verður skoðað hvort stemmari er fyrir öðru móti með haustinu.

Íslandsmót í grjótblímu

Klifurhúsið hélt Íslandsmót í grjótblímu veturna 2003 - 2006 og voru úrslit eftirfarandi.

2003 - 2004

Karlar 16 ára og eldri:

1. sæti Kjartan B. Björnsson
2. sæti Stefán S. Smárasón
3. sæti Hallgrímur Arngrímsson

Konur 16 ára og eldri:

1. sæti Unnur Bryndís Guðmunds.
2. sæti Sjöfn Jónsdóttir

Strákar 15 ára og yngri:

1. sæti Hjalti Andrés Sigurbjörnss.
2. sæti Kristján Þór Björnsson
3. sæti Elmar Orri Gunnarsson

2004 - 2005

Karlar 16 ára og eldri:

1. sæti Björn Baldursson
2. sæti Kjartan B. Björnsson
3. sæti Sigvaldi Örn Gústavsson

Konur 16 ára og eldri:

1. sæti Ása Sóley Svavarsdóttir

Strákar 15 ára og yngri:

1. sæti Kristján Þór Björnsson
2. sæti Eypór Konráðsson
3. sæti Halldór Fannberg Sveinsson

Karlar 40 ára og eldri:

1. sæti Þorvaldur V. Þórsson

2005 - 2006

Konur 16 ára og eldri:

1. sæti Valdimar Björnsson
2. sæti Kjartan Björn Björnsson
3. sæti Kristján Þór Björnsson

Konur 16 ára og eldri:

1. sæti Ása Sóley Svavarsdóttir
2. sæti Sjöfn Jónsdóttir
3. sæti Stefanía R. Ragnarsdóttir

Strákar 15 ára og yngri

1. sæti Eypór Konráðsson
2. sæti Halldór Fannberg
3. sæti Eymar Andri Birgisson

Stelpur 15 ára og yngri

1. sæti Edda Björk Ágústs dóttir

Haust 2007